Reglugerð þessi gildir um aðgerðir gegn einelti á vinnustað sem lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, gilda um. Markmiðið með þessari reglugerð er að innan vinnustaða verði stuðlað að forvörnum og aðgerðum gegn einelti á vinnustöðum.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **4. gr.**<br>**Almennt ákvæði** | Atvinnurekandi skal skipuleggja vinnu þannig að dregið sé úr hættu á að þær aðstæður skapist í vinnuumhverfi sem leitt geti til eineltis eða annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi.<br><br>Atvinnurekandi skal gera starfsfólki það ljóst að einelti og önnur ótilhlýðileg háttsemi er óheimil á vinnustað.<br><br>Atvinnurekanda ber skylda til að láta slíka háttsemi á vinnustað ekki viðgangast og skal hann leitast við að koma í veg fyrir ótilhlýðilega háttsemi sem hann fær vitneskju um, í samráði við vinnuverndarfulltrúa á vinnustaðnum þegar við á. | **Öll störf** – einelti á vinnustöðum. |
| **5. gr.**<br>**Áhættumat og forvarnir** | Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem felur í sér almennt áhættumat og áætlun um forvarnir.<br><br>Við gerð áhættumatsins skal meðal annars meta aðstæður í vinnuumhverfinu sem geta leitt til eineltis. Grípa skal til viðeigandi aðgerða í samræmi við niðurstöður áhættumatsins til að draga úr eða koma í veg fyrir að slíkar aðstæður komi upp á vinnustaðnum.<br><br>Atvinnurekandinn skal hafa samráð við vinnuverndarfulltrúa við gerð áhættumatsog áætlun um forvarnir. | **Öll störf** – einelti á vinnustöðum. |
| **6. gr.**<br>**Tilkynningaskylda starfsmanns** | Starfsmaður sem hefur orðið fyrir eða hefur vitneskju um einelti á vinnustað skal upplýsa atvinnurekanda eða vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins um það. Skal starfsmaðurinn vera reiðubúinn að skýra mál sitt nánar ef ástæða þykir til. | **Öll störf** – einelti á vinnustöðum. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **7. gr.**<br>**Viðbrögð atvinnurekanda** | Atvinnurekandi skal bregðast við eins fljótt og kostur er komi fram ábending eða kvörtun um einelti á vinnustað. Hið sama gildir þegar rökstuddur grunur er um að einelti eða önnur ótilhlýðileg háttsemi í garð starfsmanna eða stjórnenda eigi sér stað innan vinnustaðarins.<br><br>Meta skal aðstæður í samvinnu við vinnuverndarfulltrúa vinnustaðarins, utanaðkomandi ráðgjafa, ef með þarf, og aðra er málið varðar.<br><br>Atvinnurekandi skal grípa til viðeigandi ráðstafana og fylgja því eftir að einelti endurtaki sig ekki á vinnustaðnum. | **Öll störf** – einelti á vinnustöðum |

Reglugerð þessi gildir um hverskonar starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun frá efnum og lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um.
Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna sem vinna með efni eða verða fyrir mengun frá þeim.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **4. gr.**<br>**Áhættumat** | Þegar líkur eru á að starfsemi hafi í för með sér áhættu vegna varasams efnis skal atvinnurekandi meta eða láta meta eðli ástandsins, stærðargráðu mengunar, áhrif einstakra efna og heildaráhrif þeirra og hve lengi starfsmenn verða fyrir mengun, til að unnt sé að meta hverskonar hættu heilsu og öryggi starfsmanna sé búin. Í samræmi við þetta skal atvinnurekandi ákvarða til hvaða ráðstafana skuli grípa. Í greininni eru þær upplýsingar sem slíkt áhættumat skal byggja á tilteknar, hvaða þættir skuli hafðir til hliðsjónar við matið og mat á samanlagðri áhættu margra efna.<br><br>Atvinnurekandi skal halda skrá um þær forvarnir og aðrar sértækar ráðstafanir og endurskoða það reglulega, einkum ef verulegar breytinga verða á starfsemi í tengslum við efni eða niðurstöður heilsuverndar starfsmanna sýna að slíkt sé nauðsynlegt. Telji atvinnurekandi ekki líkur á áhættu vegna efna skal hann færa rök fyrir því í almennu áhættumati fyrirtækis eða stofnunar.<br><br>Nýtt starf sem tengist varasömu efni skal ekki hefjast fyrr en að loknu áhættumati og framkvæmd nauðsynlegra forvarnaráðstafana.<br><br>Ákvæði 7., 8. og 12. gr. reglugerðar þessarar gilda ekki þegar niðurstaða áhættumats gefur til kynna að sú mengun eða hugsanleg mengun sem stafar frá efnum hefur litla áhættu í för með sér fyrir heilsu starfsmanna og forvarnir skv. 5. gr. eru nægjanlegar til að draga úr þeirri áhættu. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (bruna- og sprengihætta, loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |
| **5. gr.**<br>**Forvarnir** | Atvinnurekandi skal grípa til nauðsynlegra forvarna til að sjá til þess að komið sé í veg fyrir mengun af völdum varasamra efna eins og kostur er. Í reglugerðinni er talið upp hvaða ráðstafanir atvinnurekandi skal grípa til í þessum tilgangi.<br><br>Enn fremur skal atvinnurekandi sjá til þess að verklagsreglur fyrir hvert einstakt varasamt efni séu fyrir hendi á vinnustað. Í reglugerðinni er tiltekið nánar hvaða upplýsingar skuli liggja fyrir um hvert efni.<br><br>Fjallað er um geymsluaðstöðu fyrir varasöm efni, aðbúnað og loftræstingu, afgirðingu á geymum, og frágang varasamra efna þegar fyrirtæki eru lögð niður. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br>**Stál og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði).<br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (bruna- og sprengihætta, loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **6. gr.**<br>**Meðhöndlun umbúða og merkingar** | Efni sem stofna eða geta stofnað heilsu og öryggi starfsmanna í hættu skulu vera í tryggum umbúðum á vinnustöðum. Í greininni eru sett skilyrði um gerð þessara umbúða.<br><br>Fjallað er um umbúðir aðrar en upprunalegar umbúðir, geymslu þeirra og merkingu.<br><br>Fjallað er um merkingu, flokkun og meðferð fastra og færanlegra geyma sem innihalda varasöm efni á vinnustöðum.<br><br>Fjallað er um merkingu leiðsla fyrir varasamar lofttegundir og vökva á vinnustöðum. Einnig er fjallað um aftöppun varasamra efna af leiðslum og geymum. | **Vinnusvæði** – geymslur fyrir hættuleg efni<br><br>**Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (bruna- og sprengihætta, loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |
| **7. gr.**<br>**Ráðstafanir vegna mengunar** | Þegar áhættumat skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir mengun.<br><br>Fjallað er um skyldur atvinnurekanda við að lágmarka notkun varasamra efna og, sé það ekki er tæknilega unnt, að koma í veg fyrir hættu á mengun. Í greininni eru taldar upp hvaða ráðstafanir skal grípa til.<br><br>Hafi atvinnurekandi ekki sýnt fram á það með öðrum matsaðferðum að forvarnir og aðrar ráðstafanir vegna mengunar séu viðunandi skal hann reglulega gera nauðsynlegar mælingar á mengun. Hið sama gildir er breytingar hafa orðið á aðstæðum sem kunna að hafa áhrif á mengun innan vinnustaðar.<br><br>Gefi niðurstöður mælinga til kynna að mengun sé yfir mengunarmörkum í starfi skal atvinnurekandi grípa til viðeigandi ráðstafana vegna mengunar án ástæðulauss dráttar.<br><br>Atvinnurekandi skal hagræða starfseminni og gera nauðsynlegar tæknilegar ráðstafanir að teknu tilliti til eðlis starfseminnar og áhættumats til að koma megi í veg fyrir hættu vegna eðlisefnafræðilegra eiginleika efna. Í þeim tilgangi skal hann beita ráðstöfunum sem tilgreindar eru í greininni.<br><br>Vinnutæki og öryggiskerfi skulu uppfylla viðeigandi reglur um hönnun, framleiðslu og afhendingu að því er varðar heilsu og öryggi starfsmanna.<br><br>Atvinnurekandi skal tryggja fullnægjandi eftirlit með tækjum, vélum og öðrum búnaði eða láta í té búnað til að kæfa áhrif sprenginga eða gera ráðstafanir vegna sprengiþrýstings. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (bruna- og sprengihætta, loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **8. gr.**<br>**Ráðstafanir vegna slysa eða óhappa** | Þegar áhættumat gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi sjá til þess að skriflegar leiðbeiningar liggi frammi á vinnustaðnum ásamt því að kynna starfsmönnum efni þeirra. Í leiðbeiningunum skal koma fram áætlun um starfshætti varðandi slys eða óhöpp í tengslum við varasöm efni, fjalla um viðeigandi öryggisæfingar sem skulu fara reglulega fram og aðstöðu til að veita skyndihjálp.<br><br>Fjallað er um tilkynningaskyldu starfsmanna gagnvart verkstjóra, öryggisverði eða öryggistrúnaðarmanni og upplýsingaskyldu atvinnurekanda gagnvart starfsmönnum eða fulltrúa þeirra.<br><br>Fjallað er um takmörkun aðgangs verði um óhöpp eða bilanir að ræða, og hlífðarbúnað við viðgerðir.<br><br>Fjallað er um skyldu atvinnurekanda varðandi viðvörunarkerfi og önnur samskiptakerfi vegna aukinnar áhættu.<br><br>Fjallað er um upplýsingaskyldu atvinnurekandi gagnvart slysavarnaþjónustu. | **Verkstæði** – Hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu), öryggisáætlanir (viðbragðsáætlanir).<br><br>**Vinnuvélar** - Hættuleg efni skv. 236/1990, öryggisáætlanir (viðbragðsáætlanir).<br><br>**Stál og steypuvirki** – Hættuleg efni skv. 236/1990, öryggisáætlanir (viðbragðsáætlanir).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar -** hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði), öryggisáætlanir (viðbragðsáætlanir).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (bruna- og sprengihætta, loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990, öryggisáætlanir (viðbragðsáætlanir). |
| **9. gr.**<br>**Upplýsingaskylda** | Þegar niðurstaða áhættumats skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu eða öryggi starfsmanna sé hætta búin skal atvinnurekandi láta Vinnueftirliti ríkisins í té viðeigandi upplýsingar um ákveðin atriði sem talin eru upp í greininni.<br><br>Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulauss dráttar um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að varasöm efni geti valdið mengun. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (bruna- og sprengihætta, loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |
| **10. gr.**<br>**Upplýsingar til starfsmanna** | Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmenn um þau varasömu efni sem eru á vinnustaðnum, geymslustaði, öryggisleiðbeiningar sem fylgja efnunum, áhrif mengunar á heilsu og öryggi, mengunarmörk og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um störf þeirra. Skal þess gætt að starfsmenn séu upplýstir um þær breytingar sem kunna að verða í tengslum við notkun á varasömum efnum. Þegar um mjög varasöm efni er að ræða skulu upplýsingarnar veittar skriflega og munnlega. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br>**Stál og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
| --- | --- | --- |
| | | **Jarðgangnagerð** - olíuleki (bruna- og sprengihætta, loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |
| **11. gr.**<br>**Þjálfun starfsmanna** | Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækis eða stofnunar fái nægilega og viðeigandi þjálfun. Í greininni eru taldir upp þær upplýsingar og leiðbeiningar sem felst skulu í henni.<br><br>Þjálfun skal veitt þegar starfsmaður hefur störf sem fela í sér snertingu við varasöm efni og reglulega eftir það eins og nauðsyn krefur. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (bruna- og sprengihætta, loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |
| **12. gr.**<br>**Heilsuvernd starfsmanna** | Þegar áhættumatið skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi sjá til þess að umræddir starfsmenn njóti heilsuverndar, sbr. XI. kafla laga, nr. 46/1980 með síðari breytingum, og gildandi reglur um heilsufarsskoðun og heilsuvernd.<br><br>Í greininni er fjallað um upplýsingaskyldu atvinnurekanda gagnvart starfsmönnum hvað þetta varðar, framkvæmd heilsufarsskoðunar, skráningu sjúkrasögu starfsmanna og meðhöndlun slíkrar skrár. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (bruna- og sprengihætta, loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |
| **13. gr.**<br>**Niðurstöður heilsuverndar** | Fjallað er um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu gagnvart starfsmönnun gefi niðurstaða heilsuverndar til kynna að starfsmaður þjáist af sjúkdómi eða merki eru um önnur neikvæð áhrif á heilsu hans sem afleiðingu mengunar frá varasömu efni á vinnustað eða að farið hafi verið yfir bindandi líffræðileg mengunarmörk. Verði um slík tilvik að ræða skal atvinnurekandi endurskoða áhættumatið og þær ráðstafanir sem hann hefur gripið til. Enn fremur skal atvinnurekandi leita ráðleggingar hjá sérfræðingi í atvinnusjúkdómum eða öðrum hæfum aðila og gera viðeigandi úrbætur til að ráða bót á ástandinu | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| | | efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (bruna- og sprengihætta, loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |
| **14. gr.**<br>**Bann við notkun efna á vinnustöðum** | Óheimilt er að framleiða, meðhöndla eða nota þau varasömu efni sem vísað er til í II. viðauka að því marki sem þar er tilgreint. Markmið þessa banns er að koma í veg fyrir mengun frá þessum efnum og að starfsmenn þurfi að sinna störfum sem tengjast þeim. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (bruna- og sprengihætta, loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |
| **15. gr.**<br>**Undanþágur** | Vinnueftirliti ríkisins er í vissum tilvikum heimilt að veita undanþágu frá banni skv. 14. gr. Slík tilvik eru talin upp í greininni.<br><br>Skilyrði fyrir undanþágu er að atvinnurekandi tryggi að framleiðsla þessara efna og notkun þeirra sem milliefnis eigi sér stað í lokuðu kerfi þannig að einungis sé unnt að ná til þeirra þegar nauðsynlegar mælingar fara fram eða nauðsynlegt viðhald á kerfinu. Skal þannig tryggt að starfsmenn verði ekki fyrir mengun frá þeim efnum sem um er að ræða.<br><br>Í greininni eru tilteknar þær upplýsingar sem atvinnurekandi skal láta fylgja með umsókn til Vinnueftirlits ríkisins um undanþágu. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (bruna- og sprengihætta, loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |
| **I. VIÐAUKI** | Bindandi líffræðileg mengunarmörk og heilsuvernd. | |
| **II. VIÐAUKI** | Bönn. | |

Reglugerð þessi gildir um hverskonar starfsemi þar sem starfsmenn eiga á hættu að verða fyrir sprengingu af völdum sprengifims andrúmslofts og lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um, sbr. þó strangari ákvæði í sérlögum og sérreglum. Reglugerð þessi gildir ekki um:

a. rými þar sem fram fer læknismeðferð sjúklinga,
b. notkun tækja sem brenna gasi, sbr. reglur nr. 108/1996, um tæki sem brenna gasi,
c. framleiðslu, meðferð, notkun, geymslu og flutninga á sprengiefnum eða efnafræðilega óstöðugum efnum,
d. jarðefnanám, sbr. reglur nr. 552/1996, um öryggisráðstafanir við jarðefnanám, og reglur nr. 553/1996, um öryggisráðstafanir við jarðefnanám með borunum,
e. flutninga sem viðeigandi alþjóðasamningar gilda um. Reglugerðin gildir þó um flutninga á vinnustöðum þar sem hætta getur verið á sprengifimu andrúmslofti.

Markmið reglugerðar þessarar er að bæta öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum þar sem hætta er á sprengifimu andrúmslofti.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **4. gr.**<br>**Áhættumat** | Þegar líkur eru á að starfsemi geti haft í för með sér myndun sprengifims andrúmslofts skal atvinnurekandi meta eða láta meta eðli ástandsins, þar á meðal heildarmat á sprengihættunni, til að unnt sé að meta hverskonar hættu heilsu og öryggi starfsmanna sé búin. Í samræmi við matið skal atvinnurekandi ákvarða til hvaða ráðstafana skuli grípa. Í greininni eru teknar fram hvaða upplýsingar slíkt áhættumat skal byggjast á og hvaða atriði skuli hafa til hliðsjónar við matið. | **Verkstæði - v**inna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Stál og steypuvirki -** vinna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Vinnuvélar** – rafhleðsla á lyfturum (sprengihætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinna í lokuðu rými (sprengihætta). |
| **5. gr.**<br>**Skrifleg greinargerð um sprengivarnir** | Þegar áhættumat liggur fyrir skv. 4. gr. skal atvinnurekandi sjá til þess að samin verði skrifleg greinargerð um sprengivarnir áður en vinna hefst. Í greininni er talið upp hvaða atriði skuli koma fram í greinargerðinni<br><br>Atvinnurekandi skal enn fremur sjá til þess að greinargerðin um sprengivarnir verði endurskoðuð ef meiriháttar breyting eða stækkun á sér stað á vinnustað, tækjum eða vinnuskipulagi.<br><br>Atvinnurekanda er heimilt að sameina greinargerðina um sprengivarnir við áhættumatið eða aðrar jafngildar skýrslur á grundvelli annarra reglna á sviði vinnuverndar. | **Verkstæði - v**inna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Stál og steypuvirki -** vinna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Vinnuvélar** – rafhleðsla á lyfturum (sprengihætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinna í lokuðu rými (sprengihætta). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **6. gr.**<br>**Forvarnir** | Atvinnurekandi skal grípa til nauðsynlegra forvarna sem hæfa eðli starfseminnar til að sjá til þess að komið sé í veg fyrir að sprengihætta skapist. Sé það ekki tæknilega unnt, að teknu tilliti til eðlis starfsseminnar, skal atvinnurekandi sjá fyrir sprengivörnum, þar á meðal skal hann koma í veg fyrir íkviknun sprengifims andrúmslofts og draga úr skaðlegum áhrifum sprengingar í því skyni að tryggja heilbrigði og öryggi starfsmanna.<br><br>Til viðbótar ofangreindum ráðstöfunum skal atvinnurekandi, þegar nauðsyn ber til, grípa til ráðstafana sem koma í veg fyrir að sprengingar breiðist út. Atvinnurekandi skal reglulega endurskoða þær ráðstafanir sem hann grípur til, einkum þegar verulegar breytingar eiga sér stað í starfsemi fyrirtækis.<br><br>Á vinnusvæðum þar sem hætta getur skapast á það öflugri sprengingu af völdum sprengifims andrúmslofts að heilbrigði og öryggi starfsmanna sé hætta búin skal atvinnurekandi ganga úr skugga um að starfsmenn geti stundað vinnu sína á öruggan hátt og tryggja fullnægjandi eftirlit meðan starfsmenn eru við vinnu í samræmi við áhættumat.<br><br>Þar sem fleiri en einn atvinnurekandi eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað skal hver atvinnurekandi sjá til þess að starfsskilyrði séu örugg og heilsusamleg í þeim störfum er falla undir stjórnunarsvið hans. Enn fremur skulu atvinnurekendur samhæfa framkvæmd allra ráðstafana er snerta öryggi og heilbrigði starfsmanna. | **Verkstæði - v**inna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Stál og steypuvirki -** vinna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Vinnuvélar** – rafhleðsla á lyfturum (sprengihætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinna í lokuðu rými (sprengihætta). |
| **7. gr.**<br>**Vinnusvæði þar sem hætta er á sprengifimu andrúmslofti** | Atvinnurekandi skal skipta vinnusvæðum innan vinnustaðar þar sem hætta getur verið á sprengingu af völdum sprengifims andrúmslofts í svæði, sbr. I. viðauka. Atvinnurekandi skal tryggja að lágmarkskröfur skv. II. viðauka gildi um þessi vinnusvæði. Þar sem umfangsmikil hætta er á það öflugri sprengingu af völdum sprengifims andrúmslofts að heilbrigði og öryggi starfsmanna eða annarra er stofnað í hættu skal setja upp merki við inngang að vinnusvæðunum, sbr. III. viðauka. | **Verkstæði - v**inna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Stál og steypuvirki -** vinna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Vinnuvélar** – rafhleðsla á lyfturum (sprengihætta).<br><br>**Vinnusvæði** – Merkingar (sprengihætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinna í lokuðu rými (sprengihætta). |
| **8. gr.**<br>**Lágmarkskröfur um tæki** | Tæki til nota á vinnusvæðum þar sem hætta getur verið á sprengifimu andrúmslofti skal uppfylla skilyrði skv. A- og B-hluta II. viðauka. Tæki skv. 1. mgr. sem tekið var í notkun fyrir 30. júní 2003 skal uppfylla skilyrði skv. A hluta II. viðauka nema aðrar sérreglur gildi um það. | **Verkstæði - v**inna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Stál og steypuvirki -** vinna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Vinnuvélar** – rafhleðsla á lyfturum (sprengihætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinna í lokuðu rými (sprengihætta). |
| **9. gr.**<br>**Lágmarkskröfur um vinnustaði** | Vinnustaður með vinnusvæði þar sem hætta getur verið á sprengifimu andrúmslofti skal uppfylla skilyrði reglugerðar þessarar. Þegar breytingar eru gerðar á vinnustað með vinnusvæði þar sem hætta getur verið á sprengifimu andrúmslofti, hann stækkaður eða endurskipulagður skal atvinnurekandi tryggja að vinnustaðurinn uppfylli skilyrði reglugerðar þessarar. | **Verkstæði - v**inna í lokuðu rými (sprengihætta).<br>**Stál og steypuvirki -** vinna í lokuðu rými (sprengihætta).<br>**Vinnuvélar** – rafhleðsla á lyfturum (sprengihætta).<br>**Jarðgangnagerð** - vinna í lokuðu rými (sprengihætta). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **Ákvæði til bráðabirgða** | Vinnustaðir með vinnusvæði þar sem hætta getur verið á sprengingu af völdum sprengifims andrúmslofts og voru starfandi fyrir 30. júní 2003 skulu uppfylla skilyrði reglugerðar þessarar eigi síðar en 30. júní 2006. | **Verkstæði - v**inna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Stál og steypuvirki -** vinna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Vinnuvélar** – rafhleðsla á lyfturum (sprengihætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinna í lokuðu rými (sprengihætta). |
| **I. Viðauki** | Flokkun vinnusvæða þar sem hætta er á sprengifimu andrúmslofti. | **Verkstæði - v**inna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Stál og steypuvirki -** vinna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Vinnuvélar** – rafhleðsla á lyfturum (sprengihætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** – flokkun eftir áhættu. |
| **II. Viðauki – A.** | Lágmarkskröfur um bætt öryggi og heilsuvernd starfsmanna sem eru hugsanlega í hættu vegna sprengifims andrúmslofts. | **Verkstæði - v**inna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Stál og steypuvirki -** vinna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinna í lokuðu rými (sprengihætta). |
| **II. Viðauki – B.** | Viðmiðanir við val á búnaði og öryggiskerfum. | **Verkstæði - v**inna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Stál og steypuvirki -** vinna í lokuðu rými (sprengihætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinna í lokuðu rými (sprengihætta). |

Reglur þessar gilda um tækjabúnað til notkunar utanhúss á vinnustöðum sem tilgreind eru í 9. og 10. gr. reglna þessarar og lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um framangreindan tækjabúnað sem seldur er eða leigður jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota sé ekki fjallað um hann í öðrum lögum eða reglum. Þessi tækjabúnaður er skilgreindur í viðauka I við reglurnar. Einungis er átt við tækjabúnað sem settur er á markað eða tekinn í notkun sem heil eining til fyrirhugaðrar notkunar. Reglurnar gilda ekki um:

a. aukabúnað, sem ekki er vélknúinn og er settur sérstaklega á markað eða tekinn ínotkun að frátöldum handverkfærum fyrir múrbrot og fleygun og vökvahömrum,
b. allan tækjabúnað sem aðallega er ætlaður til vöru- eða fólksflutninga á vegum eða járnbrautum, í lofti eða á vatnaleiðum,
c. tækjabúnað sem er hannaður og smíðaður sérstaklega fyrir her og lögreglu eða til neyðarþjónustu.

Markmið reglnanna er að samræma reglur aðildarríkjanna innan Evrópska efnahagssvæðisins um hávaðamengun, samræmismat, merkingar, tæknigögn og gagnasöfnun um hávaðamengun í umhverfinu af völdum tækjabúnaðar til notkunar utanhúss. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir viðskiptahindranir á innri markaði samhliða því að vernda heilsu manna. Reglugerðin snertir fremur framleiðendur og innflytjendur slíkra tækja.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **15. gr.**<br>**Almennt** | Hafi Vinnueftirlit ríkisins rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna, og þar sem við á öryggi húsdýra og eigna, stafi hætta af einhverri tegund tækjabúnaðar þó hann uppfylli kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna er því heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess tækjabúnaðar tímabundið í allt að fjórar vikur eða setja sérstök skilyrði fyrir markaðssetningu og notkun. | **Vinnuvélar** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði) |

Reglur þessar gilda um hverskonar starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun frá efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu og lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, gilda um, sbr. þó strangari ákvæði í sérlögum og sérreglum um einstök efni sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu.

Markmið reglna þessara er að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna sem vinna með efni sem geta valdið krabbameini eða stökkbreytingu eða verða fyrir mengun frá þeim.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **4. gr.**<br>**Áhættumat** | Þegar líkur eru á að starfsemi hafi í för með sér áhættu vegna efnis sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu skal atvinnurekandi ákvarða eða láta ákvarða eðli ástandsins, stærðargráðu mengunar, áhrif einstakra efna, heildaráhrif, tímalengd áhrifa svo að unnt sé að meta hverskonar hættu heilsu og öryggi starfsmanna sé búin. Í samræmi við þetta skal atvinnurekandi ákvarða til hvaða ráðstafana skuli grípa.<br><br>Halda skal skrá um forvarnir og endurskoða áhættumatið reglulega einkum við verulegar breytingar á starfsemi í tengslum við efni sem getur valdið krabbameini eða stökk-breytingu. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar -** hættuleg efni skv. 236/1990 - uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |
| **5. gr.**<br>**Ráðstafanir vegna mengunar** | Þegar áhættumat gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg mengun. Atvinnurekandi skal ávallt leitast við, með tilliti til eðlis starfsseminnar, að nota efni sem telst ekki vera hættulegt eða síður hættulegt heilsu starfsmanna við þær aðstæður sem það er notað.<br><br>Þegar ekki er tæknilega unnt að koma í veg fyrir hættu á mengun skal draga úr mengun eins og kostur er. Taldar eru upp ákveðnar ráðstafanir sem beita skal í þessum tilgangi.<br><br>Gera skal nauðsynlegar mælingar á efnamengun. Afmarka skal vinnusvæði þar sem niðurstaða áhættumats gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna sé hætta búin og takmarka aðgang óviðkomandi að því. Atvinnurekandi skal gæta þess að starfsmaður starfi ekki lengi í einu við aðstæður þar sem heilsu og öryggi hans er hætta búin. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun, krabbameinsvaldandi efni).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Vinnusvæði –** merkingar, afmörkun. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **6. gr.**<br>**Upplýsingar til Vinnueftirlits ríkisins** | Fjallað er um upplýsingaskyldu vinnuveitanda gagnvart vinnueftirliti og taldar upp hvaða atriði þær eigi að innihalda.<br><br>Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulauss dráttar um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu geti valdið mengun. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni)<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |
| **7. gr.**<br>**Ráðstafanir vegna slysa eða óhappa** | Þegar áhættumat gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi sjá til þess að skriflegar leiðbeiningar liggi frammi á vinnustaðnum ásamt því að kynna starfsmönnum efni þeirra. Í leiðbeiningunum skal koma fram hvaða starfsháttum skuli fylgt þegar slys eða óhapp verður í tengslum við efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu.<br><br>Fjallað er um tilkynningaskyldu starfsmanna gagnvart verkstjóra, öryggisverði eða öryggistrúnaðarmanni.<br><br>Fjallað er um upplýsingaskyldu vinnuveitanda gagnvart starfsmönnum eða fulltrúa þeirra um öll slys eða óhöpp og skyldu hans til að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til betrumbóta.<br><br>Fjallað er um takmörkun aðgangsverði um óhöpp eða bilanir að ræða, og hlífðarbúnað við viðgerðir. | **Verkstæði** – Öryggisáætlanir (leiðbeiningar).<br><br>**Vinnuvélar** – Öryggisáætlanir (leiðbeiningar).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – Öryggisáætlanir (leiðbeiningar).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – Öryggis-áætlanir (leiðbeiningar).<br><br>**Jarðgangnagerð** – Öryggisáætlanir (leiðbeiningar). |
| **8. gr.**<br>**Kröfur um hreinlæti og vernd einstakra starfsmanna** | Talin eru upp atriði sem atvinnurekandi skal tryggja að farið sé eftir. Fjallað er um meðferð fatnaðar sem kann að hafa mengast og hver skuli bera kostnað vegna þessara ráðstafana. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990. - Uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **9. gr.**<br>**Þjálfun starfsmanna** | Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækis eða stofnunar fái nægilega og viðeigandi þjálfun. Í greininni er fjallað um hvað sú þjálfun skuli innihalda og hvenær slík þjálfun skuli veitt. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |
| **10. gr.**<br>**Upplýsingar til starfsmanna** | Fjallað er um upplýsingaskyldu atvinnurekandi gagnvart starfsmönnum, merkingu tækja og annars búnaðar.<br><br>Einnig er fjallað um tilkynningaskyldu atvinnurekanda gagnvart starfsmönnum um slys eða óhöpp þar sem efni sem getur valdið krabbameini eða stökkbreytingu hefur hugsanlega borist út, orsakir slyssinsog viðbrögð til betrumbóta.<br><br>Fjallað er um aðgengi starfsmanna að þeim upplýsingum sem varða persónu þeirra sérstaklega og tilgreindar eru í skrá skv. 11. gr. og aðgengi starfsmanna eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækis eða stofnunar að sameiginlegum upplýsingum sem ekki tengjast persónu manna. | **Verkstæði** – öryggisáætlanir (leiðbeiningar).<br><br>**Vinnuvélar** – öryggisáætlanir (leiðbeiningar).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (leiðbeiningar).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – öryggis-áætlanir (leiðbeiningar).<br><br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (leiðbeiningar). |
| **11. gr.**<br>**Skrá yfir starfsmenn** | Atvinnurekandi skal halda skrá yfir þá starfsmenn sem starfa á vinnusvæði þar sem heilsu og öryggi þeirra er hætta búin. Fjallað er um innihald skráarinnar í greininni.<br><br>Atvinnurekandi skal varðveita skrána í 40 ár eftir að starfsmaður lætur af störfum.<br><br>Vinnueftirlit ríkisins og sá er annast heilsuvernd starfsmanna skulu hafa aðgang að skránni.<br><br>Þegar starfsemi fyrirtækis eða stofnunar er lögð niður skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins eintak af skránni og skal það varðveita hana í samræmi við ákvæði þetta. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar - h**ættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **12. gr. Heilsuvernd starfsmanna** | Þegar áhættumatið gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin, skal atvinnurekandi sjá til þess að umræddir starfsmenn njóti heilsuverndar, sbr. XI. kafla laga, nr. 46/1980 með síðari breytingum, og gildandi reglur um heilsufarsskoðun og heilsuvernd. Fjallað er um hvað felst í heilsuvernd.<br><br>Fjallað er um læknisskoðanir starfsfólks í kjölfar veikinda, skráningu heilsuverndar og geymslu og meðferð á heilsuverndargögnum.<br><br>Fjallað er um verndar- eða forvarnarráðstafanir m.t.t. einstakra starfsmanna, upplýsingaskyldu atvinnurekanda gagnvart starfsmönnum og aðgang starfsmanna að heilsuverndargögnum.<br><br>Fjallað er um tilkynningaskyldu atvinnurekanda gagnvart Vinnueftirliti ríkisins. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |
| **I. Viðauki** | Skrá um efni, efnablöndur og vinnsluferli sem geta valdið krabbameini. (a-liður 3. gr.). | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |
| **II. Viðauki** | Hagnýt ráð um framkvæmd heilsuverndar starfsmanna. | **Verkstæði** – hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál og steypuvirki** – hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |

Reglur þessar gilda um hvers konar starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun frá efnafræðilegum skaðvöldum og lög, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um, sbr. þó strangari ákvæði í sérlögum og sérreglum um einstaka efnafræðilega skaðvalda. Markmið reglna þessara er að koma í veg fyrir heilsutjón starfsmanna sem vinna með efnafræðilega skaðvalda eða verða fyrir mengun frá þeim.

**Skilgreiningar:**
Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

**a. *efnafræðilegur skaðvaldur*:** frumefni og sambönd þeirra, bæði náttúruleg og framleidd, eða blanda tveggja eða fleiri frumefna og samband þeirra í föstu, fljótandi eða loftkenndu efni, þar á meðal úrgangur úr hvers konar vinnslu;
**b. *hættulegur efnafræðilegur skaðvaldur*:**
i. efni sem flokkast sem hættulegt efni samkvæmt gildandi reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, að undanskildum þeim efnum sem einungis teljast hættuleg umhverfinu,
ii. efnablanda sem flokkast sem hættuleg efnablanda samkvæmt gildandi reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, að undanskildum þeim efnablöndum sem einungis teljast hættulegar umhverfinu,
iii. efni eða efnablanda sem stofna eða kunna að stofna heilsu og öryggi starfsmanna í hættu á grundvelli eðlisefnafræðilegra, efnafræðilegra eða eiturefnafræðilegra eiginleika sinna enda þótt þau flokkist ekki sem hættuleg samkvæmt gildandi reglugerð um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, auk þeirra efnafræðilegu skaðvalda sem eru sett mengunarmörk skv. I. viðauka þessara reglna og gildandi reglum um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum;
**c. *starf í tengslum við efnafræðilega skaðvalda*:** hvers konar starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun frá efnafræðilegum skaðvöldum, þar á meðal framleiðsla, meðferð og meðhöndlun efnafræðilegra skaðvalda, geymsla þeirra, blöndun, þynning, pökkun (þar með talið umpökkun og umhelling), flutningur eða förgun;
**d. *mengunarmörk í starfi*:** hæsta leyfilega meðaltalsmengun (tímavegið meðaltal) efnafræðilegs skaðvalds í andrúmslofti starfsmanna á tilgreindu viðmiðunartímabili;
**e. *líffræðileg mengunarmörk*:** leyfileg mörk tiltekins efnafræðilegs skaðvalds í líffræði-legu umhverfi hans, umbrotsefni hans eða vísbending um áhrif;
**f. *heilsuvernd*:** mat á einstökum starfsmanni í því skyni að ákvarða heilsufar hans með hliðsjón af áhrifum frá tilteknum efnafræðilegum skaðvaldi sem hann kann að verða fyrir í starfi;
**g. *hætta*:** sá eðlislægi eiginleiki efnafræðilegs skaðvalds að geta valdið skaða;
**h. *áhætta*:** líkur á því að skaði eigi sér stað við notkun efnafræðilegs skaðvalds eða mengun.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **II. Kafli – Skyldur atvinnurekanda, 4. gr. Áhættumat** | Þegar líkur eru á að starfsemi hafi í för með sér áhættu vegna efnafræðilegra skað-valda skal atvinnurekandi ákvarða eða láta ákvarða eðli ástandsins, hve mikil mengunin er, áhrif einstakra efnafræðilegra skaðvalda svo og heildaráhrif þeirra og hve lengi starfsmenn verða fyrir mengun, til að unnt sé að meta hvers konar hættu heilsu og öryggi starfsmanna sé búin. Í samræmi við þetta skal atvinnurekandi ákvarða til hvaða ráðstafana skuli grípa. Gerðar eru kröfur um gerð áhættumats og helstu liðir þess eru settir fram. | **Verkstæði** – öryggisáætlanir (áhættumat)<br><br>**Vinnuvélar** – öryggisáætlanir (áhættumat)<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (áhættumat)<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – öryggisáætlanir (áhættumat)<br><br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (áhættumat). |
| **5. gr. Forvarnir** | Atvinnurekandi skal grípa til nauðsynlegra forvarna til að sjá til þess að komið sé í veg fyrir mengun af völdum efnafræðilegra skaðvalda eins og kostur er. Farið er yfir þær ráðstafanir sem gera skal þegar hugað er að forvörnum, t.d. haga vinnu þannig að komist sé hjá því eða því haldið í lágmarki að efnafræðilegir skaðvaldar dreifist innan vinnustaðar, koma í veg fyrir útbreiðslu mengunar til að takmarka eins og unnt er þann fjölda starfsmanna sem verður fyrir mengun, gera neyðaráætlun sem ætlað er að varna því að starfsmenn verði fyrir mengun frá efnafræðilegum skaðvöldum þegar mengun hefur átt sér stað, draga úr magni efnafræðilegra skaðvalda á vinnustaðnum í samræmi við eðli starfseminnar.<br><br>Enn fremur skal atvinnurekandi sjá til þess að verklagsreglur fyrir hvern einstakan efnafræðilegan skaðvald séu fyrir hendi á vinnustað. Gerðar eru kröfur um upplýsingar sem koma skulu fram við gerð verklagsreglna. | **Verkstæði** – öryggisáætlanir (áhættumat, verklagsreglur).<br><br>**Vinnuvélar** – öryggisáætlanir (áhættumat, verklagsreglur).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (áhættumat, verklags-reglur).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – öryggisáætlanir (áhættumat, verklagsreglur)<br><br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (áhættumat, verklags-reglur). |
| **6. gr. Meðhöndlun umbúða og merkingar** | Efnafræðilegir skaðvaldar sem stofna eða geta stofnað heilsu og öryggi starfsmanna í hættu skulu vera í tryggum umbúðum á vinnustöðum. Gerðar eru kröfur um almenna meðhöndlun umbúða og merkingar. | **Verkstæði** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), merkingar.<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), merkingar.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), merkingar.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hættuleg efni (neikvæð áhrif á heilsu), útblástur farartækja (loftmengun), merkingar.<br><br>**Jarðgangnagerð** – hættuleg efni (neikvæð áhrif á heilsu, eituráhrif), útblástur farartækja (loftmengun), merkingar. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **7. gr.**<br>**Ráðstafanir vegna mengunar** | Þegar áhættumat skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi beita öllum tiltækum ráðum til að koma í veg fyrir að starfsmenn verði fyrir mengun.<br><br>Atvinnurekandi skal ávallt leitast við, með tilliti til eðli starfseminnar, að nota efna-fræðilegan skaðvald sem telst ekki vera hættulegur eða síður hættulegur heilsu starfsmanna við þær aðstæður sem hann er notaður.<br><br>Þegar ekki er tæknilega unnt að koma í veg fyrir mengun skv. 2. mgr., að teknu tilliti til eðli starfseminnar og áhættumatsins skv. 4. gr., skal atvinnurekandi sjá til þess að dregið sé úr mengun eins og kostur er.<br><br>Hafi atvinnurekandi ekki sýnt fram á það með öðrum matsaðferðum að forvarnir skv. 5. gr. og aðrar ráðstafanir vegna mengunar séu viðunandi skal hann reglulega gera nauðsynlegar mælingar á efnafræðilegri mengun sem kann að stofna heilsu og öryggi starfsmanna í hættu.<br>Gefi niðurstöður mælinga til kynna að mengun sé yfir mengunarmörkum í starfi skal atvinnurekandi grípa til viðeigandi ráðstafana vegna mengunar án ástæðulauss dráttar.<br><br>Atvinnurekandi skal hagræða starfseminni og gera nauðsynlegar tæknilegar ráðstafanir að teknu tilliti til eðli starfseminnar og áhættumats skv. 4. gr., til að koma megi í veg fyrir hættu vegna eðlisefnafræðilegra eiginleika efnafræðilegra skaðvalda.<br><br>Atvinnurekandi skal tryggja fullnægjandi eftirlit með tækjum, vélum og öðrum búnaði eða láta í té búnað til að kæfa áhrif sprenginga eða gera ráðstafanir vegna sprengi-þrýstings. | **Verkstæði** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), merkingar.<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), merkingar.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), merkingar.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hættuleg efni (neikvæð áhrif á heilsu), útblástur farartækja (loftmengun), merkingar.<br><br>**Jarðgangnagerð** – hættuleg efni (neikvæð áhrif á heilsu, eituráhrif), útblástur farartækja (loftmengun), merkingar. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **8. gr.**<br>**Ráðstafanir vegna slysa eða óhappa** | Þegar áhættumat skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi sjá til þess að skriflegar leiðbeiningar liggi frammi á vinnustaðnum ásamt því að kynna starfsmönnum efni þeirra. Í leiðbeiningunum skal koma fram hvaða starfsháttum skuli fylgt þegar slys eða óhapp verður í tengslum við efnafræðilega skaðvalda. Þær skulu meðal annars taka til hvers kyns viðeigandi öryggisæfinga sem skulu fara reglulega fram og viðeigandi aðstöðu til að veita skyndihjálp.<br><br>Starfsmenn skulu án tafar tilkynna verkstjóra, öryggisverði eða öryggistrúnaðarmanni um öll slys eða óhöpp í tengslum við efnafræðilega skaðvalda.<br><br>Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmenn eða fulltrúa þeirra án tafar um öll slys eða óhöpp sem eiga sér stað í tengslum við efnafræðilega skaðvalda og grípa þegar í stað til allra nauðsynlegra ráðstafana í því skyni að ráða bót á ástandinu.<br><br>Einungis skal heimila þeim starfsmönnum, sem brýn þörf er á að sinni viðgerðum, að fara inn á umrætt vinnusvæði. Skal atvinnurekandi sjá til þess að þeir fái viðeigandi hlífðarfatnað, persónuhlífar og nauðsynlegan öryggisbúnað sem þeir skulu nota þangað til ástandinu er aflétt. Öðrum skal óheimill aðgangur að svæðinu.<br><br>Atvinnurekandi skal setja upp viðvörunarkerfi og önnur samskiptakerfi sem nauðsynleg eru til að gefa merki um aukna áhættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna svo unnt sé að bregðast við á réttan hátt og setja í gang viðeigandi aðgerðir.<br><br>Atvinnurekandi skal láta viðkomandi slysavarnaþjónustu í té viðeigandi upplýsingar um eftirfarandi atriði:<br>a. hættur á vinnustað,<br>b. aðferðir við að greina hættu,<br>c. almennar og sértækar hættur sem kunna að koma upp við slys eða óhöpp,<br>d. leiðbeiningar skv. 1. mgr.,<br>e. verklagsreglur skv. 2. mgr. 5. gr. | **Verkstæði** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), leiðbeiningar (slysahætta), persónuhlífar (neikvæð áhrif á heilsu)<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), leiðbeiningar (slysahætta), persónuhlífar (neikvæð áhrif á heilsu).<br><br>**Stál- og steypuvirki** - hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), leiðbeiningar (slysahætta), persónuhlífar (neikvæð áhrif á heilsu).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hættuleg efni (neikvæð áhrif á heilsu), útblástur farartækja (loftmengun), leiðbeiningar (slysahætta), persónuhlífar (neikvæð áhrif á heilsu).<br><br>**Jarðgangnagerð** - hættuleg efni (neikvæð áhrif á heilsu), útblástur farartækja (loftmengun), leiðbeiningar (slysahætta), persónuhlífar (neikvæð áhrif á heilsu). |
| **9. gr.**<br>**Upplýsingaskylda** | Þegar niðurstaða áhættumats skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu eða öryggi starfs-manna sé hætta búin skal atvinnurekandi láta Vinnueftirliti ríkisins í té viðeigandi upplýsingar um eftirfarandi atriði, óski það þess. Í greininni eru tilgreindar hverjar þessar upplýsingar eru.<br><br>Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulauss dráttar um öll slys eða óhöpp þar sem vera kann að efnafræðilegir skaðvaldar geti valdið mengun. | **Verkstæði** – Upplýsingar.<br><br>**Vinnuvélar** – Upplýsingar.<br><br>**Stál- og steypuvirki** - Upplýsingar<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – Upplýsingar.<br><br>**Jarðgangnagerð** – Upplýsingar. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **10. gr.**<br>**Upplýsingar til starfsmanna** | Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmenn um þá hættulegu efnafræðilegu skaðvalda sem eru á vinnustaðnum, geymslustaði þeirra, áhrif mengunar á heilsu þeirra og öryggi, hver séu mengunarmörkin í starfi sem og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um störf þeirra. Skal þess gætt að starfsmenn séu upplýstir um þær breytingar sem kunna að verða í tengslum við notkun á hættulegum efnafræðilegum skaðvöldum. Þegar um mjög hættulega efnafræðilega skaðvalda er að ræða skulu upplýsingarnar veittar skriflega og munnlega.<br><br>Atvinnurekandi skal veita starfsmönnum eða fulltrúum þeirra upplýsingar þær sem vísað er til í 2. mgr. 4. gr. reglna þessara, óski þeir eftir þeim. | **Verkstæði** – Upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn.<br><br>**Vinnuvélar** – Upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – Upplýsingar og fræðsla fyrir starfs-menn.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – Upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn.<br><br>**Jarðgangnagerð** – Upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn. |
| **11. gr.**<br>**Þjálfun starfsmanna** | Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækis eða stofnunar fái nægilega og viðeigandi þjálfun.<br><br>Þjálfun skv. 1. mgr. skal veitt þegar starfsmaður hefur störf sem fela í sér snertingu við efnafræðilega skaðvalda og reglulega eftir það eins og nauðsyn krefur. Þess skal gætt að þjálfunin sé í samræmi við nýja og breytta áhættuþætti. | **Verkstæði** – Upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn.<br><br>**Vinnuvélar** – Upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – Upplýsingar og fræðsla fyrir starfs-menn.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – Upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn.<br><br>**Jarðgangnagerð** – Upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn. |
| **III. Kafli – Heilsuvernd**<br>**12. gr. Bann við notkun efna á vinnustöðum** | Óheimilt er að framleiða, meðhöndla eða nota þá efnafræðilegu skaðvalda sem vísað er til í III. viðauka að því marki sem þar er tilgreint. Markmið þessa banns er að koma í veg fyrir mengun frá þessum efnafræðilegu skaðvöldum og að starfsmenn þurfi að sinna störfum sem tengjast þeim. | **Verkstæði** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), merkingar.<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), merkingar.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), merkingar.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hættuleg efni (neikvæð áhrif á heilsu), útblástur farartækja (loftmengun), merkingar.<br><br>**Jarðgangnagerð** - hættuleg efni (neikvæð áhrif á heilsu), útblástur farartækja (loftmengun), merkingar. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **13. gr.**<br>**Undanþágur** | Vinnueftirliti ríkisins er heimilt að veita undanþágu frá banni skv. 12. gr. þegar:<br>a. efnafræðilegur skaðvaldur sem vísað er til í III. viðauka skal notaður eingöngu í vísindalegum tilgangi og til prófunar, þar á meðal greiningu,<br>b. um er að ræða starf sem ætlað er að fjarlægja efnafræðilega skaðvalda úr úrgangs-efnum eða aukaafurðum,<br>c. efnafræðilegur skaðvaldur sem vísað er til í III. viðauka er framleiddur í því skyni að nota hann sem milliefni og er notkun skaðvaldsins sem milliefnis þá heimil. | **Verkstæði** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif).<br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif).<br>**Stál- og steypuvirki** - hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif).<br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hættuleg efni (neikvæð áhrif á heilsu), útblástur farartækja (loftmengun).<br>**Jarðgangnagerð** - hættuleg efni (neikvæð áhrif á heilsu), útblástur farartækja (loftmengun). |
| **14. gr.**<br>**Heilsuvernd starfsmanna** | Þegar áhættumatið skv. 4. gr. gefur til kynna að heilsu og öryggi starfsmanna er hætta búin skal atvinnurekandi sjá til þess að umræddir starfsmenn njóti heilsuverndar, sbr. XI. kafla laga nr. 46/1980 og gildandi reglur um læknisskoðun og heilsuvernd.<br><br>Heilsuvernd skv. 1. mgr. skal meðal annars fela í sér að starfsmaður geti gengist undir læknisskoðun þegar mengun frá hættulegum efnafræðilegum skaðvaldi, sem starfsmaður verður fyrir, veldur sjúkdómi eða öðrum neikvæðum áhrifum á heilsu hans, tiltekinn sjúkdómur getur komið upp við þau vinnuskilyrði sem starfsmaður vinnur við og að aðferðin sem notuð er við læknisskoðunina sé starfsmanni hættulítil.<br><br>Starfsmenn er vinna með hættulega efnafræðilega skaðvalda sem hafa bindandi líffræðileg mengunarmörk, sbr. II. viðauka, skulu gangast undir læknisskoðun áður en þeir hefja störf og reglulega eftir það. Atvinnurekandi skal upplýsa starfsmanninn um þessa skyldu áður en hann hefur störf.<br><br>Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal halda skrá um sjúkrasögu viðkomandi starfsmanna sem gangast undir læknisskoðanir auk þeirrar mengunar sem þeir hafa orðið fyrir. Í skránni skal enn fremur koma fram niðurstaða heilsuverndar samkvæmt ákvæði þessu og hvernig henni hefur verið háttað. Fara skal með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál.<br><br>Starfsmenn skulu í samræmi við lög og gildandi reglur hafa aðgang að niðurstöðu heilsuverndar er varðar persónu þeirra.<br><br>Sá er annast heilsuvernd starfsmanna skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins afrit af skrá skv. 4. mgr. óski það eftir því. Fara skal með slíkar skrár sem trúnaðarmál.<br><br>Atvinnurekandi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um öll sjúkdómstilfelli eða dauðsföll sem álitin eru afleiðing mengunar af efnafræðilegum skaðvöldum á vinnustöðum. Þegar starfsemi fyrirtækis eða stofnunar er lögð niður skal afhenda Vinnueftirliti ríkisins eintak af skránni skv. 4. mgr. og skal það varðveita hana í samræmi við ákvæði þetta. | **Verkstæði** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), heilsuvernd.<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), heilsuvernd.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), heilsuvernd.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hættuleg efni (neikvæð áhrif á heilsu), útblástur farartækja (loftmengun), heilsuvernd.<br><br>**Jarðgangnagerð** – hættuleg efni (neikvæð áhrif á heilsu), útblástur farartækja (loftmengun), heilsuvernd. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **15. gr.**<br>**Niðurstöður heilsuverndar** | Gefi niðurstaða heilsuverndar til kynna að starfsmaður þjáist af sjúkdómi eða merki eru um önnur neikvæð áhrif á heilsu hans, sem sá er annast heilsuverndina eða annar hæfur sérfræðingur telur vera afleiðingu mengunar frá hættulegum efnafræðilegum skaðvaldi á vinnustað eða farið hefur verið yfir bindandi líffræðileg mengunarmörk, skal sá er annast heilsuverndina tilkynna starfsmanninum um niðurstöðuna. Þar á meðal skal upplýsa og leiðbeina starfsmanninum um hvers konar heilsuvernd hann eigi kost á eftir að mengunarástandi hefur verið aflétt.<br><br>Þegar um er að ræða tilvik skv. 1. mgr. skal atvinnurekandi endurskoða áhættumatið skv. 4. gr., forvarnir skv. 5. gr. og þær ráðstafanir sem hann hefur gripið til skv. 7. gr. reglna þessara. Enn fremur skal atvinnurekandi leita ráðleggingar hjá sérfræðingi í atvinnu-sjúkdómum eða öðrum hæfum aðila og gera viðeigandi úrbætur. | **Verkstæði** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), heilsuvernd, öryggisáætlanir (áhættumat).<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), heilsuvernd, öryggisáætlanir (áhættumat).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif), heilsuvernd, öryggisáætlanir (áhættumat).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hættuleg efni (neikvæð áhrif á heilsu), útblástur farartækja (loftmengun), heilsuvernd, öryggisáætlanir (áhættumat).<br><br>**Jarðgangnagerð** - hættuleg efni (neikvæð áhrif á heilsu), útblástur farartækja (loftmengun), heilsuvernd, öryggisáætlanir (áhættumat). |

Reglur þessar gilda um hverskonar starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða eiga á hættu að verða fyrir mengun frá líffræðilegum skaðvöldum og lög, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Þesshattar mengun er ekki áhættuþáttur við vegagerð eða skylda starfsemi. Því er umfjöllun um þessa reglugerð sleppt.

Reglur þessar gilda um færanlegan þrýstibúnað sem lög, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglur þessar gilda um:

a. markaðssetningu á nýjum færanlegum þrýstibúnaði, sbr. 3. gr.,
b. endurmat á samræmi vegna færanlegs þrýstibúnaðar, sbr. 3. gr., sem þegar hefur verið settur á markað og fullnægir viðeigandi tæknilegum skilyrðum í gildandi reglugerð um flutning á hættulegum farmi,
c. endurtekna notkun og reglubundna skoðun:

i. á færanlegum þrýstibúnaði, sbr. a- og b-lið,
ii. á gashylkjum sem þegar hafa verið sett á markað og eru einkennd með samræmismerki samkvæmt gildandi reglum um gashylki.

Þessar reglur gilda ekki um færanlegan þrýstibúnað sem settur var á markað fyrir 1. júlí 2001, sbr. einnig ákvæði til bráðabirgða. Þær gilda enn fremur ekki um færanlegan þrýstibúnað sem er eingöngu notaður fyrir flutning á hættulegum efnum milli Evrópska efnahagssvæðisins og þriðju ríkja í samræmi við gildandi reglugerð um flutning á hættulegum farmi.

Reglugerðin fjallar um gerðarviðurkenningu og samræmisvottun og reglubundna skoðun á vöru. Ákvæði þessarar reglugerðar eiga því við um framleiðendur og aðila sem eru ábyrgir fyrir markaðssetningu. Í þessari reglugerð eru ekki sett skilyrði fyrir notendur sem lútið gæti að starfsemi tengdri vegagerð eða skyldum rekstri.

Reglur þessar gilda um vélar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum sem lög, nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um vélar sem seldar eru eða leigðar jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota sé ekki fjallað um þær í öðrum lögum eða reglum. Reglurnar gilda einnig á sama hátt um öryggis íhluti sem settir eru sjálfstætt á markað.

Reglugerðin fjallar um hönnun og smíði tækja, samræmisvottun og CE merkingar. Í þessari reglugerð eru ekki sett skilyrði fyrir notendur sem lútið gæti að starfsemi tengdri vegagerð eða skyldum rekstri.

Reglurnar gilda um færanlegar vélar sem ekki eru notaðar á vegum og ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um vélar sem seldar eru eða leigðar jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota sé ekki fjallað um þær í öðrum lögum eða reglum.

Markmið reglnanna er að samræma reglur aðildarríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins um aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir viðskiptahindranir á innri markaði samhliða því að vernda heilsu manna og umhverfi.

Reglugerðin fjallar um gerðarviðurkenningu og samræmisvottun. Ákvæði þessarar reglugerðar eiga því við um framleiðendur og aðila sem eru ábyrgir fyrir markaðssetningu. Í þessari reglugerð eru ekki sett skilyrði fyrir notendur sem lútið gæti að starfsemi tengt vegagerð eða skyldum rekstri.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **2. gr.** | Ákvæði um öryggisráðgjafa gilda um fyrirtæki er annast flutning, fermingu eða affermingu á hættulegum farmi á vegum, og utan vega, eftir því sem við á. Ákvæðin gilda þó ekki ef flutningurinn er einungis innan afmarkaðs athafnasvæðis fyrirtækis eða stofnunar eða byggingarsvæðis þar sem almenningur hefur takmarkaðan aðgang og tengist ekki flutningi að öðru leyti. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **3. gr.** | Fyrirtæki skal tilnefna einn eða fleiri öryggisráðgjafa og ber ábyrgð á að öryggisráðgjafinn fullnægi skyldum sem á ráðgjafa hvíla samkvæmt reglugerð þessari.<br><br>Fjallað er um hverjir megi gegna hlutverki öryggisráðgjafa innan fyrirtækis, að öryggisráðgjafi skuli fá tíma og tækifæri til að gegna hlutverki sínu og tilkynningaskyldu til Vinnueftirlits ríkisins um starfandi öryggisráðgjafa. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **4. gr.** | Öryggisráðgjafi skal leita viðeigandi leiða og grípa til viðeigandi aðgerða til að auðvelda framkvæmd starfseminnar í samræmi við gildandi reglur á einsöruggan hátt og kostur er.<br><br>Hann skal gegna þeim verkefnum sem tilgreind eru í I. viðauka.<br><br>Ef tilnefndir eru fleiri en einn öryggisráðgjafi innan fyrirtækis skal einn þeirra tilnefndur sem samræmingarráðgjafi. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **5. gr.** | Verði slys eða óhapp við flutning, fermingu eða affermingu á hættulegum farmi sem veldur tjóni á fólki, eignum eða umhverfi skal öryggisráðgjafinn taka saman skýrslu um atvikið eftir að hafa aflað viðeigandi gagna og leggja fyrir stjórnendur fyrirtækisins. Skýrsla þessi kemur ekki í stað skýrslugerðar sem kann að vera krafist samkvæmt öðrum reglum eða lögum. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **6. gr.** | Öryggisráðgjafi skal vera handhafi gildisvottorðs um starfsmenntun sem gefið skal út af Vinnueftirliti ríkisins í samræmi við III. viðauka. Til þess að fá vottorð um starfsmenntun skal umsækjandi hafa notið kennslu í því námsefni sem greinir í II. viðauka og standast próf í samræmi við IV. viðauka. Starfsmenntunarvottorð, sem gefið er út í öðru ríki sem er aðili að EES samningnum, gildir til jafnsvið vottorð gefið út hér á landi, með þeim takmörkunum sem vottorðið ber með sér. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
| --- | --- | --- |
| **7. gr.** | Vottorð um starfsmenntun gildir í fimm ár. Vottorðið skal bera með sér fyrir hvaða flutningastarfsemi (flutninga á vegum) prófið náði. Gildistíma vottorðsmá framlengja um fimm ár í senn ef handhafi þess hefur á síðasta gildisári vottorðsins sótt upprifjunarnámskeið eða staðist próf. Prófið skal vera í samræmi við IV. viðauka. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **I. Viðauki** | Verkefni öryggisráðgjafa, sbr. 4. gr. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **II. Viðauki** | Námsgreinar sem um getur í 6. gr. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **III. Viðauki** | Eyðublað sem um getur í 6. gr. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |

Ákvæði um hættulegan farm gilda um flutning á hættulegum farmi á vegum og utan vega hér á landi. Þau gilda ekki um flutning innan afmarkaðs athafnasvæðis fyrirtækis eða stofnunar eða byggingarsvæðis þar sem almenningur hefur takmarkaðan aðgang. Hinsvegar gilda þau fyrir flutninga að framkvæmdasvæðum.

Reglugerðinni hefur verið breytt með reglugerðum nr. 750/2003, nr. 684/2002 og nr. 773/2001.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **2. gr.**<br>**Almenn ákvæði** | Við flutning á hættulegum farmi skal fara eftir ADR-reglunum, með viðaukum A og B, eins og þær eru í gildi hverju sinni hér á landi, sbr. ákvæði í EB-tilskipun nr. 94/55 um að ADR-reglurnar skuli gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins, sem breytt hefur verið með EB-tilskipunum nr. 96/86 og nr. 1999/47, nr. 2000/61, nr. 2001/7 og nr. 2003/28.<br><br>Við eftirlit með flutningi á hættulegum farmi skal fara eftir EB-tilskipun nr. 95/50, sem breytt hefur verið með EB-tilskipun nr. 2001/26, og viðaukum við þá tilskipun. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **4. gr.**<br>**Flokkun efna og vara** | Hættulegur farmur skiptist í eftirfarandi flokka hættulegra efna eða vara, í samræmi við tilmæli Sameinuðu þjóðanna nr. ST/SG/AC.10/1, sem bannað er eða aðeins leyft að flytja að uppfylltum skilyrðum á viðaukum A og B í ADR-reglunum:<br>1. Sprengifim efni<br>2. Loftegundir<br>3. Eldfimir vökvar<br>4. Eldfim föst efni<br>5. Efni með hættu á sjálftendrun<br>6. Efni sem mynda eldfimar lofttegundir við snertingu við vatn.<br>7. Eldnærandi efni.<br>8. Lífræn peroxíð.<br>9. Eitruð efni.<br>10. Smitefni.<br>11. Geislavirk efni.<br>12. Ætandi efni.<br>13. Önnur hættuleg efni. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **5. gr.** | Áður en efni eða vörur eru afhentar til flutnings skulu þær flokkaðar í samræmi við 4. gr.<br><br>Sendandi vöru ber ábyrgð á að efni og vörur séu rétt flokkaðar þegar þær eru afhentar til flutnings. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **6. gr.<br>Umbúðir og merkingar þeirra.** | Fjallað er um kröfur sem gerðar eru til umbúða og merkingar á þeim. Sendandi efna eða vara ber ábyrgð á að umbúðir séu í samræmi við ákvæði ADR-reglnanna og að þær séu rétt merktar. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - merkingar og fylgiskjöl við flutning hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **7. gr.<br>Flutningsskjöl** | Í greininni eru talin upp þau gögn sem skulu fylgja hættulegum farmi.<br><br>Sendandi efna eða vara skal láta flytjanda í té farmbréf, flutningsslysablað og vottorð sendanda þegar hann afhendir efni eða vöru til flutnings. Flutningsaðila er óheimilt að taka til flutningsefni eða vöru nema fullnægjandi gögn fylgi með henni. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **8. gr.<br>Merking ökutækja** | Í greininni er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til merkingar á ökutækjum sem flytja hættulegan farm: gerð skilta og útlit og merkingu. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - útbúnaður farartækja sem flytja hættuleg efni (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **9. gr.<br>Fylgibúnaður** | Í greininni er fjallað um hvaða fylgibúnaður skal vera í farartæki við flutning á hættulegum farmi þ.e. slökkvibúnað, stoppklossa, viðvörunarskilti, endurskinsvesti og vasaljós. Í greininni eru settar fram kröfur um fjölda og gerð útbúnaðar. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - útbúnaður farartækja sem flytja hættuleg efni (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **10. gr.<br>Samlestun** | Óheimilt er að flytja saman sprengifim efni og annan hættulegan farm í eða á sama ökutæki. Heimilt er að flytja saman sprengifim efni í mismunandi aðskilnaðarflokkum í samræmi við töflu í viðauka IV. Ekki er heimilt að flytja fóðurvöru eða matvæli með hættulegum farmi sem merktur er með varúðarmerkjum 6.1 eða 6.2, sbr. viðauka I. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **11. gr.<br>Viðurkenning flutningseininga** | Þegar það á við skulu flutningseiningar vera viðurkenndar af lögbærum aðila í samræmi við ADR-reglurnar. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **12. gr.<br>Eftirlit, prófanir, viðurkenningar** | Eftirlit, prófanir eða viðurkenningar sem krafist er í ADR-reglunum skulu gerðar af lögbærum aðila. Fjallað er um hlutverk mismunandi aðila við eftirlit prófanir og viðurkenningar þ.e. Vinnueftirlits ríkisins, Lögreglunnar, Skráningarstofu ökutækja, Geislavarna ríkisins, hlutaðeigandi heilbrigðisnefnda og dómsmálaráðuneytisins. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu), útbúnaður farartækja sem flytja hættuleg efni (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu), merkingar og fylgiskjöl við flutning hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **13. gr.<br>Flutningur á sprengifimum efnum** | Ökutæki sem flytja sprengifim efni skulu flokkuð og viðurkennd í annan af tveimur flokkum í samræmi við ADR-reglurnar. Ekki má flytja meira magn af sprengifimum efnum í einni flutningseiningu en fram kemur í töflu í viðauka V. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - útbúnaður farartækja sem flytja hættuleg efni (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **14. gr.<br>Sérstök ákvæði** | Í greininni er fjallað um sérstök ákvæði varðandi reglur um flutning, flutningsleiðir, fylgd ökutækja, leyfilegt flutningsmagn, tilkynningaskyldu við flutning, fermingu og affermingu, vöktun ökutækja, stöðvun ökutækja nálægt íbúðarhúsnæði eða svæði sem almenningur á erindi um og bann við flutningi farþega. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **15. gr.**<br>**Undanþágur** | Við flutning á stykkjavöru í minna magni en fram kemur í viðauka IX er einungis krafist eftirfarandi gagna og búnaðar:<br>1. farmbréfs(þar skal einnig koma fram að farmurinn sé fluttur samkvæmt undanþágum í ADR-reglunum),<br>2. viðurkenndra umbúða,<br>3. merktra umbúða,<br>4. eins slökkvitækis (2 kg dufttæki),<br>5. vottorðs sendanda.<br><br>Undanþeginn ákvæðum reglugerðarinnar er flutningur á hættulegum farmi sem greinir í viðauka X. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - útbúnaður farartækja sem flytja hættuleg efni (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu), merkingar og fylgiskjöl við flutning hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **16. gr.**<br>**Starfsþjálfunarvottorð** | Við flutning á hættulegum farmi skal ökumaður hafa réttindi í samræmi við ADR-reglur sem staðfest eru með starfsþjálfunarvottorði. Undanþeginn er þó flutningur sem fellur undir 1. mgr. 15. gr. og viðauka IX.<br><br>Fjallað er um gildissvið starfsþjálfunarvottorðs í greininni.<br><br>Við flutning á sprengifimum vörum skal vera aðstoðarmaður sem hefur sömu réttindi til slíks flutnings og ökumaðurinn og getur leyst hann af við flutninginn ef nauðsyn krefur, sbr. ADR-reglurnar. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **17. gr.**<br>**Starfsþjálfun og nám** | Nám sem ökumaður þarf að stunda til að fá vottorð um starfsþjálfun skal vera bóklegt og verklegt og samþykkt af prófnefnd.<br><br>Í greininni er fjallað um markmið starfsþjálfunar og þær kröfur sem gerðar eru til starfsþjálfunar fyrir flutning á mismunandi efnum.<br><br>Náminu skal í öllum tilvikum ljúka með prófi.<br><br>Námstími fyrir bóklega og verklega hlutann skal vera í samræmi við viðauka XI. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **22. gr.**<br>**Sérstakt eftirlit á vegum** | Lögreglan skal hafa eftirlit með að stjórnandi ökutækis sem flytur hættulegan farm hafi meðferðisvottorð um starfsþjálfun. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með að fyrirtæki sem flytja hættulegan farm hafi í sinni þjónustu ökumenn með gilt vottorð um starfsþjálfun. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **Ákvæði til bráðabirgða** | Til 31. desember 2009 er skráningarstofu ökutækja heimilt að undanþiggja ökutæki sem skráð voru fyrir 31. desember 1998 og notuð hafa verið til að flytja hættulegan farm ákvæðum um viðurkenningu samkvæmt ADR-reglum á farmgeymi og ákvæðum ADR-reglna um sérstaka vörn á rafleiðslum, sérstaka raftengingu við ökurita, vörn fyrir farmgeymi, læsivörn á hemlum og aukahemla (útblástursbhemla og/eða drifskaftshemla), enda uppfylli ökutækið ákvæði reglugerðar um gerð og búnað ökutækja. Slíkum búnaði, sem fyrir er á ökutæki sem flytur hættulegan farm, skal haldið við þannig að hann sé í fullkomnu lagi.<br><br>Eftirvagn, sem ekki er búinn hemlum með læsivörn og er meira en 10.000 kg að leyfðri heildarþyngd, er óheimilt að tengja við bifreið sem búin er hemlum með læsivörn.<br><br>Ákvæði 1. mgr. gildir ekki um ökutæki sem eru í fjölþjóðlegri umferð. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **Viðauki I** | Varúðarmerki og merking þeirra | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **Viðauki II** | Hættuskilti | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **Viðauki III** | Hættunúmer og merking þeirra | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **Viðauki IV** | Aðskilnaðarflokkar sprengiefna segja til um hvaða efni megi geyma eða flytja saman án þess að hætta sé á að slysum og óhöppum fjölgi. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **Viðauki V** | Hámarksmagn (kg nettóþyngd) sem flytja má af sprengifimu efni (flokkur 1) á einni flutningseiningu. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **Viðauki VI** | Ferming og afferming á opnum svæðum. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **VIÐAUKI VII** | Vöktun við lagningu ökutækis. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **VIÐAUKI VIII** | Viðdvöl vegna eftirlits eða þjónustu við ökutækið. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **VIÐAUKI IX** | Hámarksmagn hættulegs varnings í pökkuðum einingum sem flytja má á einni flutningseiningu án vottorðs um starfsþjálfun (byggt á spássíunúmeri 10 011 í ADR-samningnum). | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **VIÐAUKI X** | Flutningur sem undanþeginn er ákvæðum reglugerðarinnar. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **VIÐAUKI XI** | Námskeið til að öðlast vottorð um starfsþjálfun. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **VÐAUKI XII** | Endurmenntunarnámskeið. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunaslys, neikvæð áhrif á heilsu). |

Reglugerð þessi tekur til kvenna sem eru starfsmenn og eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti og er markmið hennar að bæta öryggi og heilbrigði þeirra á vinnustöðum.

Þegar hugtökin ,,þunguð kona",,,kona sem hefur nýlega alið barn" og ,,kona sem hefur barn á brjósti" eru notuð í reglugerð þessari er átt við starfsmenn sem hafa greint vinnuveitanda sínum frá því ásigkomulagi sínu.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **3. gr.**<br>**Mat og upplýsingar** | Þegar störf geta haft í för með sér hættu sakir mengunar, vinnuaðferða eða vinnuskilyrða, sbr. skrá í I. viðauka, skal vinnuveitandi eða þjónustuaðili á sviði vinnuverndar og forvarna, samkvæmt ósk vinnuveitanda, meta eðli hættunnar fyrir starfsmenn á hlutaðeigandi vinnustað, umfang hennar og hve lengi hún stendur yfir svo unnt sé aðmeta áhættu fyrir öryggi og heilbrigði og hugsanleg áhrif á þungaðar konur eða konur sem hafa barn á brjósti og taka ákvörðun um ráðstafanir.<br><br>Vinnuveitandi skal greina starfsmönnum í skilningi 2. gr. og starfsmönnum sem líklegt er að lendi í slíkum aðstæðum á hlutaðeigandi vinnustað og/eða fulltrúum þeirra frá niðurstöðum mats skv. 1. mgr. án tafar eftir að þær liggja fyrir og frá öllum ráðstöfunum er snerta öryggi og heilbrigði á vinnustað. Leiðbeiningarreglur, sem Vinnueftirlit ríkisins gefur út um mat á efnafræðilegum, eðlisfræðilegum og líffræðilegum skaðvöldum og vinnsluaðferðum sem talið er að hafi hættu í för með sér fyrir starfsmenn í skilningi 2. gr., skulu vera til leiðbeiningar við mat skv. 1. mgr. | **Öll störf** – þungaðar konur, konur sem hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **4. gr.**<br>**Aðgerðir í kjölfar matsniðurstaðna** | Leiði niðurstöður í ljós að öryggi og heilbrigði konu sem er þunguð eða hefur barn á brjósti er í hættu skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi konunnar með því að breyta tímabundið vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma hennar. Ef af tæknilegum ástæðum er óæskilegt eða ekki unnt að breyta vinnuskilyrðum og/eða vinnutíma eða ekki er unnt að fara fram á það með gildum rökum svo að sanngjarnt geti talist skal vinnuveitandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fela starfsmanninum önnur verkefni.<br><br>Vinnuveitandi eða starfsmaður geta leitað umsagnar Vinnueftirlits ríkisins áður en ákvörðun er tekin um breytingu á vinnuskilyrðum, vinnutíma eða verkefnum. Breyting á vinnutíma, vinnuskilyrðum eða verkefnum hefur ekki áhrif á launakjör til lækkunar eða önnur starfstengd réttindi, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof. | **Öll störf** – þungaðar konur, konur sem hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti. |
| **4. gr.**<br>**Aðgerðir í kjölfar matsniðurstaðna** | Ef af tæknilegum ástæðum er óæskilegt eða ekki unnt að fela starfsmanninum önnur verkefni eða ekki er unnt að fara fram á það með gildum rökum svo að sanngjarnt geti talist skal veita honum leyfi frá störfum í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að vernda öryggi hans og heilbrigði. Vinnuveitandi getur leitað umsagnar Vinnueftirlits ríkisins áður en ákvörðun er tekin um veitingu leyfis. Ef veita þarf þungaðri konu leyfi frá störfum á hún rétt á greiðslum, sbr. 3. mgr. 11. gr. og 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof og reglugerð um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks.<br><br>Hlutaðeigandi starfsmaður og/eða Tryggingastofnun ríkisins geta óskað eftir því að Vinnueftirlit ríkisins endurskoði ákvörðun vinnuveitanda um leyfisveitingu. Beiðni um endurskoðun skal liggja fyrir innan 14 daga frá því ákvörðun var formlega tilkynnt. Ákvæði þessarar greinar gilda að breyttu breytanda um konu sem stundar starf sem bannað er skv. 5. gr. og verður þunguð eða hefur barn á brjósti, sbr. 2. gr. | **Öll störf** – þungaðar konur, konur sem hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti. |
| **5. gr.**<br>**Tilvik þar sem vinna er bönnuð** | Óheimilt er að skylda þungaðar konur til að vinna störf sem mat skv. 1. mgr. 3. gr. hefur sýnt að gætu verið hættuleg vegna mengunar eða vinnuskilyrða, sbr. A-lið II. viðauka, og gætu stefnt öryggi og heilbrigði þeirra í voða.<br><br>Einnig er óheimilt að skylda konur sem hafa barn á brjósti til að vinna störf sem mat skv. 1. mgr. 3. gr. hefur sýnt að gætu verið hættuleg sakir mengunar eða vinnuskilyrða, sbr. B-lið II. viðauka, og gætu stefnt öryggi og heilbrigði þeirra í voða. | **Öll störf** – þungaðar konur, konur sem hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **6. gr.**<br>**Vinna að næturlagi** | Óheimilt er að skylda starfsmenn í skilningi 2. gr. til að vinna að næturlagi á meðgöngutíma og jafnframt í allt að sex mánuði eftir barnsburð, enda sé slíkt nauðsynlegt vegna öryggis og heilbrigðis hennar og hún staðfesti það með læknisvottorði.<br>Ef af tæknilegum ástæðum er óæskilegt eða ekki unnt að breyta vinnutíma eða ekki er unnt að fara fram á það með gildum rökum svo að sanngjarnt geti talist skal veita starfs-manni leyfi frá störfum í svo langan tíma sem nauðsynlegt er til að vernda öryggi hans og heilbrigði. Ef veita þarf þungaðri konu leyfi frá störfum á hún rétt á greiðslum, sbr. 3. mgr. 11. gr. og 13. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof og reglugerð um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks. | **Öll störf** – þungaðar konur, konur sem hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti |
| **Meðfylgjandi** | Leiðbeiningar um áhættumat í starfsumhverfi þungaðra kvenna. | **Öll störf** – þungaðar konur, konur sem hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti |
| **I. Viðauki** | Ástand tengt þungun sem getur haft í för með sér að breyta þurfi vinnutilhögun | **Öll störf** – þungaðar konur, konur sem hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti |

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka notkun asbests og koma í veg fyrir heilsutjón og mengun af völdum þess.

**Skilgreiningar:**
Reglugerð þessi tekur til innflutnings, framleiðslu, sölu, notkunar og annarrar meðhöndlunar, þar með talið förgunar á asbesti og vörum úr asbesti.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **3. gr.**<br>**Takmarkanir** | Innflutningur, framleiðsla, sala og notkun asbests er bönnuð með þeim undantekningum sem tilteknar eru í 4. gr. Bann þetta gildir einnig um tæki, vélar eða annan búnað sem í eru hlutar úr asbesti. | **Verkstæði** – hættuleg efni (eituráhrif).<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (eituráhrif).<br><br>**Jarðvinna** – lagnir og veitur (eituráhrif). |
| **4. gr.**<br>**Undanþágur** | Fjallað er um undanþágur frá banni við innflutningi, sölu og notkun á asbesti og vörum úr asbesti (einungis fyrir vörur sem innihalda asbest af gerðinni krýsótíl (hvítt asbest). Heimilt er að veita undanþágu fyrir asbest-sementsrör og vörur til annarra tæknilegra nota þar sem ekki er unnt að nota hættuminni efni. | **Verkstæði** – hættuleg efni (eituráhrif).<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (eituráhrif). |
| **5. gr.**<br>**Notkun og meðhöndlun asbests** | Um notkun, vinnslu og meðhöndlun asbests á vinnustöðum fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum nr. 379/1996 um asbest. Það sama gildir um niðurrif bygginga, byggingahluta eða búnaðar. Leita skal heimildar hjá Vinnueftirliti ríkisins til niðurrifs ef asbest er til staðar. | **Verkstæði** – hættuleg efni (loftmengun, eituráhrif), verkáætlanir (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta), aðbúnaður starfsmanna.<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (loftmengun, eituráhrif), verkáætlanir (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta).<br><br>**Vinnusvæði** – Merkingar (slysahætta), verkáætlanir (slysa-hætta).<br><br>**Jarðvinna** – lagnir og veitur (loftmengun, eituráhrif), verkáætlanir (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta). |
| **7. gr.**<br>**Hreinsun á útblæstri** | Í þeim tilvikum þegar veitt er leyfi fyrir notkun asbests skal asbestmengað loft hreinsað áður en því er blásið út í andrúmsloftið. Nota skal hreinsibúnað sem samþykktur er af heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags. Við niðurrif mannvirkis, byggingar eða búnaðar sem inniheldur asbest skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að ekki verði umhverfismengun af völdum asbestsryks. | **Verkstæði** – hættuleg efni (loftmengun, eituráhrif, loftræsting), persónuhlífar (neikvæð áhrif á heilsu)<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (loftmengun, eituráhrif, loftræsting), persónuhlífar (neikvæð áhrif á heilsu).<br><br>**Jarðvinna** – lagnir og veitur (loftmengun, eituráhrif, loftræsting), persónuhlífar (neikvæð áhrif á heilsu). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| | | |
| **8. gr.**<br>**Meðhöndlun úrgangs** | Eigi má farga asbesti nema að fengnu leyfi heilbrigðiseftirlits viðkomandi sveitarfélags sem hefur um slíkt samráð við Hollustuvernd ríkisins. Tryggja skal að við flutning og losun úrgangs sem inniheldur asbest sé engum asbesttrefjum eða asbestryki hleypt út í andrúmsloftið. Jafnframt skal þess gætt að vökva, sem kann að innihalda asbesttrefjar, verði fargað þannig að asbesttrefjar berist ekki út í andrúmsloftið.<br><br>Þegar úrgangur sem inniheldur asbest er urðaður skal tryggja að hann sé meðhöndlaður, pakkaður og þakinn þannig að komið sé í veg fyrir að asbestagnir berist út í umhverfið. Hollustuvernd ríkisins skal samþykkja urðunarstað í samráði við heilbrigðiseftirlit viðkomandi sveitarfélags. | **Verkstæði** – hættuleg efni (loftmengun, eituráhrif), verkáætlanir (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta), aðbúnaður starfsmanna.<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (loftmengun, eituráhrif), verkáætlanir (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta).<br><br>**Vinnusvæði** – Merkingar (slysahætta), verkáætlanir (slysahætta).<br><br>**Jarðvinna** – lagnir og veitur (loftmengun, eituráhrif), verkáætlanir (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta).<br><br>**Samgöngur utan vinnusvæða** – flutningur hættulegra efna (neikvæð áhrif á heilsu). |
| **9. gr.**<br>**Merkingar** | Asbest og vörur sem í er asbest skal greinilega merkt af framle iðanda eða innflytjanda í samræmi við viðauka við reglugerð þessa. | **Verkstæði** – hættuleg efni (loftmengun, eituráhrif), verkáætlanir (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta), aðbúnaður starfsmanna.<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (loftmengun, eituráhrif), verkáætlanir (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta). |
| **Viðauki** | Leiðbeiningar um merkingar á vöru eða umbúðum sem í er asbest. | **Verkstæði** – hættuleg efni (loftmengun, eituráhrif), verkáætlanir (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta), aðbúnaður starfsmanna.<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (loftmengun, eituráhrif), verkáætlanir (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta). |

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka notkun tiltekinna efna.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á lögunum: Breyting nr. 623/2000, breyting nr. 483/2002 og breyting 426/2004. Greining þessi tekur mið af þessum breytingum.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **4. gr. Klórefnasambönd - lífræn leysiefni og efni til nota í málmiðnaði** | Óheimilt er að nota efni sem talin eru upp í A- hluta 4. viðauka í fyrirtækjum þar sem þau geta auðveldlega dreifst út í umhverfið, t.d. við yfirborðshreinsun eða efnahreinsun. Umbúðir viðkomandi efna og vörutegunda skulu, auk annarra lögbundinna merkinga, merktar eftirfarandi áletrun með skýru og óafmáanlegu letri: ,,Eingöngu til nota í iðnaði".<br><br>Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota í málmiðnaði öðrum en járniðnaði efni í B-hluta 4. viðauka. | **Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni (eituráhrif, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **6. gr.<br>Önnur hættuleg efni** | Óheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota efni eða vörutegundir sem innihalda 0,1% eða meira af efnum sem talin eru upp í 6. viðauka. | **Verkstæði** – hættuleg efni (eituráhrif, neikvæð áhrif á heilsu).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni (eituráhrif, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **IV. Viðauki** | Klórefnasambönd. | **Verkstæði** – hættuleg efni (eituráhrif, neikvæð áhrif á heilsu).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni (eituráhrif, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **VI. Viðauki** | Önnur hættuleg efni. | **Verkstæði** – hættuleg efni (eituráhrif, neikvæð áhrif á heilsu).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni (eituráhrif, neikvæð áhrif á heilsu). |

Reglugerðin gildir um framleiðslu, geymslu og flutning sprengiefnis, þ.á m. lestun og losun, svo og um kaup, notkun, förgun, verslun og inn- og útflutning sprengiefnis. Reglugerðin gildir einnig um tæki og efni sem notuð eru við hvers kyns meðferð sprengiefnis. Undanþegin ákvæðum reglugerðarinnar eru:

a. sprengiefni í eigu landhelgisgæslu og lögreglu,
b. flugeldar og
c. flutningur sprengiefnis í skipum og flugvélum.

Geymsla og notkun sprengiefnis um borð í skipum fellur undir ákvæði reglugerðarinnar, svo og notkun sprengiefnis við köfun frá skipum og landi. Ríkislögreglustjórinn úrskurðar ef vafi leikur á hvort sprengiefni eða tæki og búnaður falli undir gildissvið reglugerðarinnar.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **8. gr. Öryggisleiðbeiningar** | Þegar sprengiefni er afhent skulu fylgja því öryggisleiðbeiningar á íslensku í samræmi við ákvæði reglna um öryggisleiðbeiningar við afhendingu hættulegra efna. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón), öryggisáætlanir (leiðbeiningar).<br><br>**Vinnusvæði -** sprengingar (slysahætta, eignatjón), öryggis-áætlanir (leiðbeiningar).<br><br>**Jarðgangnagerð -** sprengingar (slysahætta, eignatjón), öryggisáætlanir (leiðbeiningar).<br><br>**Jarðvinna -** sprengingar (slysahætta, eignatjón), öryggis-áætlanir (leiðbeiningar). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **9. gr.**<br>**Framleiðsla** | Með framleiðslu er átt við hverskynsaðgerðir sem leiða til myndunar sprengiefnis, svo og pökkun efnisinsog annan frágang. Blöndun ammóníumnítrats og olíu telst framleiðsla sprengiefnis. Framleiðsla sprengiefnis er óheimil nema með leyfi ríkislögreglustjórans.<br><br>Framleiðslustaður skal auk þess háður samþykki Brunamálastofnunar ríkisins og búnaður og framleiðsluaðferðir skulu háðar samþykki Vinnueftirlits ríkisins.<br><br>Vinnueftirlit ríkisins getur veitt einstaklingum, sem öðlast hafa leyfi til að fara með sprengiefni,<br>heimild til að framleiða sprengifima blöndu ammóníumnítrats og olíu á sprengistað, enda geri þeir nauðsynlegar öryggisráðstafanir.<br><br>Óheimilt er að flytja slíkt sprengiefni til annarra staða nema með sérstöku leyfi viðkomandi lögreglustjóra. Blöndun ammóníumnítrats skal fara fram í a.m.k. 60 m fjarlægð frá sprengiefnageymslu. Vinnueftirlit ríkisins getur þó heimilað minni fjarlægð í einstökum tilvikum ef aðstæður krefjast þess. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón), sprengiefnageymslur.<br><br>**Vinnusvæði** - Sprengiefnageymslur<br><br>**Jarðgangnagerð -** sprengingar (slysahætta, eignatjón), Sprengiefnageymslur.<br><br>**Jarðvinna -** Sprengingar (slysahætta, eignatjón), Sprengisefnageymslur. |
| **11. gr.**<br>**Sala til notenda** | Sprengiefni má aðeins selja þeim, sem fengið hefur leyfi lögreglustjóra til að kaupa það og hafa í sinni vörslu. Óheimilt er að afhenda sprengiefni nema gegn framvísun leyfisins.<br><br>Ef kaupandi er lögaðili skal hann tilnefna einn starfsmann sinn sem sérstakan ábyrgðarmann til að hafa umsjón með vörslu efnisins og skal ábyrgðarmaður fullnægja skilyrðum a- liðar 30. gr. Umsókn um leyfi til kaupa á sprengiefni skal fylgja yfirlýsing viðkomandi einstaklings um að hann taki að sér hlutverk ábyrgðarmanns ásamt staðfestingu forráðamannsfyrirtækisins.<br><br>Láti ábyrgðarmaður af störfum eða geti hann ekki sinnt starfi sínu lengur, skal þegar í stað tilnefna annan ábyrgðarmann. Að öðrum kosti telst leyfi skv. 1. mgr. fallið úr gildi.<br><br>Í greininni er fjallað um hlutverk og ábyrgð og rétt ábyrgðarmannsog þess aðila sem hefur leyfi til að kaupa sprengiefni. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðgangnagerð -** sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta, eignatjón). |
| **12. gr.**<br>**Búnaður** | Við framleiðslu og notkun sprengiefnis er einungis heimilt að nota vélar, áhöld og annan búnað sem viðurkenndur er af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt nánari reglum er það setur. Búnaður sem hlotið hefur viðurkenningu til notkunar samkvæmt ákvæðum EES- samningsins telst viðurkenndur á Íslandi. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Vinnuvélar –** Ástand.<br><br>**Jarðgangnagerð -** sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta, eignatjón). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **13. gr.**<br>**Flokkun, samþykki og tilkynningarskylda** | Sprengiefnageymslur skiptast í þrjá flokka:<br>1. flokkur: Færanlegar sprengiefnakistur fyrir minni forða, allt að 50 kg sprengiefnis, 100 hvellhettur og 100 m af sprengiþræði.<br>2. flokkur: Færanlegar sprengiefnageymslur, t.d. gámar.<br>3. flokkur: Staðbundnar sprengiefnageymslur, t.d. geymslur heildsala, skipafélaga, hafna eða bæjarfélaga.<br><br>Geymslur í 1. og 2. flokki skulu viðurkenndar af Vinnueftirliti ríkisins samkvæmt nánari reglum sem stofnunin setur. Óheimilt er að koma fyrir færanlegri sprengiefnageymslu án leyfis lög-reglustjóra í umdæminu, sem tilkynnir það hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra og Vinnueftirliti ríkisins. Í umsókn skal tilgreina áætlað magn sem fyrirhugað er að geyma.<br><br>Hönnun og staðsetning geymslna í 3. flokki skal samþykkt af Brunamálastofnun ríkisins. | **Efnisvinnsla** – sprengiefnageymslur.<br><br>**Vinnusvæði –** sprengiefnageymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð –** sprengiefnageymslu.<br><br>**Jarðvinna** – sprengiefnageymslur. |
| **14. gr.**<br>**Almenn ákvæði um sprengiefnageymslur** | Fjallað er um gerð og innréttingu sprengiefnageymsla, að sprengiefni skuli ávallt geyma í þannig geymslu og að laust sprengiefni skuli tafarlaust flutt í viðurkennda geymslu, t.d. ef hlé verður á framkvæmdum á vinnusvæði.<br><br>Fjallað er um umgengni við sprengiefnakistur og sprengiefnageymslur. | **Efnisvinnsla** - sprengiefnageymslur<br><br>**Jarðgangnagerð -** Sprengiefnageymslu<br><br>**Jarðvinna** - sprengiefnageymslur<br><br>**Vinnusvæði** - sprengiefnageymslur |
| **15. gr.**<br>**Umgengnisreglur í og við sprengiefna-geymslur** | Reykingar, meðferð opins elds og radíósenda í sprengiefnageymslum og í grennd við þær er bönnuð.<br><br>Við geymslu eða aðra meðhöndlun skal sprengiefni vera í upprunalegum umbúðum frá framleiðanda eða búið um það á annan jafntryggan hátt í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.<br><br>Önnur vinna en sú sem varðar meðhöndlun og umbúnað sprengiefnis má ekki fara fram í sprengiefnageymslu. Óheimilt er að geyma þar önnur tæki og búnað sem tilheyra sprengivinnunni, t.d. mælitæki, hnalla og þess háttar. | **Efnisvinnsla** – sprengiefnageymslur.<br><br>**Vinnusvæði –** sprengiefnageymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð –** sprengiefnageymslu.<br><br>**Jarðvinna** – sprengiefnageymslur. |
| **16. gr.**<br>**Merkingar geymslna og aðskilnaður sprengi-efna** | Sprengiefnageymslur í flokki 3 skulu rammlega girtar af. Hlið með traustri læsingu skal vera á girðingu. Sama gildir um sprengiefnageymslur í flokki 2 sem settar eru niður á sama stað í 12 mánuði eða lengur, t.d. í tengslum við verklegar framkvæmdir.<br><br>Á girðingum og geymslum skulu vera greinilegar merkingar og viðvaranir um hættu af völdum sprengiefna.<br><br>Við geymslu sprengiefna skal gæta þess að reglum um aðskilnað sprengiefna sé framfylgt. Einungis má geyma þau efni saman sem eru í sama aðskilnaðarflokki, sbr. 2. mgr. 4. gr. | **Efnisvinnsla** – sprengiefnageymslur.<br><br>**Vinnusvæði -** sprengiefnageymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð –** sprengiefnageymslu.<br><br>**Jarðvinna** – sprengiefnageymslur. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **17. gr.**<br>**Öryggisfjarlægðir** | Sprengiefni skal geyma í öruggri fjarlægð frá híbýlum manna og frá stöðum þar sem gera má ráð fyrir að fólk dveljist eða komi saman og frá mannvirkjum, umferðargötum og þjóðvegum. Til viðmiðunar eru þær fjarlægðir sem settar eru fram í viðauka IV.<br><br>Um öryggisfjarlægðir milli sprengistaðar og háspennulína og radíósendibúnaðar gilda ákvæði viðauka IV.<br><br>Lögreglustjóri getur í samráði við slökkviliðsstjóra heimilað frávik frá þessum viðmiðunum þegar sérstaklega stendur á. | **Efnisvinnsla** – sprengiefnageymslur.<br><br>**Vinnusvæði -** sprengiefnageymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð –** sprengiefnageymslu.<br><br>**Jarðvinna** – sprengiefnageymslur. |
| **18. gr.**<br>**Birgðabókhald** | Sá sem hefur með höndum sprengiefni skal, í þar til gerðri rekstrardagbók, halda nákvæmt birgðabókhald, þar sem fram kemur magn móttekins sprengiefnis, tilflutningur efnis milli geymslna, notað efni og magn sem tiltækt er í hverri sprengiefnageymslu.<br><br>Ábyrgðarmaður samkvæmt 2. mgr. 11. gr. skal tryggja að farið sé að ákvæðum 1. mgr.<br><br>Rekstrardagbók skal sýnd lögreglu eða Vinnueftirliti ríkisins þegar þess er óskað. | **Efnisvinnsla** – sprengiefnageymslur.<br><br>**Vinnusvæði -** sprengiefnageymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð –** sprengiefnageymslu.<br><br>**Jarðvinna** – sprengiefnageymslur. |
| **19. gr.**<br>**Tilhögun flutnings** | Auk ákvæða reglugerðarinnar gildir um flutning sprengiefnis á landi reglugerð um flutning á hættulegum farmi.<br><br>Um vörslu sprengiefnis á flutningsmiðstöðvum gilda ákvæði 13.-18. greinar.<br><br>Hvellhettur skulu ávallt fluttar í traustum umbúðum til að koma í veg fyrir ótímabæra sprengingu.<br><br>Ekki er heimilt að flytja sprengiefni með öðrum hættulegum efnum í sama ökutæki eða með annarri vöru ef slíkt eykur hættu á bruna eða sprengingu.<br><br>Einungis er heimilt að flytja í sama ökutæki sprengiefni sem fullnægja skilyrðum um aðskilnaðarflokkun samkvæmt viðauka V. Þá skulu leyfi sem nauðsynleg eru, sbr. 2. og 3. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 21. gr., vera fyrir hendi, auk fyrirmæla lögreglustjóra ef við á, sbr. 23. gr. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunahætta, neikvæð áhrif á heilsu), búnaður farartækja sem flytja hættuleg efni (slysahætta). |
| **20. gr.**<br>**Ökutæki** | Ökutæki sem notað er til flutnings á sprengiefnum skal vera í góðu ástandi og fullnægja öllum ákvæðum umferðarlaga og reglna um gerð og búnað ökutækja. Ef flutt er meira en 50 kg af sprengiefni, að umbúðum undanskildum, skal ökutæki vera viðurkennt fyrir slíkan flutning í samræmi við reglugerð um flutning á hættulegum farmi. Eigandi, notandi og ökumaður ökutækis sem flytur sprengiefni eru, hver um sig, ábyrgir fyrir því að ökutækið standist þær kröfur sem gerðar eru. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunahætta, neikvæð áhrif á heilsu).<br><br>**Samgöngur innan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunahætta, neikvæð áhrif á heilsu). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **21. gr. Flutningsleyfi, takmarkanir o.fl.** | Í greininni er fjallað um það magn sprengiefnis sem heimilt er að flytja við mismunandi aðstæður, innan og utan vinnusvæðis, og með mismunandi gerðir sprengiefnis. Einnig er fjallað um meðferð og flutning hvellhetta.<br><br>Óheimilt er að flytja sprengiefni með hópbif-reiðum og öðrum samgöngutækjum sem samtímis eru notuð til fólksflutninga á landi. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunahætta, neikvæð áhrif á heilsu).<br><br>**Samgöngur innan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunahætta, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **22. gr. Merking ökutækis** | Í greininni er fjallað um merkingar flutningstækja fyrir sprengiefni. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - merkingar og fylgiskjöl hættulegra efna. |
| **23. gr. Flutningsleiðir** | Til að draga úr hættu á óhöppum við flutning sprengiefnisgeta lögreglustjórar gefið fyrirmæli um flutningsleiðir, flutningstíma, hámarksmagn sprengiefnis, lögreglufylgd og önnur þau atriði sem þeir telja nauðsynleg til að tryggja nægjan-legt öryggi við flutninginn.<br><br>Sá sem annast flutning sprengiefnis skal gera lögreglustjóra viðvart með hæfilegum fyrirvara ef<br>fyrirhugað er að flytja óvenjumikið magn sprengi-efniseða sprengiefni sem sjaldan er flutt með ökutækjum og sérstök hætta fylgir. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunahætta, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **24. gr. Stjórnandi ökutækis** | Stjórnandi ökutækis sem flytur sprengiefni skal hafa næga þekkingu á eiginleikum efnisins,<br>meðhöndlun þess og þeim ráðstöfunum sem gera skal ef óhapp verður eða eldur kemur upp. Ef flutt er meira en 50 kg af sprengiefni skal ökumaður hafa gilt vottorð um starfsþjálfun samkvæmt reglugerð um starfsþjálfun stjórnenda ökutækja sem flytja hættulegan farm. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunahætta, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **25. gr. Lestun og losun** | Fjallað er um meðferð og frágang sprengiefnis, tækjabúnað sem notaður er við meðhöndlun og ástand umbúða. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunahætta, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **26. gr. Flutningur í gámum** | Um flutning sprengiefnis í gámum fer samkvæmt reglugerð um flutning á hættulegum farmi. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunahætta, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **27. gr. Flutningur í ökutæki** | Ökutæki sem flytur sprengiefni skal vera undir stöðugu eftirliti meðan á flutningi stendur. Meðferð opinselds og reykingar eru óheimilar í eða nærri ökutæki sem flytur sprengiefni. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunahætta, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **28. gr. Viðbrögð við óhöppum** | Verði óhapp við flutning sprengiefnis þannig að stöðva verði flutninginn skal óhappið þegar í stað tilkynnt næstu lögreglu- og slökkvistöð. Stafi umferð hætta af óhappinu skal hún stöðvuð.<br><br>Nú er ekki unnt að halda flutningi áfram með sama ökutæki og skal þá sprengiefnið fjarlægt af staðnum með ýtrustu varúð og því komið fyrir með öruggum hætti. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunahætta, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **29. gr. Réttindi til að annast sprengivinnu - sprengistjóri** | Enginn má fara með sprengiefni og annast sprengivinnu nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra samkvæmt 1. mgr. 27. gr. vopnalaga.<br><br>Fjallað er um útgáfu þessara réttinda, mismunandi gerðir réttinda þ.e A og B réttindi, endurnýjun réttinda, og skyldu sprengistjóra til að bera á sér skírteini. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta, eignatjón). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **30. gr.**<br>**Námskeið og próf** | Til að fá vottorð Vinnueftirlits ríkisins um næga kunnáttu til að annast sprengivinnu þarf að fullnægja þessum skilyrðum:<br>a. vera orðinn 20 ára að aldri,<br>b. hafa sótt námskeið sem Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir og staðist bóklegt próf,<br>c. hafa staðist verklegt próf, sem prófdómari á vegum Vinnueftirlits ríkisins hefur lagt fyrir. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta, eignatjón). |
| **31. gr.**<br>**Skyldur og ábyrgð sprengistjóra** | Fjallað er um stjórn og á ábyrgð sprengistjóra varðandi framkvæmd sprengivinnu, meðferð og notkun sprengiefnis, búnaðar og að samræmi sé gætt við reglugerðir, leiðbeiningar framleiðanda og eftirlitsmanns.<br><br>Sprengistjóra er heimilt að fela manni, sem ekki hefur réttindi til að fara með sprengiefni, einstök verkefni við undirbúning sprengingar, enda hafi hann hlotið nauðsynlega tilsögn. Eftir að hleðsla hefst og þar til skot hefur riðið af og gengið hefur verið úr skugga um að allar hleðslur hafi sprungið, skal sprengistjóri ávallt vera á sprengistað og tryggja að fyllsta öryggis sé gætt. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta, eignatjón). |
| **32. gr.**<br>**Meðferð sprenigefnis á sprengistað** | Sprengiefni og hvellhettur sem teknar hafa verið úr geymslu til notkunar skulu ávallt vera undir eftirliti og þannig fyrir komið að óviðkomandi hafi ekki aðgang að.<br><br>Sprengiefni og hvellhettur má ekki taka með sér inn í íbúðarhúsnæði, starfsmannarými eða vinnustað sem óviðkomandi er sprengivinnunni. | **Vinnubúðir** - geymsla hættulegra efna.<br><br>**Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón), sprengiefnageymslur.<br><br>**Vinnusvæði** – sprengiefnageymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð - s**prengingar (slysahætta, eignatjón), sprengiefnageymslur.<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta, eignatjón), sprengiefnageymslur. |
| **33. gr.**<br>**Rafkveikibúnaður og straumleiðslur** | Fjallað er um ástand kveiki- og mælibúnað og að hann henti þeim hvellhettum sem eru í notkun. Fjallað er um meðferð á leiðslum, öryggisráðstafanir til að koma í veg fyrir ótímabæra sprengingu vegna t.d. vegna ísingar eða háspennulína. Einnig er fjallað um ástand víra m.t.t. hættu á jarðsambandi.<br><br>Einnig er fjallað um ráðstafanir til að koma í veg fyrir hættu af völdum radíósenda. Minnsta fjarlægð milli sprengistaðar og sendibúnaðar skal vera samkvæmt viðauka IV, en auk eru í greininni taldar upp aðrar varúðarráðstafanir sem gera skal við ýmsar aðstæður. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta, eignatjón). |
| **34. gr.**<br>**Kveikibúnaður sem ekki flytur rafstraum** | Við notkun púðurkveikiþráða, sundrunarþráða eða annarra kveikiþráða sem ræsa hvellhettur og ekki eru rafknúnir, skal farið eftir leiðbeiningum framleiðanda og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta, eignatjón). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **35. gr.**<br>**Borun** | Borun má einungis framkvæma af sprengistjóra eða aðstoðarmanni undir eftirliti hans. Ef borun og hleðsla fer fram samtímis skal þess gætt að hafa örugga fjarlægð á milli borunar og hleðslu og aldrei minna en 5 metra. Aldrei má bora nær hlaðinni holu en 2 metra.<br><br>Áður en sprengivinna hefst skal sprengistjóri gera áætlun um það hvernig staðið skuli að borun og hleðslu. Í greininni eru taldar upp þær upplýsingar sem skulu að jafnaði koma fram í áætluninni.<br><br>Sprengistjóri skal ávallt hafa sprengiáætlun tiltæka á sprengistað og sýna hana eftirlitsmanni Vinnueftirlits ríkisins eða lögreglu þegar eftir því er leitað.<br><br>Sprengistjóra er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. við námavinnslu, enda sé tryggt að hætta geti ekki stafað af sprengivinnunni. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta, eignatjón). |
| **36. gr.**<br>**Byrging** | Sprengistjóri skal sjá til þess að skotsvæði sé byrgt með sprengimottum eða öðru efni á fullnægjandi átt, þannig að grjót kastist ekki frá sprengistað.<br><br>Heimilt er að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar sprengt er á víðavangi og fullvíst er, að mati sprengistjóra, að grjótflug geti ekki valdið tjóni. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta, eignatjón). |
| **37. gr.**<br>**Umhverfi, tjónvarnir og tjónaeftirlit** | Fjallað er um úttekt á umhverfi fyrir sprengivinnu m.t.t. hugsanlegs tjóns, samráði við eigendur við þá skoðun nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir skemmdir.<br><br>Ef hætta er talin á að mannvirki geti orðið fyrir skemmdum skal sá er ábyrgð ber á sprengivinnu setja upp titringsmæla af viðurkenndri gerð í eða við þau mannvirki sem í hættu kunna að vera, í samráði við eigendur þeirra. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta, eignatjón). |
| **38. gr.**<br>**Öryggisgæsla, viðvaranir og grenndarkynning** | Fjallað er um ábyrgð sprengistjóra varðandi tæmingu og lokun svæða umhverfissprengistað, merkingar, notkun hljóðmerkis til að gefa til kynna að skot sé yfirvofandi og að íbúum sé gert viðvart. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta, eignatjón). |
| **39. gr.**<br>**Skot** | Fjallað er um framkvæmd skots, aftengingu frá skothnalli, könnun á árangri, viðvörun ef hluti hleðsla hafa ekki sprungið og viðbrögð ef rafkveikjur eða nonelkveikjur springa og vöktun á sprengisvæði þar til ósprungnum hleðslum hefur verið eytt. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta, eignatjón). |
| **40. gr.**<br>**Óvenjuleg sprengivinna** | Ef um er að ræða óvenjulega sprengivinnu, svo sem sprengingar neðansjávar, sprengiformun málma, sprengingar í málmbræðsluofnum, sprengingar vegna vísindarannsókna, snjóflóðavarna, ísstíflulosunar o.s.frv., skal unnið eftir skriflegri verklýsingu þar sem meðal annars komi fram nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi starfsmanna og annarra. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta, eignatjón). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **Viðauki I** | Grunnkröfur um öryggi. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón), sprengiefnageymslur.<br><br>**Vinnuvélar -** ástand vinnuvéla.<br><br>**Vinnusvæði -** sprengiefnageymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta, eignatjón), srengiefnageymslur.<br><br>**Jarðvinna -** sprengingar (slysahætta, eignatjón), sprengi-efnageymslur.<br><br>**Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunahætta, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **Viðauki III** | SÞ-merkið fyrir 1. hættuflokk (sprengiefni), varúðarmerki. | |
| **Viðauki IV** | Öryggisfjarlægðir. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðgangnagerð -** sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta, eignatjón). |
| **Viðauki V** | Leyfi til flutnings efna í mismunandi aðskilnaðarflokkum. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna (brunahætta, neikvæð áhrif á heilsu). |
| **Viðauki VI** | Hámarksbylgjuhraði (V = mm/sek.) fyrir mannvirki. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta, eignatjón).<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta, eignatjón). |

Reglur þessar gilda um þá krana og þann lyftibúnað sem er í notkun eða verður tekinn í notkun eftir gildistöku reglna þessara og fellur ekki undir gildandi reglur um vélar og tæknilegan búnað.
Þessum reglum hefur verið breytt með reglum nr. 236/2001. Þær breytingar eru hluti af greiningunni

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **3. gr. Grindarbómu-kranar.** | 1. Grindarbómukranar skulu vera með vog sem á ótvíræðan hátt gefur stjórnanda kranans til kynna hversu þungri byrði er verið að lyfta eða reyna að lyfta.<br><br>2. Á grindarbómukrönum skal vera hallamælir fyrir bómu sem stjórnandi kranans getur auðveldlega lesið af úr stjórnsæti og sjálfvirkur útsláttur á bómuhífingu sem kemur í veg fyrir að bóman verði reist meira en leyfilegt er.<br><br>3. Á bómu og framlengingarbómu grindarbómukrana skal vera öryggi sem hindrar að bómur geti farið afturyfir sig.<br><br>4. Á grindarbómukrönum skal vera hæðarstopp sem stöðvar hífingu, eða búnaður sem gefur stjórnanda aðvörun með ljós- eða hljóðmerki, áður en krókurinn er kominn of nærri bómuhausnum. | **Vinnuvélar** – öryggisútbúnaður (slysahætta, veltihætta). |
| **4. gr.<br>Kranar með skotbómu** | 1. Kranar með skotbómu skulu vera með vog.<br><br>2. Á krönum með skotbómu skal vera hallamælir fyrir bómu .<br><br>3. Á krönum með skotbómu skal vera hæðarstopp eða aðvörunarbúnaður sem gefur merki áður en krókur eða blökk er komin of nærri bómuhausnum. | **Vinnuvélar** – öryggisútbúnaður (slysahætta, veltihætta). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **5. gr.**<br>**Byggingakranar** | 1. Byggingakranar skulu vera með yfirátaksvörn og vægisrofa.<br><br>2. Í byggingakrönum skal vera hæðarstopp og búnaður sem kemur í veg fyrir að vírnum sé slakað of mikið út af vindunni.<br><br>3. Byggingakranar, sem eru með breytilegan bómuhalla, skulu vera með sjálfvirka stöðvun fyrir mesta og minnsta leyfilegan halla bómunnar.<br><br>4. Byggingakranar sem ganga á braut skulu vera með útsláttarrofa sem stöðvar kranann áður en hann kemur að endastoppi og flautu eða bjöllu sem gefur hljóðmerki þegar kraninn er færður til á brautinni. | **Vinnuvélar** – öryggisútbúnaður (slysahætta, veltihætta). |
| **7. gr.**<br>**Brúkranar, hlaupakettir og talíur** | 1. Brúkranar, hlaupakettir og talíur sem eru með lyftigetu 1000 kg og meira, skulu vera með yfirátaksvörn.<br><br>2. Brúkranar, hlaupakettir og talíur sem eru með lyftigetu 1000 kg og meira, skulu vera með hæðarstoppi og stöðvunarbúnaði. | **Verkstæði** - hífingarbúnaður og kranar, stroffur og vírar (fallslys, slit, klemmur, áverkar), hlaupakettir (slysahætta, fall, klemma, áverkar).<br><br>**Vinnuvélar** - öryggisútbúnaður (slysahætta, veltihætta). |
| **9. gr.**<br>**Ýmis ákvæði** | 1. Á spori fyrir krana sem ganga eftir ákveðinni braut skal vera endastopp. Einnig skal vera búnaður á krananum til að festa hann. Séu tvö eða fleiri lyftitæki á sömu braut eða spori skulu vera á þeim nálgunarrofar.<br><br>2. Byggingarkranar og allir aðrir kranar með stjórnhúsi skulu vera með flautu.<br><br>3. Allir kranar skulu merktir hámarkslyftigetu og aðrir kranar en brúkranar og löndunarkranar skulu vera með greinilega lyftitöflu úr varanlegu efni.<br><br>4. Kranar sem reglur þessar gilda um skulu vera þannig búnir eða frá þeim gengið að óviðkomandi geti ekki gangsett þá. | **Verkstæði** - hífingarbúnaður og kranar, stroffur og vírar (fallslys, slit, klemmur, áverkar), hlaupakettir (slysahætta, fall, klemma, áverkar).<br><br>**Vinnuvélar** - öryggisútbúnaður (slysahætta, veltihætta). |
| **10. gr.**<br>**Krókar** | 1. Allir krókar sem notaðir eru við hífingar skulu vera með króköryggi eða þannig búnir að ásláttarbúnaður geti ekki losnað úr þeim óvart.<br><br>2. Hægt er að veita undanþágu frá ákvæði 1. mgr. þessarar greinar ef staðfest er að hverfandi lítil hætta stafi af notkun búnaðarins án þessa öryggisbúnaðar. | **Verkstæði** - hífingarbúnaður og kranar, stroffur og vírar (fallslys, slit, klemmur, áverkar), hlaupakettir (slysahætta, fall, klemma, áverkar).<br><br>**Vinnuvélar** - öryggisútbúnaður (slysahætta, veltihætta). |

Reglur þessar gilda um varasöm efni og vörutegundir sem nota á við atvinnurekstur sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Með varasömum efnum og vörutegundum er átt við eftirfarandi efni og vörutegundir:
a) Efni sem flokkuð eru samkvæmt reglugerð nr. 236/1990, ásamt síðari breytingum, um eiturefni eða hættuleg efni og vörutegundir sem innihalda slík efni.
b) Efni sem eru á skrá í reglum nr. 154/1999 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.
c) Eiturefni og hættuleg efni sem notuð eru í landbúnaði og til útrýmingar meindýra, samkvæmt reglugerð nr. 50/1984.
d) Sprengiefni er falla undir gildandi reglugerð um sprengiefni.
e) Efni og vörutegundir sem vegna efna- eða eðlisfræðilegra eiginleika geta að mati Vinnueftirlits ríkisins valdið heilsutjóni eða skapað slysahættu við notkun á vinnustöðum.

Ákvæði þessara reglna gilda ekki um efni sem falla undir vopnalög nr. 16/1998 nema hvað varðar sprengiefni, sbr. d-lið 2. mgr. þessarar greinar, lyfjalög nr. 93/1994 og lög nr. 117/1985 um geislavarnir, nema hvað varðar aðra varasama eiginleika en geislavirkni.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **2. gr.**<br>**Almenn ákvæði** | Sá sem afhendir varasöm efni eða vörutegundir sem falla undir reglur þessar, hvort sem það er framleiðandi, innflytjandi, seljandi eða dreifingaraðili, skal sjá viðtakanda fyrir öryggisleiðbeiningum með upplýsingum sem greinir í 3. gr. Öryggisleiðbeiningar skulu vera á íslensku. Öryggis-leiðbeiningar skulu afhentar viðtakanda honum að kostnaðarlausu. Við endurskoðun á öryggisleiðbeiningum skulu allir þeir sem fengið hafa viðkomandi efni eða vörutegund á síðustu 12 mánuðum fá nýjar öryggisleiðbeiningar sér að kostnaðarlausu óski þeir eftir því.<br><br>Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar á ekki við ef um er að ræða sölu í verslunum sem almenningur á aðgang að, nema nota eigi efni eða vörutegund við atvinnurekstur og viðkomandi fari fram á að fá öryggisleiðbeiningar. | **Verkstæði** - hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu), gashylki (sprengihætta).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál- og steypuvirki** - hættuleg efni skv. 236/1990, gashylki (sprengihætta).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (bruna- og sprengihætta, loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **2. gr.**<br>**Almenn ákvæði** | Öryggisleiðbeiningar skulu fylgja með efnum og vörutegundum þegar viðtakandi tekur á móti þeim í fyrsta skipti og þegar breytingar hafa verið gerðar á þeim vegna nýrra upplýsinga um öryggi er varðar heilsu starfsmanna og verndun umhverfis. Þegar öryggisleiðbeiningum hefur verið breytt skal koma fram á þeim að um endurskoðaða útgáfu sé að ræða. Þeir sem nota efni eða vörutegundir við atvinnurekstur skulu sjá til þess að öryggisleiðbeiningar séu til staðar á notkunarstað. Þeir skulu óska eftir að fá öryggisleiðbeiningar við móttöku efna eða vörutegunda þegar þess er þörf.<br><br>Ekki er skylt að láta öryggisleiðbeiningar fylgja með efnum og vörutegundum við afhendingu til almenningsnota enda séu umbúðir merktar samkvæmt reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, með síðari breytingum. Öryggisleiðbeiningar skal ávallt afhenda ef farið er fram á það og nota á efni eða vörutegund við atvinnurekstur. | **Verkstæði** - hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu), gashylki (sprengihætta).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál- og steypuvirki** - hættuleg efni skv. 236/1990, gashylki (sprengihætta).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (bruna- og sprengihætta, loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |
| **3. gr.**<br>**Öryggisleiðbeiningar** | Í greininni eru taldir upp þeir efnisþættir sem skulu vera í öryggis-leiðbeiningum.<br><br>Framleiðanda, innflytjanda eða seljanda er skylt að veita viðtakanda efna og vörutegunda upplýsingar um þá efnisþætti sem um getur í 1. mgr. í formi öryggisleiðbeininga.<br><br>Öryggisleiðbeiningar skal dagsetja. | **Verkstæði** - hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu), gashylki (sprengihætta).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990.<br><br>**Stál- og steypuvirki** - hættuleg efni skv. 236/1990, gashylki (sprengihætta).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (bruna- og sprengihætta, loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990. |

Reglugerð þessi tekur til vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri. Gerður er greinarmunur á *ungmenni* sem merkir í reglugerð þessari einstakling undir 18 ára aldri og *barni* sem merkir einstakling undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi. *Unglingur* merkir í reglugerð þessari einstakling sem hefur náð 15 ára aldri en er undir 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **5. gr.**<br>**Áhættumat** | Atvinnurekandi skal sjá um að gripið sé til viðeigandi ráðstafana á grundvelli mats á þeirri áhættu sem starf getur skapað ungmennum.<br><br>Sýni matið að öryggi, líkamlegri eða andlegri heilsu eða þroska ungmennis geti verið stofnað í hættu skal atvinnu-rekandi sjá til þess að reglulega fari fram viðeigandi skoðun og eftirlit með heilsu ungmenna þeim að kostnaðarlausu.<br><br>Atvinnurekanda er heimilt að leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um öryggi vinnustaðarins. | **Öll störf** – vinna barna og unglinga. |
| **6. gr.**<br>**Leiðbeiningar og kennsla** | Atvinnurekandi skal tryggja að ungmenni fá fullnægjandi kennslu og leiðbeiningar þannig að tryggt sé að vinnan sé ekki hættuleg öryggi eða heilsu þeirra. Atvinnurekandi skal kynna ungmennum þær ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja öryggi þeirra og heilbrigði.<br><br>Vinnan skal fara fram undir viðeigandi eftirliti af einstaklingi sem orðinn er 18 ára og hefur nægilega innsýn í eðli vinnunnar.<br><br>Atvinnurekanda ber að kynna foreldrum barna eða forráðamönnum hugsanlega áhættu og öryggis- og heilbrigðisráðstafanir. | **Öll störf** – vinna barna og unglinga. |
| **7. gr.**<br>**Skipulag öryggismála.** | Atvinnurekandi skal kynna starfsmönnum sínum, sem starfa með ungmennum, og þeim, sem annast öryggismál fyrirtækisins, þær kröfur sem gerðar eru til vinnu ungmenna og tryggja að þeim sé fylgt. | **Öll störf** – vinna barna og unglinga. |
| **10. gr.**<br>**Hættuleg tæki og verkefni** | Ungmenni má ekki ráða til starfa, þar sem unnið er með tæki, eða að verkefnum, sem talin eru upp í viðauka 1 A, eða stunda vinnu sem hefur samsvarandi hættu í för með sér.<br><br>Hafi ungmenni náð 16 ára aldri mega þau starfa með tæknilegan hjálparbúnað sem talinn er upp í viðauka 1 B. | **Öll störf** – vinna barna og unglinga. |
| **11. gr.**<br>**Hættuleg efni** | Ungmenni mega ekki vinna með eða vera í hættu af þeim efnum sem talin eru upp í viðauka 2. | **Öll störf** – vinna barna og unglinga. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **12. gr.**<br>**Líkamsáreynsla** | Ungmenni mega ekki handleika þungar byrðar sem til lengri eða skemmri tíma litið geta skaðað heilbrigði þeirra og þroska. Forðast skal ónauðsynlega líkamsáreynslu ungmenna við störf, svo og rangar vinnustellingar eða hreyfingar, sbr. viðauka 3. | **Öll störf** – vinna barna og unglinga. |
| **14. gr.**<br>**Almennt ákvæði** | Ungmenni mega ekki starfa við vinnuaðstæður, sem tilgreindar eru í viðauka 3, eða við samsvarandi aðstæður sem fela í sér hættu fyrir heilbrigði þeirra og öryggi. | **Öll störf** – vinna barna og unglinga. |
| **IV. Kafli**<br>**Vinnutími unglinga** | Í þessum kafla, gr. 15-23 er fjallað um daglegan vinnutíma, samlagningu vinnutíma, kvöld- og næturvinnu, hlé, og hvíldartíma | **Öll störf** – vinna barna og unglinga. |
| **V. Kafli**<br>**Ráðning barna á aldrinum 13-15 ára eða þeirra sem eru í skyldunámi** | Í þessum kafla, gr. 24-25 er fjallað um þau störf sem börn á þessum aldri mega gegna. | **Öll störf** – vinna barna og unglinga. |
| **VII. Kafli**<br>**Vinnutími 13-15 ára barna eða þeirra sem eru í skyldunámi** | Í þessum kafla, gr. 27-32, er fjallað um vinnutíma barna, vinnutíma barna í verknámi, bannákvæði og hvíldartíma. | **Öll störf** – vinna barna og unglinga. |
| **Viðauki 1A** | Listi yfir tæki og verkefni sem ungmenni undir 18 ára aldri mega ekki vinna við eða með. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða. | **Öll störf** – vinna barna og unglinga. |
| **Viðauki 1B** | Listi yfir vélar og tæki sem 16 og 17 ára unglingar mega vinna með. Um er ræða undanþágu frá lista í viðauka 1A. | **Öll störf** – vinna barna og unglinga. |
| **Viðauki 1C** | Listi yfir vélar og tæki sem 15 ára og eldri mega vinna með hjá fjölskyldufyrirtækjum. | **Öll störf** – vinna barna og unglinga. |
| **Viðauki 2** | Listi yfir efni sem ungmenni undir 18 ára mega ekki vinna með. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða. | **Öll störf** – vinna barna og unglinga. |
| **Viðauki 3** | Störf sem geta valdið heilsutjóni og ungmenni undir 18 ára aldri mega ekki vinna. Ekki er um tæmandi upptalningu að ræða. | **Öll störf** – vinna barna og unglinga. |
| **Viðauki 4** | Listi yfir störf af léttara tagi sem 13 og 14 ára eða eldri mega vinna. | **Öll störf** – vinna barna og unglinga. |

Reglur þessar gilda um alla starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem efni í mengunarmarkaskrá myndast eða eru notuð.

Reglugerðinni hefur verið breytt með reglugerð nr. 917/2001. Þær breytingar eru hluti af greiningunni.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **3.gr.**<br>**Almenn ákvæði** | Vinnu skal skipuleggja og framkvæma þannig að mengun sé eins lítil og kostur er. Mengun í andrúmslofti starfsmanna skal ekki fara yfir mengunarmörk sem gefin eru upp í mengunarmarkaskrá.<br><br>Fyrir þau efni, sem mengað geta andrúmsloftið og valdið starfsmönnum heilsutjóni og eru ekki á skrá, setur Vinnueftirlit ríkisins mengunarmörk í hverju einstöku tilviki. | **Verkstæði** - hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu), vinna í lokuðu rými (loftmengun, eituráhrif, útblástur farartækja og vinnuvéla, sprengihætta).<br><br>**Efnisvinnsla** – loftmengun (svifryk).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990, útblástur (loftmengun, svifryk, Nox, CO, PAH).<br><br>**Stál- og steypuvirki** - hættuleg efni skv. 236/1990, gashylki (sprengihætta), vinna í lokuðu rými (loftmengun, eituráhrif, útblástur farartækja og vinnuvéla, sprengihætta).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði), útblástur farartækja (loftmengun, svifryk, Nox, CO, PAH).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990, útblástur farartækja og vinnuvéla (loftmengun, svifryk, Nox, CO, PAH), vinna í lokuðu rými (loftmengun, eituráhrif, útblástur farartækja og vinnuvéla, sprengihætta). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **4. gr.**<br>**Aðgerðir til að draga úr mengun**<br>**í andrúmslofti starfsmanna** | Þegar augljóst er að mengun er yfir mengunarmörkum skal þegar grípa til aðgerða til að draga úr mengun. Leiki vafi á hvort mengun sé yfir eða undir mörkum skulu aðstæður þegar rannsakaðar með tilliti til þess.<br><br>Ef rannsókn leiðir í ljós að mengun er yfir mörkum skal strax gripið til aðgerða til að draga úr henni þar til viðunandi má teljast.<br><br>Ef ekki er unnt að grípa til aðgerða til að draga úr mengun eða að þær eru ófullnægjandi, skal nota nauðsynlegan hlífðarbúnað, t.d. öndunargrímur.<br><br>Vinnurými sem loftmengun getur myndast í skal hafa góða loftræstingu.<br><br>Tæknibúnað sem valdið getur mengun skal hanna og útbúa þannig að eftirlit og hreinsun sé auðveld. | **Verkstæði** - hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu), vinna í lokuðu rými (loftmengun, eituráhrif, útblástur farartækja og vinnuvéla, sprengihætta), persónuhlífar (ofnæmi eða neikvæð áhrif á heilsu).<br><br>**Efnisvinnsla** – loftmengun (svifryk).<br><br>**Vinnuvélar** - hættuleg efni skv. 236/1990, útblástur (loftmengun, svifryk, Nox, CO, PAH), persónuhlífar (ofnæmi eða neikvæð áhrif á heilsu).<br><br>**Stál- og steypuvirki** - hættuleg efni skv. 236/1990, gashylki (sprengihætta), vinna í lokuðu rými (loftmengun, eituráhrif, útblástur farartækja og vinnuvéla, sprengihætta), persónuhlífar (ofnæmi eða neikvæð áhrif á heilsu).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hættuleg efni skv. 236/1990, uppgufun lífrænna rokgjarnra efna VOC (loftmengun krabbameinsvaldandi efni), hættuleg efni: Terpentína, bikþeyta og sleipiefni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði), útblástur farartækja (loftmengun, svifryk, Nox, CO, PAH), persónuhlífar (ofnæmi eða neikvæð áhrif á heilsu).<br><br>**Jarðgangnagerð** - olíuleki (loftmengun v/VOC), hættuleg efni skv. 236/1990, útblástur farartækja og vinnuvéla (loftmengun, svifryk, Nox, CO, PAH), vinna í lokuðu rými (loftmengun, eituráhrif, útblástur farartækja og vinnuvéla, sprengihætta), persónuhlífar (ofnæmi eða neikvæð áhrif á heilsu). |
| **Viðauki 1.** | • Skrá um mengunarmörk,<br>• mengunarmarkaskrá,<br>• listi yfir athugasemdir við mengunarmarkaskrá,<br>• listi yfir mengunarmörk fyrir ryk,<br>• Samantekt á efnum sem hafa mengunarmörk fyrir örfínt ryk og þræði auk nokkurra efna sem falla ekki undir fyrsta lið þessarar greinar, Mengunarmörk fyrir suðugas,<br>• Listi yfir ofnæmisvaldandi efni,<br>• Leiðbeiningar með reglum um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun. | Sjá flokka hér að ofan. |

Markmið þessara reglna er að tryggja að starfsmenn sem ekki reykja verði ekki fyrir skaða og óþægindum af völdum tóbaksreyksá vinnustað sínum og jafnframt að veita fólki sem kemur á vinnustað vegna viðskipta eða þjónustu slíka vernd.

Ákvæði 3. til 5. greinar varða sérstaklega atvinnuhúsnæði þar sem reykingar eru ekki bannaðar með öllu samkvæmt 10. grein laga nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996. Ákvæðin gilda meðal annars um þann hluta vinnustaðar sem sérstaklega er ætlaður starfsfólki á stöðum sem almenningur hefur aðgang að vegna afgreiðslu eða þjónustu og falla því undir 9. grein sömu laga.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **4. gr.**<br>**Annað atvinnuhúsnæði** | Í vinnurými eru tóbaksreykingar óheimilar, sbr. þó grein 2. mgr.<br><br>Fjallað er um hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar svo að atvinnurekandi/forstöðumaður geti heimilað starfsmanni að reykja í vinnurými. Í öðrum töluliðum reglugerðarinnar er fjallað um ýmsar vistarverur og hvar megi reykja og hvar ekki, s.s. í bifreiðum, á kaffi og matstofum, fundarherbergjum, svefnskálum o.s.frv. Einnig er fjallað um afdrep fyrir reykingafólk.<br><br>Ákvæði 4. greinar gilda hvorki um atvinnu-starfsemi fólks á einkaheimili né heldur í einkabifreið, enda um að ræða húsnæði eða bifreið sem nýtt er einvörðungu af einstaklingum í sömu fjölskyldu eða öðrum á heimili hennar. Eftir sem áður gilda ákvæði 2. og 3. greinar um þessa staði. | **Vinnubúðir.**<br><br>**Verkstæði..**<br><br>**Vinnuvélar.**<br><br>**Stál- og steypuvirki .**<br><br>**Jarðgangnagerð.**<br><br>**Malbikun (lokuð rými, vinnutæki).** |
| **5. gr.**<br>**Loftræsting** | Þar sem tóbaksreykingar eru leyfðar skal vera fullnægjandi loftræsting að mati eftirlitsaðila. | **Sjá flokka hér að ofan** |
| **6. gr.**<br>**Ágreiningur, eftirlit og viðurlög** | Fjallað er um ágreining og úrlausn hans og hlutverk Vinnueftirlits ríkisins og heilbrigðisnefnda.<br><br>Um brot á reglum þessum fer skv. lögum nr. 74/1984 um tóbaksvarnir sbr. lög nr. 101/1996 og, eftir því sem við á, ákvæðum 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og ákvæðum VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. | **Sjá flokka hér að ofan** |

Markmið þessarar reglugerðar eru:
a. að tryggja réttaröryggi í meðferð byggingarmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,
b. að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi, endingu, útlit og hagkvæmni bygginga og annarra mannvirkja sé fullnægt,
c. að tryggja að byggingarframkvæmdir í landinu séu í samræmi við skipulagsáætlanir,
d. að gætt verði heilbrigðis-, umhverfis- og öryggissjónarmiða við byggingu og rekstur mannvirkja,
e. að tryggja tæknilegar framfarir og nýjungar í íslenskum byggingariðnaði.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **3. gr.**<br>**Ákvæði sérlaga, staðlar og aðrar reglur um byggingarmál** | Að svo miklu leyti sem ákvæði varðandi heilbrigðismál, mengunarmál, aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað eru ekki tilgreind í þessari reglugerð vísast í lög og reglugerðir um þau efni. | **Allir flokkar** |
| **56. gr.**<br>**Byggingarvinnustaðir** | Um byggingarvinnustaði vísast til reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.<br><br>Meisturum og byggingarstjóra er skylt, ef byggingarfulltrúi ákveður, að sjá svo um að hindruð sé umferð óviðkomandi aðila um vinnustað. Ef grunnur stendur óhreyfður í 6 mánuði getur byggingarfulltrúi ákveðið að hann skuli afgirtur á fullnægjandi hátt, eða fylltur ella á kostnað byggingarleyfishafa.<br><br>Ef byggingarvinnustaður liggur við götu eða svo nálægt götu að hætta geti stafað af fyrir vegfarendur skal girða hann af. Girðingar skulu þó ekki hindra umferð fótgangandi um götuna eða aðra umferð utan lóðar. | **Vinnusvæði** - aðgengi afgirðing og lokun.<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **56. gr.**<br>**Byggingarvinnustaðir frh.** | Byggingarstjóra og iðnmeisturum er skylt að sjá um að sem minnst hætta, óþrifnaður eða önnur óþægindi stafi af framkvæmdum og að viðhafðar séu fyllstu öryggisráðstafanir, eftir því sem aðstæður leyfa. Við öryggisráðstafanir á vinnustað þarf bæði að hafa í huga þá sem eru þar vegna vinnu sinnar og þá sem þar kunna að koma af öðrum ástæðum. Þá skal byggingarstjóri sjá til þess að vinnustaðir séu merktir með götunafni og númeri.<br><br>Byggingarstjóra er skylt að framfylgja tilmælum byggingarfulltrúa/ byggingarnefndar um öryggisráðstafanir á lóðarmörkum byggingarstaðar.<br><br>Um gerð og frágang vinnupalla og öryggisbúnað á byggingarvinnustöðum skal farið eftir lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum settum samkvæmt þeim. Byggingarfulltrúi getur sagt fyrir um gerð og frágang vinnupalla og um aðrar öryggisráðstafanir á byggingarvinnustað, þar sem hann telur þörf á. | **Vinnusvæði** - aðgengi afgirðing og lokun.<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |
| **57. gr.**<br>**Meðferð eiturefna og sprengiefna** | Um meðferð eiturefna og annarra hættulegra efna skal fara eftir lögum um eiturefni og önnur hættuleg efni, lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum um brunavarnir og brunamál og reglugerðum settum samkvæmt þessum lögum.<br><br>Um meðferð sprengiefna og geymslu á þeim fer eftir lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda og reglugerð sem sett hefur verið samkvæmt þeim. | **Allir flokkar** |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **110. gr.**<br>**Hótel, dvalar- og heimavistir** | Ákvæði þessarar greinar gilda fyrir húsnæði þar sem rekin er gististarfsemi, svo sem hótel, gistiheimili, gistiskála og hvers kyns dvalar- og heimavistir þ.m.t. heilsuhæli, hjúkrunarheimili, hvíldar- og hressingarheimili, elli- og dvalarheimili aldraðra, sjúkrahús, fangelsi, ver- og vinnubúðir. Gera skal ráð fyrir að gestir þekki ekki til flóttaleiða fyrirfram en geti almennt bjargast af eigin rammleik.<br><br>Uppdráttur sem sýnir útgönguleiðir skal vera festur á vegg í öllum gistiherbergjum ásamt upplýsingum um viðbrögð við eldsvoða.<br><br>Ef svefnherbergi er þannig staðsett (t.d. við enda gangs) að ekki er hægt að uppfylla kröfuna um flóttaleiðir í tvær gagnstæðar áttir þá telst flóttaleið í eina átt nægjanleg ef fjarlægð að næsta útgangi er ekki meiri en 6 m og hægt er að komast framhjá honum í annan útgang lengra burtu.<br><br>Setja skal upp slöngukefli og viðeigandi gerðir handslökkvitækja. Út- og neyðarlýsing skal vera í flóttaleiðum.<br><br>Setja skal upp sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi. | **Vinnubúðir** - eldvarnir (slysahætta), flóttaleiðir (slys á fólki). |
| **111. gr.**<br>**Iðnaðar- og geymsluhús** | Hleðsla á rafdrifnum lyfturum og sambærilegum tækjum skal fara fram í sérstöku herbergi sem skal afmarka með byggingarhlutum EI60 og EI-CS30 hurð. Herbergið skal loftræst á fullnægjandi hátt meðan á hleðslu stendur.<br><br>Eldfim efni og önnur hættuleg efni skal geyma í sér brunahólfi, EI60 með EI-S60 hurð. Hægt er að krefjast öflugri hólfunar sé um að ræða umtalsvert magn efna.<br><br>Byggingar minni en 200 m$^2$ eru undanþegnar sérákvæðum um brunamótstöðu burðarvirkja, enda sé ekki mikil eldhætta af starfseminni að mati byggingarnefndar.<br><br>Bygging sem er allt að 1000 m$^2$ skal hafa viðurkenndan reyklosunarbúnað sem miðast við að meðalhitastig í reyklagi við bruna í brunahólfinu verði minna en 450°C. Að öðrum kosti skal burðarvirkið í húsinu vera R60.<br><br>einn sér út undir bert loft. Auðvelt skal vera að hreinsa hann. Fjarlægð hans frá brennanlegu efni skal vera a.m.k. 0,3 m. Ef útblástursstokkur þarf að liggja um annað herbergi þá skal hann vera EI30. Loftþjappa í sprautuklefa skal hafa<br><br>Í hleðsluherbergi skal vera neyðarsturta eða augnskolunarbúnaður, aðgangur að vatni o.fl. eftir nánari leiðbeiningum sem Vinnueftirlit ríkisins gefur út. | **Vinnuvélar** - rafhleðsla fyrir lyftara.<br><br>**Vinnusvæði (vélageymslur o.þ.h.)** – eldvarnir. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **111. gr.**<br>**Iðnaðar- og geymsluhús frh.** | Setja skal upp slöngukefli í iðnaðarhús sem eru stærri en 200 $m^2$. Ávallt skal setja upp viðeigandi gerðir handslökkvitækja.<br>Setja skal út- og neyðarlýsingu í iðnaðarhúsum stærri en 200 $m^2$.<br><br>Í brunasamstæðum sem eru stærri en 1000 $m^2$ skal vera sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi.<br><br>Í brunahólfum og brunasamstæðum stærri en 1000 $m^2$ skal vera viðurkenndur reyklosunarbúnaður.<br><br>Brunasamstæður stærri en 2000 $m^2$ skal verja með sjálfvirku vatnsúðakerfi.<br><br>Á olíulögn skal vera öryggisloki sem hindrar innrennsli olíu komi eldur upp í klefanum.<br><br>Aðeins má nota neistafría lampa í sprautuklefum. Við sprautuklefa skal vera slökkvitæki af viðurkenndri gerð.<br><br>Yfirborð gólfs skal vera þannig frá gengið að ekki myndist neistar við gólf.<br><br>Ef olíubrennari er notaður til upphitunar skal hann staðsettur í kyndiklefa sem er A-EI60, sbr. gr. 145.<br><br>Loftstokkur milli klefa og brennara skal vera EI30 með eldvarnarloku E-S30. Brennarinn skal taka loft að utan<br><br>Sprautuklefar skulu hafa sjálfstætt loftræsikerfi. Útblástursstokkur skal liggja | **Vinnuvélar** - rafhleðsla fyrir lyftara.<br><br>**Vinnusvæði (vélageymslur o.þ.h.)** – eldvarnir. |
| **137. gr.**<br>**Meginmarkmið brunavarna bygginga** | 137.1 Hverju mannvirki sem reglugerð þessi tekur til skal valinn staður, það hannað, byggt og frágengið þannig að gætt sé eftirtalinna atriða.<br><br>1. Verði eldur laus í mannvirki:<br><br>a) Að þeir sem í mannvirkinu dveljast eða eru staddir þar komist fljótt og hindrunarlaust út af eigin rammleik eða með aðstoð annarra.<br><br>b) Að öll húsaskipan og aðgengi fyrir björgunarmenn sé með þeim hætti að aðstaða til björgunar sé sem auðveldust, hvort sem er á mönnum eða dýrum.<br><br>c) Að útbreiðsla elds og reyks innan byggingarinnar sé takmörkuð með viðurkenndum hætti. | **Verkstæði** – Eldvarnir.<br><br>**Vinnubúðir** – Eldvarnir.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – Eldvarnir.<br><br>**Jarðgangnagerð** – Eldvarnir. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **137. gr. Meginmarkmið brunavarna bygginga frh.** | d) Að útbreiðsla brunans til mannvirkja í grenndinni sé takmörkuð með viðurkenndum hætti.<br><br>e) Að burðargeta mannvirkisins haldist í fyrirskrifaðan tíma.<br><br>f) Að öryggi manna sem vinna við slökkvi- og björgunarstarf sé tryggt sem allra best.<br><br>2. Að hætta á íkviknun mannvirkis frá eldi utan þess sé takmörkuð með fullnægjandi hætti.<br><br>3. Að byggingarefni, innréttingar og húsbúnaður séu valin með það í huga að sem minnstar líkur séu á því að eldur kvikni og eitraður reykur myndist við bruna.<br><br>4. Að gerðar séu fullnægjandi ráðstafanir til að uppgötva og slökkva eld í byggingu og henni valinn staður þar sem öflun slökkvivatns er tryggð, bæði fyrir slökkviliðið og vatnsslökkvibúnað byggingarinnar.<br><br>5. Að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir til að hindra að mengandi efni frá bruna eða slökkvistarfi berist til umhverfisins.<br><br>6. Að gerðar verði viðeigandi ráðstafanir til að vernda menningarverðmæti gegn bruna. | **Verkstæði** – Eldvarnir.<br><br>**Vinnubúðir** – Eldvarnir.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – Eldvarnir.<br><br>**Jarðgangnagerð** – Eldvarnir. |

Markmið þessarar reglugerðar eru að stuðla að öryggi á vinnustöðum og vernda almenning og umhverfi gegn stórslysum af iðnaðarstarfsemi. Markmiðum reglugerðarinnar skal ná með því að rekstraraðili þeirrar starfsemi, þar sem hættuleg efni eru notuð eða kunna að vera notuð og þar sem slys hefði alvarlegar afleiðingar fyrir menn og umhverfi, geri nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir slys og draga úr afleiðingum þeirra. Jafnframt fái starfsmenn í iðnaði þjálfun og upplýsingar til að koma í veg fyrir stórslys og ná tökum á ástandi ef slys verður.

Reglugerð þessi gildir um iðnaðarstarfsemi, búnað og geymslustaði þar sem efni sem tiltekin eru í I. viðauka eru geymd eða notuð við eðlilega starfsemi eða þar sem þau kunna að myndast við röskun á eðlilegri starfsemi. Reglugerðin gildir ekki fyrir:

1. Starfsemi sem fyrst og fremst hefur í för með sér hættu vegna jónandi geislunar.
2. Herstöðvar.
3. Námugröft eða annarskonar námuvinnslu.
4. Flutning hættulegra efna utan starfsstöðvar.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **4. gr.**<br>**Almennar skyldur** | Rekstraraðili iðnaðarstarfsemi skal gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir slys og draga úr afleiðingum þess ef það verður. Rekstraraðili skal hvenær sem er geta sannað fyrir eftirlitsaðila, þ.e. Vinnueftirliti ríkisins, að viðeigandi skilyrðum hafi verið fullnægt og nauðsynlegar öryggisráðstafanir vegna hættu á stórslysi hafi verið gerðar. | **Vinnusvæði -** sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta), sprengiefnageymslur. |
| **5. gr.**<br>**Tilkynningaskylda** | Rekstraraðili iðnaðarstarfsemi skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins hvort unnið sé með eða geymt eitt eða fleiri þeirra efna sem talin eru upp í I. viðauka í því magni sem tilgreint er í fyrsta og öðrum dálki.<br><br>Nýja iðnaðarstarfsemi þarf að tilkynna með hæfilegum fyrirvara áður en hún hefst. Starfandi iðnaðarstarfsemi þarf að tilkynna innan árs frá gildistöku þessarar reglugerðar. Í greininni eru taldar upp þær upplýsingar sem slík tilkynning skal innihalda.<br><br>Ef verulegar breytingar verða á efnismagni eða framleiðsluferli starfsstöðvar miðað við fyrri upplýsingar eða ef starfstöð leggur niður starfsemi ber rekstraraðila að tilkynna allar slíkar breytingar. | **Vinnusvæði -** sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðvinna -** sprengingar (slysahætta), sprengiefnageymslur. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **6. gr.**<br>**Stefnumarkandi skjal og keðjuverkandi áhrif** | Rekstraraðilar þeirrar iðnaðarstarfsemi sem hefur efnismagn samkvæmt fyrri dálki í töflum sem eru í I. og II. hluta I. viðauka skal vinna stefnu-markandi skjal samkvæmt 4. tölulið 7. gr. þar sem fram kemur hvernig ráðgert er að koma í veg fyrir stórslys. Fyrir þetta efnismagn gilda ekki önnur ákvæði 7. gr. Rekstraraðila er skylt að hafa tiltækt stefnumarkandi skjal hvenær sem er m.a. til að uppfylla ákvæði 4. gr.<br><br>Rekstraraðili iðnaðarstarfsemi sem hefur efnismagn samkvæmt seinni dálki í töflum sem eru í I. og II. hluta I. viðauka skal gera hættumat í samræmi við ákvæði 7. gr.<br><br>Þegar gert er stefnumarkandi skjal samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar og hættumat samkvæmt 7. gr. skal tekið mið af nærliggjandi starfsemi þ.e. hvort hún geti aukið líkur á stórslysi eða valdið keðjuverkandi áhrifum vegna staðsetningar eða nálægðar á geymslum sem hafa að geyma hættuleg efni eða starfsemi þar sem slík efni eru til staðar.<br><br>Til að þetta sé mögulegt skulu nærliggjandi fyrirtæki hafa samvinnu og samráð um nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir stórslys og draga úr afleiðingum þess fyrir menn og umhverfi ef það verður. | **Vinnusvæði -** sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðvinna -** sprengingar (slysahætta), sprengiefnageymslur. |
| **7. gr.**<br>**Hættumat** | Rekstraraðili iðnaðarstarfsemi sem hefur efnismagn samkvæmt seinni dálki í töflum sem eru í I. og II. hluta I. viðauka skal gera hættumat. Í greininni eru tilteknar þær upplýsingar sem þar þurfa að koma fram undir eftirfarandi yfirflokkum:<br><br>1. Upplýsingar um efnin.<br>2. Upplýsingar um starfsstöðvarnar.<br>3. Mat á hugsanlegri hættu fyrir fólk og umhverfi ef stórslys ætti sér stað og hversu víðtæk hún getur orðið.<br>4. Stefnumarkandi skjal til að koma í veg fyrir stórslys<br>5. Upplýsingar um stöðu mála ef stórslys á sér stað. | **Vinnusvæði -** sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðvinna -** sprengingar (slysahætta), sprengiefnageymslur.<br><br>Í langflestum tilvikum er þó einungis um magn skv. fyrri dálki töflunnar í viðauka I. Þá gildir einungis 6. gr. og 4. tl. Í 7. gr. |
| **8. gr.**<br>**Hættumat lagt inn til eftirlitsaðila** | Leggja skal hættumat inn til eftirlitsaðila innan eftirfarandi tímamarka:<br><br>1. Ný starfsemi: nokkru áður en framkvæmdir hefjast.<br>2. Starfandi fyrirtæki/starfsstöð sem ekki hefur áður fallið undir samsvarandi reglugerð nr. 549/1995 um hættumat í iðnaðarstarfsemi: Innan þriggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar.<br>3. Aðrir: innan tveggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar. | **Vinnusvæði -** sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðvinna -** sprengingar (slysahætta), sprengiefnageymslur. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **9. gr. Endurskoðun hættumats** | Endurskoða skal hættumat og uppfæra upplýsingar á fimm ára fresti eða fyrr ef breytingar verða á efnismagni, framleiðsluferli, búnaði eða öðru sem getur haft afgerandi áhrif á hættu á stórslysi. | **Vinnusvæði -** sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta), sprengiefnageymslur. |
| **10. gr. Tilkynning um stórslys** | Ef stórslys á sér stað í iðnaðarstarfsemi er rekstraraðila skylt tilkynna það þegar slökkviliði og lögreglu. Lögregla skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins, Hollustuvernd ríkisins og Almanna-vörnum ríkisins um slysið. Afhenda skal upplýsingar um aðstæður við slysið, hættuleg efni sem um er að ræða, gögn sem tiltæk eru til að meta áhrif slyssins á menn og umhverfi og neyðarráðstafanir sem gripið er til um leið og þær liggja fyrir.<br><br>Veita skal eftirlitsaðila upplýsingar um þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til að draga úr áhrifum slyssins til lengri eða skemmri tíma og að koma í veg fyrir að slíkt slys endurtaki sig. | **Vinnusvæði -** sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta), sprengiefnageymslur. |
| **12. gr. Grenndarkynning og aðgangur almennings að upplýsingum** | Rekstraraðilum sem falla undir 7. gr. ber að tryggja að einstaklingar og lögaðilar sem stórslys getur bitnað á fái óumbeðið viðhlítandi upplýsingar um öryggisráðstafanir og hvernig bregðast skuli við ef slys verður. Endurskoða skal þessar upplýsingar og uppfæra samhliða<br>endurskoðun hættumats, sbr. 9. gr.. Almenningur skal einnig hafa aðgang að þessum upplýsingum.<br><br>Upplýsingar þessar skulu innihalda atriði sem tiltekin eru í IV. viðauka.<br><br>Almenningur á að hafa aðgang að innsendu hættumati hjá eftirlitsaðila með ákveðnum fyrirvörum. Rekstraraðilum er heimilt að fara fram á við eftirlitsaðila að ákveðnir hlutar hættumats s.s. iðnaðarleyndarmál séu ekki til sýnis. | **Vinnusvæði -** sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðvinna** - sprengingar (slysahætta), sprengiefnageymslur. |
| **13. gr. Rekstrarstöðvun ef yfirvofandi hætta skapast** | Óheimilt er að halda áfram starfsemi starfsstöðvar eða uppsettsbúnaðar hennar að öllu leyti eða að hluta ef áframhaldandi starfsemi eða notkun hefur í för með sér yfirvofandi hættu á stórslysi. | **Vinnusvæði -** sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðvinna -** sprengingar (slysahætta), sprengiefnageymslur. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **15. gr.**<br>**Eftirlit** | Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar í samræmi við reglugerð sem félagsmálaráðherra setur. Eftirlitsaðili leggur einnig mat á hvort hættumat eða stefnumarkandi skjal rekstraraðila sé fullnægjandi. Jafnframt skal starfa sérstök samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði sem félagsmálaráðherra skipar. | **Vinnusvæði -** sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð** - sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðvinna -** sprengingar (slysahætta), sprengiefnageymslur. |
| **I. Viðauki** | Tilvist efna í starfsstöð sem er skilgreind samkvæmt reglugerð þessari. | **Vinnusvæði -** Sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðgangnagerð** - Sprengingar (slysahætta), sprengiefna-geymslur.<br><br>**Jarðvinna -** sprengingar (slysahætta), sprengiefnageymslur. |
| **II. Viðauki** | Upplýsingar sem aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té | |
| **III. Viðauki** | Viðmiðanir á því hvenær eigi að tilkynna um stórslyssamkvæmt 11. gr (II. viðauka) | |
| **IV. Viðauki** | Atriði sem kynna skal almenningi samkvæmt 12. gr. reglugerðar þessarar | |

Markmið reglugerðarinnar er að tryggja að starfsmenn í afleysingar og tímabundnu starfi njóti sömu verndar og aðrir starfsmenn hlutaðeigandi fyrirtækis og/eða stofnunar. Reglugerðin gildir um afleysingarstarf sem byggist á ráðningarskilmálum þar sem starfsmaður gegnir afleysingarstarfi samkvæmt beinum samningi milli atvinnurekanda og starfsmanns. Einnig er skilyrði að samningslok séu ákveðin með hlutlægum skilyrðum, svo sem að miðað sé við tiltekinn uppsagnardag, ef um er að ræða tiltekið verkefni eða sérstakan viðburð. Reglugerðin gildir einnig um tímabundið starf, sem byggist á ráðningarskilmálum um tímabundið starf milli vinnumiðlunar, sem er vinnuveitandi, og starfsmanns sem er ráðinn til starfa fyrir og undir stjórn fyrirtækis og/eða stofnunar sem nýtir sér þjónustu hans.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **3. gr.**<br>**Upplýsingagjöf til starfsmanna** | Áður en starfsmaður tekur að sér störf skal hlutaðeigandi fyrirtæki og/eða stofnun sem nýtir sér þjónustu hansveita honum upplýsingar um þá áhættu sem fylgir starfinu.<br><br>Í upplýsingum skv. 1. mgr. skal taka fram:<br>1. hvort krafist sé sérstakrar menntunar, starfshæfiseða kunnáttu;<br>2. hvort krafist sé sérstakrar læknisskoðunar;<br>3. hvort starfinu fylgi sérstök áhættuaukning. | **Öll störf** – afleysinga – og tímabundin störf. |
| **4. gr.**<br>**Verk sem stofna öryggi og heilsu starfsmanna í mikla hættu** | Óheimilt er að nýta þjónustu starfsmanna til verka sem stofna öryggi þeirra og heilsu í mikla hættu. | **Öll störf** – afleysinga – og tímabundin störf. |
| **5. gr.**<br>**Þjónusta í verndunar- og varnarskyni.** | Atvinnurekandi sem ræður starfsmann skal veita starfsmönnum eða einstaklingum, sem tilnefndir eru til að sjá um verndun og varnir gegn áhættu í starfi, upplýsingar um ráðningu starfsmannsins. | **Öll störf** – afleysinga – og tímabundin störf. |

Í reglugerð þessari eru gerðar lágmarkskröfur um öryggi og hollustu þegar starfsmenn nota tæki á vinnustöðum. Reglugerðin gildir um tæki sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum og sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, gilda um.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **3. gr.**<br>**Almennar skyldur** | Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tæki sem starfsmönnum eru látin í té innan fyrirtækis henti til þeirra verka sem vinna svo öryggi starfsmanna eða heilsu stafi ekki hætta af.<br><br>Þegar tæki eru valin skal atvinnurekandi hafa í huga vinnuskilyrði, aðstæður og áhættu gagnvart öryggi og heilsu starfsmanna innan fyrirtækisins.<br><br>Þegar ekki er að fullu unnt að tryggja að starfsmenn geti notað tækið án þess að hætta öryggi sínu eða heilsu, skal atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að lágmarka áhættuna. | **Allir flokkar** – öll tæki |
| **4. gr.**<br>**Aðrar reglur eða reglugerðir** | Atvinnurekanda er skylt að afla sér eða nota:<br><br>1. Tæki sem uppfylla ákvæði allra viðeigandi reglna Vinnueftirlits ríkisins sem í gildi og lágmarkskröfur sem gerðar eru í I. viðauka ef engar aðrar reglur Vinnueftirlitsinseiga við<br><br>2. Ef starfsmenn innan fyrirtækisins hafa þegar fengið þau til afnota fyrir gildistöku þessara reglna skal tækið uppfylla lágmarkskröfur sem gerðar eru í I. viðauka eigi síðar en 1. janúar 1998.<br><br>3. Sérstök tæki eru háð kröfum 3. liðar í I. Viðauka. Ef þau koma í hendur starfsmanna fyrir 5. desember 1998, eiga þau að uppfylla lágmarkskröfur I. viðauka eigi síðar en fjórum árum eftir það.<br><br>Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tækjum sé haldið þannig við að þau uppfylli, svo lengi sem þau endast ofangreind ákvæði. | **Allir flokkar** – öll tæki |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **5. gr.**<br>**Eftirlit með tækjum á vinnustöðum** | Ef öryggi við notkun tækis á vinnustað er undir uppsetningu þess komið skal vinnuveitandinn sjá til þess að það sé skoðað eftir að tækið er sett upp og áður en það er tekið í notkun af þar til bærum aðila.<br><br>Vinnuveitandi skal sjá til þess að tæki sem geta skemmst af völdum utanaðkomandi áhrifa séu:<br><br>1. Skoðuð reglulega og þegar við á prófuð af þar til bærum aðila,<br><br>2. Skoðuð sérstaklega og þegar við á prófuð af þar til bærum aðila í hvert sinn sem sérstakar aðstæður hafa skapast sem gætu haft áhrif til hins verra á öryggi tækjanna<br><br>Skylt er að skrá niðurstöður af skoðunum og halda þeim til haga handa viðkomandi yfirvöldum. Þegar tæki er notað utan fyrirtækis skulu pappírar sem staðfesta síðustu skoðun fylgja því. | **Allir flokkar** – öll tæki |
| **6. gr.**<br>**Tæki sem sérstök áhætta fylgir** | Þegar líkur eru á að notkun tækja hafi í för með sér sérstaka áhættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna skal atvinnurekandi tryggja að:<br><br>1. Þeir starfsmenn einir noti tækin sem það hefur verið falið.<br><br>2. Viðgerðir, breytingar, viðhald og umhirða sé á hendi starfsmanna sem sérstaklega eru útnefndir til slíkra verka. | **Allir flokkar** – öll tæki |
| **7. gr.**<br>**Vinnuvistfræði og hollustuhættir á vinnustöðum** | Þegar framfylgt er lágmarksákvæðum um öryggi og hollustuhætti skal vinnuveitandinn taka fullt tillit til vinnuaðstæðna starfsmanns og líkamsstöðu hans við notkun tækja auk þess sem honum ber að taka mið af meginhugmyndum vinnuvistfræðinnar. | **Allir flokkar** – öll tæki |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **8. gr.**<br>**Upplýsingar til starfsmanna** | Atvinnurekandi skal tryggja að starfsmenn hafi nægilegar upplýsingar og, þar sem við á, ritaðar leiðbeiningar um tæki sem notuð eru á vinnustað. Upplýsingarnar og skriflegar leiðbeiningar verða a.m.k. að innihalda ábendingar um:<br><br>1. Notkunarskilyrði tækjanna,<br><br>2. Óvenjulegar aðstæður sem hægt er að sjá fyrir,<br><br>3. Ályktanir sem hægt er að draga af reynslu við notkun tækjanna, þar sem það á við.<br><br>Starfsmönnum skal bent á hættur sem þeim getur stafað af tækjum í nánasta vinnuumhverfi og allar breytingar sem skipta máli og geta haft áhrif á tæki sem eru í næsta nágrenni við vinnusvæði þeirra eða vinnustað, jafnvel þótt þeir noti þau ekki beinlínis sjálfir. | **Allir flokkar** – öll tæki |
| **9. gr.**<br>**Þjálfun starfsmanna.** | Atvinnurekandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:<br><br>1. Starfsmenn sem falið er að nota tæki fái nægilega þjálfun, þ.m.t. leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við hættu sem notkunin kann að hafa í för með sér.<br><br>2. Notendur tækja fái nægilega sérþjálfun. | **Allir flokkar** – öll tæki |
| **10. gr.**<br>**Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra.** | Hafa ber samráð við starfsmenn og fulltrúa þeirra og tryggja þátttöku þeirra í framkvæmd þessarar reglugerðar eftir því sem við á og í samræmi við gildandi reglur um framkvæmd vinnu, á því sviði sem reglugerð þessi tekur til, að viðaukum meðtöldum. | **Allir flokkar** – öll tæki |
| **I. Viðauki** | Lágmarkskröfur sem um getur í 4. gr. | **Allir flokkar** – öll tæki |
| **II. Viðauki** | Ákvæði er varða notkun tækja á vinnustöðum sem um getur 4. gr. | **Allir flokkar** – öll tæki |

Reglur þessar gilda um vinnustaði þar sem jarðefnanám fer fram og lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Í reglunum eru gerðar lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd starfsmanna í jarðefnanámi á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, eins og skilgreint er í a-lið 2. gr. Í reglum þessum merkir:

a. jarðefnanám á yfirborði jarðar eða neðanjarðar alla iðnaðarstarfsemi þar sem fram fer jarðefnanám, í þrengstu merkingu orðsins á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, eða leit með það í huga að hefja slíkt nám, eða meðferð jarðefna á vinnustað, sbr. b. lið, fyrir afhendingu en ekki frekari vinnslu.

b. *vinnustaður* svæði sem ætlað er að hýsa vinnuaðstöðu innan athafnasvæðis sem tengist beinni og óbeinni starfsemi og mannvirkjum til jarðefnanáms á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, þar með taldir úrgangslosunarstaðir og aðrir geymslustaðir auk íveruaðstöðu, sem starfsmenn hafa aðgang að við vinnu sína.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á reglunum: 349/2003. Breytingarnar eru hluti af greiningunni.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **3. gr.**<br>**Almennar skyldur** | Til að gæta öryggis og heilsu starfsmanna skal atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:<br><br>• Ástand vinnustaðar.<br>• Að ábyrgðarmaður hafi eftirlit með mönnuðum vinnustöðum.<br>• Sérstaklega hættuleg störf séu eingöngu falin hæfum starfsmönnum og þau séu leyst af hendi í samræmi við gefin fyrirmæli.<br>• Allar öryggisleiðbeiningar séu skiljanlegar.<br>• Viðeigandi aðstaða sé til að veita skyndihjálp;<br>• Viðeigandi öryggisæfingar séu haldnar reglulega.<br><br>Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað áður en vinna hefst. Áætlunin skal meðal annars fela í sér mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd.<br><br>Ef starfsmenn margra verktaka starfa á sama vinnustaðnum skal hver atvinnurekandi vera ábyrgur fyrir þeim málum sem að hans mönnum snúa. Í slíkum tilfellum skulu þeir þó ávallt skipa samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana. | **Vinnubúðir** – öryggisáætlanir (almennar öryggis og heilsuverndarráðstafanir).<br><br>**Efnisvinnsla** – öryggisáætlanir (almennar öryggis og heilsuverndarráðstafanir). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **3. gr.**<br>**Almennar skyldur frh** | Atvinnurekandi skal samræma framkvæmd allra ráðstafana sem snerta öryggi og heilsu starfsmanna og tilgreina í öryggis- og heilsuskjali markmið samræmingarinnar og aðferðir til að framkvæma hana. Samræmingin hefur ekki áhrif á ábyrgð einstakra atvinnurekenda samanber lög nr. 46/1980.<br><br>Atvinnurekanda ber að tilkynna til lögreglu og Vinnueftirlits ríkisins ef hættulegt ástand skapast á vinnustaðnum einsfljótt og mögulegt er. | **Vinnubúðir** – öryggisáætlanir m.t.t. fjölda verktaka (öryggis- og heilbrigðisáætlun).<br><br>**Efnisvinnsla** – öryggisáætlanir m.t.t. fjölda verktaka (öryggis- og heilbrigðisáætlun). |
| **4. gr.**<br>**Varnir gegn bruna, sprengingum og heilsuspillandi andrúmslofti** | Atvinnurekandi skal gera viðeigandi varúðarráðstafanir til að fyrirbyggja hættu af völdum eldsog sprenginga, og koma í veg fyrir að sprengifimt eða heilsuspillandi efni safnist fyrir í andrúmsloftinu. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta), loftmengun (heilsuspillandi) |
| **5. gr.**<br>**Undankomu- og björgunarbúnaður** | Atvinnurekandi skal útvega og viðhalda viðeigandi undankomu- og björgunarbúnaði til að tryggja að starfsmenn geti yfirgefið vinnustaðinn hratt og örugglega ef hætta steðjar að. | **Vinnubúðir** - öryggisáætlanir – flóttaleiðir (slys, eldsvoði, bráðamengun).<br><br>**Efnisvinnsla** - öryggisáætlanir – flóttaleiðir (slys, eldsvoði, bráðamengun). |
| **6. gr.**<br>**Samskipta-, viðvörunar- og hættuboðkerfi** | Atvinnurekandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að útvega nauðsynleg viðvörunarkerfi og önnur samskiptakerfi til að hægt sé að veita tafarlausa aðstoð ef nauðsyn krefur. | **Vinnubúðir** - öryggisáætlanir – flóttaleiðir (slys, eldsvoði, bráðamengun).<br><br>**Efnisvinnsla** - öryggisáætlanir – flóttaleiðir (slys, eldsvoði, bráðamengun). |
| **7. gr.**<br>**Upplýsingar til starfsmanna** | Starfsmenn eða fulltrúar þeirra skulu upplýstir á skilmerkilegan hátt um þær ráðstafanir sem gripið er til í sambandi við öryggi og hollustu á vinnustað. | **Vinnubúðir** - öryggisáætlanir – leiðbeiningar (slys, eldsvoði, bráðamengun).<br><br>**Efnisvinnsla** - öryggisáætlanir – leiðbeiningar (slys, eldsvoði, bráðamengun). |
| **8. gr.**<br>**Heilsuvernd** | Heilsuvernd starfsmanna skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980 og reglna settra samkvæmt þeim. Þar sem sérstök áhætta fylgir starfinu, t.d. vegna mengunar af völdum varasamra efna, skulu starfsmenn gangast undir heilsufarsskoðanir áður en starf er hafið og síðan með reglubundnu millibili. | **Vinnubúðir** – öryggisáætlanir (almennar öryggis og heilsuverndarráðstafanir).<br><br>**Efnisvinnsla** – öryggisáætlanir (almennar öryggis og heilsuverndarráðstafanir). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **9. gr.**<br>**Samráð við starfsmenn** | Atvinnurekendur skulu hafa samráð við starfsmenn eða fulltrúa þeirra um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu þeirra á vinnustað. | **Vinnubúðir** - öryggisáætlanir – samráð (slys, eldsvoði, bráðamengun).<br><br>**Efnisvinnsla** - öryggisáætlanir – samráð (slys, eldsvoði, bráðamengun). |
| **10. gr.**<br>**Lágmarkskröfur um öryggi og heilbrigði** | Vinnustaðir sem teknir eru í notkun eftir gildistöku þessara reglna, skulu uppfylla þær lágmarkskröfur um öryggi og heilbrigði sem mælt er fyrir um í viðaukanum.<br><br>Vinnustaðir sem eru í notkun þegar reglur þessar taka gildi, skulu uppfylla lágmarkskröfur þeirra eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku.<br><br>Ef gerðar eru breytingar á vinnustað eða hann stækkaður eftir gildistöku þessara reglna, skal farið eftir þeim lágmarkskröfum sem mælt er fyrir um í viðaukanum. | **Vinnubúðir** – öryggisáætlanir (almennar öryggis og heilsuverndarráðstafanir).<br><br>**Efnisvinnsla** – öryggisáætlanir (almennar öryggis og heilsuverndarráðstafanir). |
| **Viðauki. A-hluti** | Lágmarkskröfur um öryggi og hollustu eins og um getur í 10. gr. Sameiginlegar lágmarkskröfur sem gilda um jarðefnanám á yfirborði jarðar eða neðanjarðar og um yfirborðsmannvirki. Stjórnun og eftirlit (s.s. skipulag vinnustaðar, skipun og hlutverk ábyrgðarmanns, eftirlit, hæfni starfsmanna, upplýsingar, leiðbeiningar og þjálfun, skriflegar leiðbeiningar, öruggar starfsaðferðir, vinnuleyfi, reglulega endurskoðun, öryggis- og heilbrigðisráðstafanir), vél- og rafbúnað og -stöðvar, viðhald, varnir gegn sprengihættu, skaðlegum efnum í andrúmsloftinu og eldhættu, umferðarleiðir, vinnustaði utanhúss, hættusvæði, brottflutnings- og flóttaaðgerðir, öryggisæfingar, skyndihjálp og búnað, dagsbirtu og lýsingu, hreinlætisaðstöðu, úrgangslosunarstaði og aðrar sorpgeymslur og viðbótarmannvirki ofanjarðar | |
| **Viðauki. B.-hluti** | Sérstakar lágmarkskröfur sem gilda um jarðefnanám á yfirborði jarðar | |
| **Viðauki C.-hluti** | Sérstakar lágmarkskröfur sem gilda um jarðefnanám neðanjarðar. | |

Markmið reglnanna er að samræma öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Sérstaklega er fjallað um ábyrgð þar sem fleiri en einn verktaki er að störfum. Reglur þessar gilda um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir eins og skilgreint er í a-lið, 2. gr. og lög nr. 46/1980. Reglurnar gilda ekki um öryggisráðstafanir við jarðefnanám og öryggisráðstafanir við jarðefnanám með borunum.

Eftirfarandi breyting hefur verið gerð á lögunum: Breyting nr. 504/1999 á C. Hluta IV viðauka.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **II. kafli**<br>**3. gr. Skipun samræmingaraðila – öryggis- og heilbrigðisáætlun - Tilkynning** | Verkkaupa ber að skipa samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana á vinnustað þar sem fleiri en 2 atvinnurekendur eða verktakar eru að störfum. Áður en byggingarsvæði er skipulagt þá ber verkkaupi ábyrgð á því að gerð er öryggis- og heilbrigðisáætlun ef:<br><br>1) 2 eða fleiri atvinnurekendur eða verktakar starfa samtímis á vinnusvæði og starfsmenn eru fleiri en 10, og<br><br>2) vinna er hættuleg (samanber II. viðauka).<br><br>Verkkaupi ber ábyrgð á því að tilkynning sé send til Vinnueftirlits ríkisins áður en vinna hefst ef um er að ræða vinnustað þar sem vinna standi lengur en 30 vinnudaga og þar sem fleiri en 20 starfsmenn eru í vinnu samtímis eða um er að ræða vinnusvæði þar sem ráðgert er að vinnan sé meira en 500 dagsverk.<br><br>Tilkynning skal sett upp á áberandi stað á vinnusvæðinu. Verkkaupi getur falið verkefnastjóra eða verktaka til að gegna þessum skyldum. | **Vinnusvæði** - öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (samræming). |
| **4. gr. Undirbúningsstig verks – Almennar reglur** | Verkkaupi skal á undirbúningsstigi verks gera ráðstafanir sem tryggja að við framkvæmd verksins verði unnt að gæta fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuháttar. | **Vinnusvæði** - öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (samræming). |
| **5. gr. Undirbúningsstig verks – Skyldur samræmingaraðila** | Á undirbúningsstigi skal samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana 1) samræma framkvæmd ákvæða, 2) vinna að eða sjá til þess að gerð er öryggis- og heilbrigðisáætlun, og 3) vinna að gerð skýrslu þar sem fram koma upplýsingar sem máli skipta um öryggi og heilbrigði. | **Vinnusvæði** - öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (samræming). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **6. gr. Framkvæmdastig verks – Skyldur samræmingaraðila** | Á framkvæmdarstigi verks skal samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana:<br><br>a) samræma framkvæmd forvarna og öryggisráðstafana við skipulagningu og tímasetningu hinna ýmsu verkþátta sem eiga að fara fram samtímis eða hver á eftir öðrum;<br><br>b) samræma aðgerðir til að tryggja öryggi allra sem vinna að framkvæmd verks og fylgja öryggis- og heilbrigðisáætluninni ef við á;<br><br>c) framkvæma, eða sjá til þess að framkvæmdar verði nauðsynlegar breytingar á öryggis- og heilbrigðisáætluninni;<br><br>d) miðla upplýsingum og skipuleggja samstarf milli atvinnurekenda, hvort sem þeir vinna samtímis eða hver á eftir öðrum á byggingarvinnustað;<br><br>e) samhæfa aðgerðir til að tryggja að réttum vinnuaðferðum sé beitt með tilliti til öryggis og heilsuverndar;<br><br>f) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðeins þeir sem þangað eiga erindi fái aðgang að byggingarsvæðinu. | **Vinnusvæði** - öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (samræming). |
| **7. gr. Ábyrgð verkkaupa, verkefnastjóra og atvinnurekanda/ verktaka** | Verkkaupi, verkefnastjóri og atvinnurekandi/verktaki bera fulla ábyrgð á að þessum reglum er fullnægt þó svo að samræmingaraðili hefur verið skipaður. | **Vinnusvæði** - öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (samræming). |
| **8. gr. Skyldur atvinnurekanda/ verktaka** | Atvinnurekendur/verktakar sem taka sjálfir þátt í vinnunni á byggingarvinnustað skulu hlíta reglum um öryggi og heilsuvernd. Við framkvæmd verks skal atvinnurekandi/verktaki sjá til þess að skipulag á byggingarvinnustað sé fullnægjandi, einkum að því er varðar reglufestu og hreinlæti, staðsetningu starfsstöðva, meðferð á efnum, eftirlit og viðhald, brottflutning hættulegra efna, samstarf milli verktaka og samskipti við fyrirtæki og einstaklinga innan svæðisins og í nágrenni þess. | **Vinnusvæði** - öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (samræming). |
| **9. gr. Upplýsingar fyrir starfsmenn** | Starfsmenn og fulltrúar þeirra skulu vel upplýstir um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á byggingarvinnustað. | **Vinnusvæði** - öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (samræming). |
| **10. gr. Samráð og þátttaka starfsmanna** | Atvinnurekendur/verktakar skulu hafa samráð við starfsmenn eða fulltrúa þeirra um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu þeirra á vinnustað. | **Vinnusvæði** - öryggisáætlanir (samræming).<br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (samræming).<br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (samræming). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| | | |
| **11. gr. Skriflegt samkomulag milli verkkaupa og verktaka** | Við gerð verksamninga skal verkkaupi, verkefnastjóri og verktaki gera með sér skriflegt samkomulag um hvernig þessum reglum verði framfylgt. Sérstaklega varðandi skipun samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana, gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar, tilkynningar til Vinnueftirlitsins og fleiri atriði sem nauðsynlegt er að gengið sé frá áður en framkvæmdir hefjast. | **Vinnusvæði** - öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (samræming). |
| **I. Viðauki** | Skrá sem er ekki tæmandi yfir byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð sem um getur í A-lið 2. gr. þessara reglna. | **Vinnusvæði** - öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (samræming). |
| **II. Viðauki** | Skrá sem er ekki tæmandi yfir verk sem hafa í för með sér hættur fyrir starfsmenn og snerta öryggi og heilbrigði eins og um getur í annarri undirgrein 2. mgr. 3 gr. þessara reglna. | **Vinnusvæði** - öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (samræming). |
| **III. Viðauki** | Efni tilkynningar samkvæmt 3. mgr. 3 gr. fyrsta undirliðar. | **Vinnusvæði** - öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (samræming). |
| **IV. Viðauki** | Lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd fyrir byggingarsvæði. | **Vinnusvæði** - öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (samræming). |
| **V. Viðauki** | Aðrar gildandi reglur, reglugerðir og leiðbeiningar sem fara ber sérstaklega eftir á byggingarvinnustöðum, eftir því sem við á. | **Vinnusvæði** - öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir (samræming).<br><br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir (samræming). |

Reglur þessar gilda um vinnustaði þar sem jarðefnanám með borunum fer fram sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í reglunum eru gerðar lágmarkskröfur um öryggi og heilsuvernd starfsmanna í jarðefnanámi með borunum, eins og skilgreint er í a-lið 2. gr.

Reglur þessar gilda ekki um öryggisráðstafanir við jarðefnanám þar sem borunum er ekki beitt, sbr. sérstakar reglur þar um.

Í reglum þessum merkir:

a. *jarðefnanám með borunum* alla iðnaðarstarfsemi þar sem fram fer:
- jarðefnanám, í þrengstu merkingu orðsins, með því að bora borholur, eða
- leit með það í huga að hefja slíkt nám, eða
- meðferð jarðefna á vinnustað, sbr. b. lið, fyrir afhendingu en ekki frekari vinnslu.

b. *vinnustaður* svæði sem ætlað er að hýsa vinnuaðstöðu innan athafnasvæðis sem tengist beinni og óbeinni starfsemi og mannvirkjum til jarðefnanáms með borunum, þar með talin íveruaðstaða, sem starfsmenn hafa aðgang að við vinnu sína.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **3. gr.**<br>**Almennar skyldur** | Til að gæta öryggis og heilsu starfsmanna skal atvinnurekandi gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:<br><br>• Ástand vinnustaðar.<br>• Að ábyrgðarmaður hafi eftirlit með mönnuðum vinnustöðum.<br>• Sérstaklega hættuleg störf séu eingöngu falin hæfum starfsmönnum og þau séu leyst af hendi í samræmi við gefin fyrirmæli.<br>• Allar öryggisleiðbeiningar séu skiljanlegar.<br>• Viðeigandi aðstaða sé til að veita skyndihjálp;<br>• Viðeigandi öryggisæfingar séu haldnar reglulega.<br><br>Atvinnurekandi skal tryggja að unnið sé s.k. „öryggis- og heilsuskjal" sem skal einkum færa sönnur á:<br><br>• að hætta sem starfsmenn á vinnustað kunna að vera í hafi verið greind og metin,<br>• að fullnægjandi ráðstafanir verði gerðar til að ná markmiðum þessara reglna,<br>• að skipulag vinnustaðar, notkun og viðhald búnaðar sé öruggt. | **Vinnubúðir** – öryggisáætlanir (almennar öryggis og heilsuverndarráðstafanir).<br><br>**Efnisvinnsla** – öryggisáætlanir (almennar öryggis og heilsuverndarráðstafanir). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **3. gr.**<br>**Almennar skyldur** | Öryggis- og heilsuskjalið skal útbúið áður en vinna hefst og það skal endurskoða ef meiriháttar breyting eða stækkun hefur verið gerð á vinnustaðnum.<br><br>Ef starfsmenn margra verktaka starfa á sama vinnustaðnum skal hver atvinnurekandi vera ábyrgur fyrir þeim málum sem að hans mönnum snúa. Í slíkum tilfellum skulu þeir þó ávallt skipa samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana. Hann skal samræma framkvæmd allra ráðstafana sem snerta öryggi og heilsu starfsmanna og tilgreina í öryggis- og heilsuskjali markmið samræmingarinnar og aðferðir til að framkvæma hana. Samræmingin hefur ekki áhrif á ábyrgð einstakra atvinnurekenda samanber lög nr. 46/1980.<br><br>Atvinnurekanda ber að tilkynna til lögreglu og Vinnueftirlits ríkisins ef hættulegt ástand skapast á vinnustaðnum einsfljótt og mögulegt er. | **Vinnubúðir** – öryggisáætlanir m.t.t. fjölda verktaka (öryggis- og heilbrigðisáætlun).<br><br>**Efnisvinnsla** – öryggisáætlanir m.t.t. fjölda verktaka (öryggis- og heilbrigðisáætlun). |
| **4. gr.**<br>**Varnir gegn bruna, sprengingum og heilsuspillandi andrúmslofti** | Atvinnurekandi skal gera viðeigandi varúðarráðstafanir til að fyrirbyggja hættu af völdum elds og sprenginga, og koma í veg fyrir að sprengifimt eða heilsuspillandi efni safnist fyrir í andrúmsloftinu. | **Efnisvinnsla** - sprengingar (slysahætta), loftmengun (heilsuspillandi). |
| **5. gr.**<br>**Undankomu- og björgunarbúnaður** | Atvinnurekandi skal útvega og viðhalda viðeigandi undankomu- og björgunarbúnaði til að tryggja að starfsmenn geti yfirgefið vinnustaðinn hratt og örugglega ef hætta steðjar að. | **Vinnubúðir** - öryggisáætlanir – flóttaleiðir (slys, eldsvoði, bráðamengun).<br><br>**Efnisvinnsla** - öryggisáætlanir – flóttaleiðir (slys, eldsvoði, bráðamengun). |
| **6. gr.**<br>**Samskipta-, viðvörunar- og hættuboðkerfi** | Atvinnurekandi skal gera viðeigandi ráðstafanir til að útvega nauðsynleg viðvörunarkerfi og önnur samskiptakerfi til að hægt sé að veita tafarlausa aðstoð ef nauðsyn krefur. | **Vinnubúðir** - öryggisáætlanir – flóttaleiðir (slys, eldsvoði, bráðamengun).<br><br>**Efnisvinnsla** - öryggisáætlanir – flóttaleiðir (slys, eldsvoði, bráðamengun). |
| **7. gr.**<br>**Upplýsingar til starfsmanna** | Starfsmenn eða fulltrúar þeirra skulu upplýstir á skilmerkilegan hátt um þær ráðstafanir sem gripið er til í sambandi við öryggi og hollustu á vinnustað. | **Vinnubúðir** - Öryggisáætlanir – leiðbeiningar (slys, eldsvoði, bráðamengun).<br><br>**Efnisvinnsla** - öryggisáætlanir – leiðbeiningar (slys, eldsvoði, bráðamengun). |
| **8. gr.**<br>**Heilsuvernd** | Heilsuvernd starfsmanna skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 46/1980 og reglna settra samkvæmt þeim. Þar sem sérstök áhætta fylgir starfinu, t.d. vegna mengunar af völdum varasamra efna, skulu starfsmenn gangast undir heilsufarsskoðanir áður en starf er hafið og síðan með reglubundnu millibili. | **Vinnubúðir** – öryggisáætlanir (almennar öryggis og heilsuverndarráðstafanir).<br><br>**Efnisvinnsla** – öryggisáætlanir (almennar öryggis og heilsuverndarráðstafanir). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **9. gr.**<br>**Samráð við starfsmenn** | Atvinnurekendur skulu hafa samráð við starfsmenn eða fulltrúa þeirra um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu þeirra á vinnustað. | **Vinnubúðir** - öryggisáætlanir – samráð (slys, eldsvoði, bráðamengun).<br><br>**Efnisvinnsla** - öryggisáætlanir – samráð (slys, eldsvoði, bráðamengun). |
| **10. gr.**<br>**Lágmarkskröfur um öryggi og heilbrigði** | Vinnustaðir sem teknir eru í notkun eftir gildistöku þessara reglna, skulu uppfylla þær lágmarkskröfur um öryggi og heilbrigði sem mælt er fyrir um í viðaukanum.<br><br>Vinnustaðir sem eru í notkun þegar reglur þessar taka gildi, skulu uppfylla lágmarkskröfur þeirra eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku.<br>Ef gerðar eru breytingar á vinnustað eða hann stækkaður eftir gildistöku þessara reglna, skal farið eftir þeim lágmarkskröfum sem mælt er fyrir um í viðaukanum. | **Vinnubúðir** – almennar öryggis- og heilsuverndarráðstafanir.<br><br>**Efnisvinnsla** – almennar öryggis- og heilsuverndarráðstafanir. |
| **Viðauki. A-hluti** | Lágmarkskröfur um öryggi og hollustu eins og um getur í 10. gr. Fjallað er um stöðugleiki og traustleika vinnustaða, eftirlit og stjórnun (s.s. skipulag vinnustaðar, skipun og hlutverk ábyrgðarmanns, eftirlit, hæfni starfsmanna, upplýsingar, leiðbeiningar og þjálfun, skriflegar leiðbeiningar, öruggar starfsaðferðir, vinnuleyfi, reglulega endurskoðun, öryggis- og heilbrigðisráðstafanir), vél- og rafbúnað og -stöðvar, viðhald, eftirlit með borholum, varnir gegn skaðlegum lofttegundum og sprengihættu, undankomuleiðir og neyðarútganga, loftræstingu á vinnustöðum innandyra, hita innanhúss, dagsbirtu og lýsingu glugga og þakljóra, hurðir og hlið, umferðarleiðir, hættusvæði, stærð og loftrými herbergja, vinnurými á vinnustöð, hvíldarherbergi, vinnustaði utanhússog fatlaða starfsmenn. | |
| **Viðauki. B.-hluti** | Sérstakar lágmarkskröfur sem gilda á vinnustöðum í landi. Fjallað er um eldvarnir og slökkvistarf, fjarstýringu í neyðartilvikum, samskiptakerfi til almennra nota og til nota í neyðartilvikum, örugga mótsstaði og viðveruskrár, brottflutnings- og undankomuaðferðir, öryggisæfingar, hreinlætisaðstöðu, skyndihjálp og búnað og umferðarleiðir. | |

Reglur þessar gilda um saumlausgashylki úr hreinu áli og álblöndu sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um gashylki sem seld eru eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota almennings séu þau ekki háð öðrum lögum eða reglum.

Reglurnar lúta að kröfum sem gerðar eru til framleiðanda og/eða ábyrgðaraðila fyrir markaðssetningu saumlausra gashylkja úr hreinu áli eða álblöndu. Fjallað er um merkingar, smíði þeirra, útbúnað og prófanir. Reglurnar snúa ekki að meðferð saumlausra gashylkja úr hreinu áli eða álblöndu á vinnustöðum.

Reglur þessar gilda um samsoðin gashylki sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um samsoðin gashylki sem seld eru eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota almennings séu þeir ekki háðir öðrum lögum eða reglum.

Reglurnar lúta að kröfum sem gerðar eru til framleiðanda og/eða ábyrgðaraðila fyrir markaðssetningu samsoðinna gashylkja úr hreinu stáli. Fjallað er um merkingar, smíði þeirra, útbúnað og prófanir. Reglurnar snúa ekki að meðferð samsoðinna gashylkja úr hreinu stáli á vinnustöðum.

Reglur þessar gilda um saumlausgashylki úr hreinu áli og álblöndu sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um gashylki sem seld eru eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota almennings séu þau ekki háð öðrum lögum eða reglum.

Reglurnar lúta að kröfum sem gerðar eru til framleiðanda og/eða ábyrgðaraðila fyrir markaðssetningu saumlausra gashylkja. Fjallað er um merkingar, smíði þeirra, útbúnað og prófanir. Reglurnar snúa ekki að meðferð saumlausra gashylkja á vinnustöðum.

Reglur þessar gilda um alla starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og þar sem asbest og vörur sem hafa asbest að geyma eru notaðar, framleiddar og meðhöndlaðar á einhvern hátt.

**Skilgreiningar:**
Með asbesti er í reglum þessum átt við eftirtalin þráðlaga, kristölluð silikatsteinefni: Krýsótíl (hvítt asbest), krókídólít (blátt asbest), amósít (brúnt asbest), antófyllít, tremólít og aktínólít.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **4. gr.**<br>**Almenn ákvæði** | Bannað er að flytja inn, framleiða, nota eða meðhöndla á annan hátt asbest og vörur sem innihalda asbest með þeim undantekningum sem heimilaðar eru í reglum þessum | **Verkstæði** – hættuleg efni (eituráhrif).<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (eituráhrif).<br><br>**Jarðvinna** – lagnir og veitur (eituráhrif). |
| **5. gr.**<br>**Undanþágur** | Vinnueftirlit ríkisins getur veitt heimild til innflutnings, notkunar eða meðhöndlunar á asbesti og vörum sem innihalda asbest í neðangreindum tilvikum:<br><br>a) Til viðhalds og viðgerða á byggingum, vélum og öðrum búnaði ef það er nauðsynlegt til að búnaðurinn haldi gildi sínu og ekki er unnt að nota önnur minna skaðleg efni. Sama gildir um vélar, tæki og annan búnað þar sem asbest er í einstökum, afmörkuðum hlutum búnaðarins.<br><br>b) Við niðurrif á byggingum, byggingarhlutum eða búnaði.<br><br>c) Í einstökum tilvikum, enda hafi verið sýnt fram á með fullgildum rökum að mati Vinnueftirlitisins að notkun asbests sé forsenda viðkomandi verkframkvæmdar og að öryggisráðstafanir séu fullnægjandi. Í öllum tilvikum er bannað að sprauta asbesti eða vörum sem innihalda asbest. | **Verkstæði** – hættuleg efni (eituráhrif).<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (eituráhrif). |
| **6. gr.**<br>**Umbúðir, merkingar og aðvaranir** | Asbest og asbestvörur til viðhalds eða viðgerða á vélum eða öðrum búnaði skulu vera hreinar og í umbúðum eða meðhöndlaðar þannig að komið sé í veg fyrir rykmyndun við geymslu, flutning og notkun. Slíkar vörur skulu afgreiddar tilbúnar til ísetningar eftir því sem kostur er. Asbest og asbestvörur skulu greinilega merktar af framleiðanda eða innflytjanda í samræmi við I. Viðauka í reglum þessum.<br><br>Þar sem unnið er með asbest sbr. 1. mgr. 5. gr., skulu festar upp viðvaranir um hættu af völdumasbestryks og leiðbeiningar um starfshætti sem samræmast reglum þessum. Starfsmenn sem vinna við asbest skulu fræddir um þær | **Verkstæði** – merkingar og leiðbeiningar.<br><br>**Vinnuvélar** – merkingar og leiðbeiningar.<br><br>**Jarðvinna** – merkingar og leiðbeiningar.<br><br>**Vinnusvæði** – merkingar (slysahætta). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| | hættur sem innöndun asbestryks hefur í för með sér. | |
| **7. gr.**<br>**Varnir gegn asbestmengun** | Gerðar eru kröfur um varnir gegn asbestmengun þegar vinna fer fram með asbest og vörur sem innihalda asbest. Fjallað er t.d. um varnir gegn rykmengun, asbestmengað loft, nauðsynlegar notkunar- og öryggisleiðbeiningar þegar unnið er með asbest eða asbestvörur, vinnufatnað og þvottaaðstaða fyrir starfsmenn og fatnaði. | **Verkstæði** – hættuleg efni (loftmengun, eituráhrif), öryggisáætlanir (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta).<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (loftmengun, eituráhrif), öryggisáætlanir (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta).<br><br>**Jarðvinna** – lagnir og veitur (loftmengun, eituráhrif), öryggisáætlanir (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta). |
| **8. gr.**<br>**Vinna við niðurrif og viðhald** | Áður en vinna hefst, við niðurrif eða viðhald á asbesti í byggingum, vélum eða öðrum búnaði, sem veitt hefur verið undanþága fyrir sbr. 5. gr., skal leggja verkáætlun fyrir Vinnueftirlit ríkisins til samþykktar. Vinna við niðurrif eða viðhald er ekki heimil nema fyrir liggi samþykkt Vinnueftirlitsins á viðkomandi verkáætlun. Í verkáætluninni skulu koma fram a.m.k. þær upplýsingar sem taldar eru upp í II. viðauka.<br><br>Aðeins þeir sem sótt hafa námskeið á vegum Vinnueftirlits ríkisins eða sem Vinnueftirlitið hefur samþykkt mega vinna við niðurrif eða viðhald á asbesti. Nota skal vinnuaðferðir og verkfæri sem hafa sem minnsta rykmyndun í för með sér. Verkfæri sem valda rykmengun við notkun skulu útbúin með afkastamiklu innbyggðu afsogi.<br><br>Starfsmenn skulu klæðast sérstökum vinnufatnaði og þar með töldum höfuðbúnaði sem ekki tekur í sig ryk og nota viðeigandi öndunargrímur. Starfsmenn skulu skipta reglulega um vinnuföt og fara úr þeim í matarhléum og strax að lokinni vinnu. Asbestmenguð vinnuföt skal ekki geyma eða þvo með öðrum fatnaði. Sérhver starfsmaður skal fá til afnota eigin öndunargrímu.<br><br>Svæði þar sem unnið er við niðurrif eða viðhald skal lokað af á öruggan hátt fyrir óviðkomandi. Setja skal upp viðvörunarskilti með eftirfarandi texta: „VARÚÐ. Asbestvinna. Óviðkomandi bannaður aðgangur.“<br><br>Við aðra niðurrifs- og viðhaldsvinnu skal í nánum tengslum við vinnusvæðið vera aðgangur að búningsherbergjum með aðstöðu til að geyma vinnufatnað aðskilin frá göngufötum. Í búningsherbergjunum skal vera handlaug með heitu og köldu vatni. Aðgangur skal vera að steypibaði með heitu og köldu vatni. | **Verkstæði** – hættuleg efni (loftmengun, eituráhrif), verkáætlanir (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta), aðbúnaður starfsmanna.<br><br>**Vinnuvélar** – hættuleg efni (loftmengun, eituráhrif), verkáætlanir (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta).<br><br>**Vinnusvæði** – Merkingar (slysahætta), verkáætlanir (slysa-hætta).<br><br>**Jarðvinna** – lagnir og veitur (loftmengun, eituráhrif), verkáætlanir (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **9. gr. Mengunarmörk og mælingar** | Atvinnurekandi skal í samráði við Vinnueftirlit ríkisins láta fara fram mælingu á asbestryki í andrúmslofti starfsmanna. Ekki er nauðsynlegt að láta fara fram mælingu ef Vinnueftirlitið telur ekki þörf á því vegna lítillar hættu á asbestmengun.<br><br>Í grein þessari eru gefin upp mengunarmörk fyrir asbest og skilyrði fyrir mælingar. | **Verkstæði** – mælingar og greining.<br><br>**Vinnuvélar** – mælingar og greining.<br><br>**Jarðvinna** – mælingar og greining. |
| **10. gr. Heilsueftirlit** | Í þeim tilvikum sem veitt hefur verið undanþága fyrir vinnu með asbest verður að liggja fyrir mat á heilsufari allra starfsmanna áður en þeir hefja vinnu við asbest sbr. 5. gr. | **Verkstæði** – mælingar og greining.<br><br>**Vinnuvélar** – mælingar og greining.<br><br>**Jarðvinna** – mælingar og greining. |
| **11. gr. Skráning og varðveisla gagna** | Atvinnurekandi skal halda skrá yfir starfsmenn í viðvarandi asbestvinnu, þar sem lýst er eðli vinnu þeirra og lengd vinnutíma og þeirri mengun sem þeir hafa orðið fyrir. Geyma ber skrána og heilsufarsskýrslurnar í 30 ár hið minnsta eftir að starfsmaður varð síðast fyrir mengun í samræmi við lög og reglur. Sé starfsemin lögð niður skal koma skránum til Vinnueftirlits ríkisins til varðveislu. | **Verkstæði** – skráning.<br><br>**Vinnuvélar** – skráning.<br><br>**Jarðvinna** – skráning. |
| **I. Viðauki** | Merkingar á svæðum sem innihalda asbest. | **Vinnusvæði** – merkingar (slysahætta) |
| **II. Viðauki** | Upplýsingar sem skulu koma fram í verkáætlun fyrir niðurrið eða viðhald bygginga eða búnaðar úr asbesti eða sem inniheldur asbest. | **Verkstæði** – verkáætlun (slysahætta).<br><br>**Vinnuvélar** – verkáætlun (slysahætta).<br><br>**Jarðvinna** – verkáætlun (slysahætta). |
| **III. Viðauki** | Tilvísunaraðferð sem um getur í 9. gr. til að mæla asbestmagn í andrúmslofti á vinnustað. | **Verkstæði** – mælingar og greining.<br><br>**Vinnuvélar** – mælingar og greining.<br><br>**Jarðvinna** – mælingar og greining. |
| **IV. Viðauki** | Hagnýt ráð um klínískt eftirlit sem um getur í 10. gr. | **Verkstæði** – öryggisáætlanir, eftirlit.<br><br>**Vinnuvélar** – öryggisáætlanir, eftirlit.<br><br>**Jarðvinna** – öryggisáætlanir, eftirlit. |

**Reglur nr. 377/1996 um þrýstihylki.**

Reglur þessar fela í sér sameiginleg ákvæði um þrýstihylki sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um þrýstihylki sem eru seld eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota almennings séu þau ekki háð öðrum lögum eða reglum.

Í reglum þessum merkir *þrýstihylki* fast eða færanlegt hylki eða geymi þar sem virkur yfirþrýstingur, meiri en 0,5 bör, getur orðið í gasi, gufu eða vökva. Reglurnar fjalla um EBE-mynstursviðurkenningu og EBE-sannprófun þrýstihylkja. Þær eiga ekki við notendur slíkra hylkja heldur framleiðendur.

**Reglur nr. 108/1996 um tæki sem brenna gasi.**

Reglur þessar gilda um tæki sem brenna gasi og ætluð eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um slík tæki sem seld eru eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, séu þau ekki háð öðrum lögum eða reglum.

Reglugerðin fjallar um hönnun og smíði þessara tækja, gerð leiðbeininga fyrir notendur og tillögu að samræmisvottun fyrir þessa gerð tækja. Í þessari reglugerð eru ekki sett skilyrði fyrir notendur sem lútið gæti að starfsemi tengdri vegagerð eða skyldum rekstri.

Reglur þessar gilda um fjöldaframleidd, einföld þrýstihylki sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um einföld þrýstihylki sem seld eru eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota almennings, séu þau ekki háð öðrum lögum eða reglum.

Reglurnar lúta að kröfum sem gerðar eru til framleiðanda og/eða ábyrgðaraðila fyrir markaðssetningu samsoðinna gashylkja úr hreinu stáli. Fjallað er um merkingar, smíði þeirra, útbúnað og prófanir. Reglurnar snúa ekki að meðferð samsoðinna gashylkja úr hreinu stáli á vinnustöðum.

Reglur þessar gilda um úðabrúsa sem ætlaðir eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda um úðabrúsa hvort sem þeir eru til notkunar við atvinnurekstur eða til einkanota almennings.

Reglurnar lúta að kröfum sem gerðar eru til framleiðanda og/eða ábyrgðaraðila fyrir markaðssetningu úðabrúsa. Fjallað er um merkingar úðabrúsa, smíði þeirra, útbúnað og prófanir. Einnig er fjallað um sérákvæði um úðabrúsa úr málmi, gleri og plasti.

Reglur þessar gilda um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda ekki um merki sem notuð eru vegna flutninga á vegum, járnbrautum, vatnaleiðum, sjó eða í lofti eða markaðssetningu hættulegra efna og efnablandna, vara og búnaðar nema það sé sérstaklega tekið fram í þessum reglum.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **3. gr.**<br>**Almennar reglur** | Atvinnurekendur skulu setja upp öryggis- og heilbrigðismerki samkvæmt þessum reglum eða ganga úr skugga um að slík merki séu á stöðum þar sem hætta verður ekki umflúin, eða ekki hægt að draga úr henni með almennum varúðarráðstöfunum eða ráðstöfunum, aðferðum eða leiðum sem tengjast vinnufyrirkomulagi. Merkin sem getið er um í V. viðauka og notuð eru í tengslum við umferð á vegum skulu einnig notuð á yfirráðasvæðum fyrirtækja þar sem slíkt á við. | **Vinnusvæði** – merkingar (öryggis- og heilbrigðismerki). |
| **6. gr.**<br>**Upplýsingar og leiðbeiningar til starfsmanna** | Atvinnurekendur skulu sjá til þess að starfsmenn eða fulltrúar þeirra séu upplýstir um allar ráðstafanir sem á að gera varðandi öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustað. Starfsmenn skulu fá viðeigandi leiðbeiningar, einkum með nákvæmum ábendingum um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustað. Í leiðbeiningunum skal fjallað um inntak merkjanna, einkum þeirra sem hafa texta, og um það hvernig starfsmenn skulu bregðast við þeim boðum sem þau fela í sér. | **Vinnusvæði** – merkingar (öryggis- og heilbrigðismerki). |
| **7. gr.**<br>**Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra** | Hafa ber samráð við starfsmenn eða fulltrúa þeirra og þátttaka þeirra skal tryggð á því sviði sem reglur þessar taka til. | **Vinnusvæði** – merkingar (öryggis- og heilbrigðismerki). |
| **I. Viðauki** | Almennar lágmarkskröfur varðandi öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum. | **Vinnusvæði** – merkingar (öryggis- og heilbrigðismerki). |
| **II. Viðauki** | Lágmarkskröfur varðandi skilti | **Vinnusvæði** – merkingar (öryggis- og heilbrigðismerki). |
| **III. Viðauki** | Lágmarkskröfur varðandi merki á ílátum og rörum. | **Vinnusvæði** – merkingar (öryggis- og heilbrigðismerki). |
| **IV. Viðauki** | Lágmarkskröfur varðandi staðsetningu og gerð slökkvibúnaðar. | **Vinnusvæði** – merkingar (öryggis- og heilbrigðismerki).<br><br>**Vinnubúðir** – Eldvarnir. |
| **V. Viðauki** | Lágmarkskröfur varðandi merkingar á hindrunum og hættulegum stöðum og umferðarleiðum. | **Vinnusvæði** – merkingar (öryggis- og heilbrigðismerki). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **VI. Viðauki** | Lágmarkskröfur varðandi ljósmerki. | **Vinnusvæði** – merkingar (öryggis- og heilbrigðismerki). |
| **VII. Viðauki** | Lágmarkskröfur varðandi hljóðmerki. | **Vinnusvæði** – merkingar (öryggis- og heilbrigðismerki). |
| **VIII. Viðauki** | Lágmarkskröfur varðandi munnleg fyrirmæli. | **Vinnusvæði** – merkingar (öryggis- og heilbrigðismerki). |
| **IX. Viðauki** | Lágmarkskröfur varðandi bendingar. | **Vinnusvæði** – merkingar (öryggis- og heilbrigðismerki). |

Reglur þessar gilda um vinnustaði sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Reglurnar gilda þó ekki um byggingarvinnustaði, jarðefnavinnslu eða aðra hliðstæða vinnustaði og flytjanlegt starfsmannarými.

**Skilgreiningar:**
Í reglum þessum merkir *vinnustaður* það húsnæði innan athafnasvæðis fyrirtækis sem ætlað er að hýsa vinnuaðstöðu, og hvern þann stað annan innan lóðar fyrirtækis sem starfsmaður hefur aðgang að í tengslum við vinnu sína.

Í reglum þessum merkir *vinnurými* sérhvert rými innan húsnæðis vinnustaðarins þar sem starfsmenn vinna.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **2. gr.**<br>**Eftirlit, umsagnir og tilkynningarskylda fyrirtækja** | Áður en nýtt húsnæði er byggt, nýtt húsnæði er tekið í notkun eða eldra húsnæði breytt fyrir starfsemi, sem reglur þessar taka til, ber að leita umsagnar Vinnueftirlits ríkisins um það, hvort hin fyrirhugaða starfsemi sé í samræmi við reglur þessar og aðrar reglur sem settar eru samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í því skyni skal eigandi eða fulltrúi hans láta stofnuninni í té sundurliðaða greinargerð, ásamt uppdráttum yfir húsakynni, hönnun og fyrirkomulag véla, tækja, innréttinga og annars búnaðar eftir því sem við á hverju sinni. Sérhver starfsemi, sem reglur þessar ná til skal tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins áður en hún hefst. | **Verkstæði** – aðbúnaður og hollustuhættir.<br><br>**Vinnubúðir** – aðbúnaður og hollustuhættir. |
| **II. Kafli**<br>**3. gr. Vinnurými – Almenn ákvæði** | Gerðar eru kröfur um vinnurými á vinnustöðum. Fjallað er um t.d. innréttingar, almennan aðgang, búnað og raflagnir og raftæki. | **Verkstæði** – aðbúnaður og hollustuhættir, aðgengi (slysa-hætta), rafmagn (rangur frágangur, brunahætta), rafmagnstæki (bilanir, notkun í bleytu). |
| **4. gr.**<br>**Lofthæð** | Gerðar eru kröfur um lofthæð vinnurýmis. Fjallað er um lofthæð í almennu vinnurými en einnig er fjallað um lofthæð á vinnustöðum þar sem búast má við myndun sprengi- eða eldfimra lofttegunda og þar sem búast má við óþægilegum hita, ryk, eitraðar lofttegundir eða reykur myndast. | **Verkstæði** – rangar vinnustellingar (álagsmeiðsli), vinna í lokuðu rými (loftmengun, sprengihætta), loftræsting (loftmengun, hiti). |
| **5. gr.**<br>**Loftrými** | Gerðar eru kröfur um loftrými á vinnustöðum. Fjallað er um það loftrými sem skal vera til staðar fyrir sérhvern starfsmann. Sömuleiðis er tekið tillit til þess rýmis sem vélar, húsgögn og efni taka. | **Verkstæði** – rangar vinnustellingar (álagsmeiðsli), vinna í lokuðu rými (loftmengun, sprengihætta), loftræsting (loftmengun, hiti). |
| **6. gr.**<br>**Gólf** | Gerðar eru kröfur um almenna gerð og frágang gólfa. Fjallað er um gólf og gólfefni í bæði almennu vinnurými og á svæðum þar sem ætandi efni eru notuð eða meðhöndluð og þar sem íkveikja- eða sprengihætta stafar af eldfimum efnum. | **Verkstæði** – gólfefni og halli gólfa (slysahætta vegna sleipu, uppsöfnun hættulegra efna). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **7. gr.**<br>**Veggir og loft** | Gerðar eru kröfur um veggi og loft á vinnustöðum. Fjallað er um t.d. einangrun lofts og veggja, yfirborð lofts og veggja, skilveggi og aðgang að loftum og þökum | **Verkstæði** – aðgengi (slysahætta). |
| **8. gr.**<br>**Dagsbirta og lýsing** | Gerðar eru kröfur um dagsbirtu og lýsingu á vinnustöðum. Fjallað er um t.d. magn og dreifingu dagsbirtu, hönnun lýsingar, búnað til lýsingar, opnun glugga, þakljóra og loftræstiopa, og hreinsun á gluggum og þakljórum. | **Verkstæði** – lýsing (slysahætta), loftræsting (loftmengun, hiti). |
| **9. gr.**<br>**Hitun** | Gerðar eru kröfur um hitun á vinnustöðum. Fjallað er um hitastig vinnurýmis, notkun hitunartækja, rakastig í vinnurými, staðsetning glugga, þakljóra og skilveggja úr gleri. | **Verkstæði** – hitun (kuldi í vinnurými, slysahætta). |
| **10. gr.**<br>**Loftræsting** | Gerð er krafa um loftræstingu í vinnurými. Fjallað er um t.d. hönnun á loftræstikerfi (stokkum, lögnum og vélum), loftskipti, innanhússtörf sem valda óhollustu og loftmengun og lofthreinsibúnað. | **Verkstæði** – loftræsting (loftmengun, hiti). |
| **11. gr.**<br>**Hávaði** | Gerðar eru kröfur um að byggingar séu þannig hannaðar að hávaði, sem í þeim kann að myndast vegna starfsemi, berist sem minnst um þær eða umhverfi þeirra. Fjallað er almennt um hávaðamyndun og vísað er til reglna um hávaðavarnir. | **Verkstæði** – hávaði (heyrnarskaði), persónuhlífar (heyrnarskaði). |
| **12. gr.**<br>**Kjallararými** | Gerðar eru kröfur um kjallararými sem notuð eru sem vinnustaðir. Fjallað er um t.d. rakavörn, loftræstingu og meðferð hættulegra efna í kjallararýmum. Vinnustaðir mega almennt vera í kjöllurum ef fullnægt er kröfum þessara reglna, sbr. 3. mgr. þessara greinar. | **Verkstæði** – vinnugryfjur (loftmengun, uppsöfnun hættulegra efna, slysahætta), vinna í lokuðu rými (loftmengun, eituráhrif, útblástur farartækja og vinnuvéla, sprengihætta), loftræsting (loftmengun, hiti), hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, húðbruni). |
| **III. Kafli**<br>**Starfsmannarými**<br>**13. – 36. gr.** | Gerðar eru kröfur um starfsmannarými á vinnustöðum. Starfsmannarými er skilgreint sem a) búningsherbergi og fatahengi, b) snyrtiherbergi, salerni og þvagstæði, c) þvotta- og baðklefi, og d) kaffi- og matstofur. | **Verkstæði** – aðbúnaður og hollustuhættir (hvíldaraðstaða, snyrtiaðstaða, búningsaðstaða, matstofur). |
| **IV. Kafli**<br>**Ýmis ákvæði**<br>**37. gr. Útgönguleiðir og neyðarútgangar** | Sérhver innanhússvinnustaður skal vera þannig gerður að frá honum verði komist á greiðan hátt ef eld, jarðskjálfta, útstreymi eiturgufa, gufusprengingu eða annan voða ber að höndum. Fjallað er um ganga, stiga, forrými og önnur rými, sem nota má til útgöngu, neyðarhurðir, merkingar á undankomuleiðum og neyðarútgöngum, lýsingu og tímabundna vinnu við þrönga og erfiða vinnuaðstöðu þar sem útgönguleið er ógreiðfær. | **Verkstæði** – flóttaleiðir (eldsvoðar eða bráðamengun). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **38. gr. Hvíldaraðstaða, sjúkrastofur** | Ef nauðsynlegt er með tilliti til heilsu og öryggis starfsmanna, vegna eðlis starfsins eða óvenjulegra aðstæðna, svo sem hita eða kulda, skal veita þeim afnot af hvíldaraðstöðu sem er nægjanlega stór, búin stólum eða bekkjum og hæfilega innréttuð að öðru leyti. Heimilt er að nota mat- eða kaffistofu í þessum tilgangi uppfylli þær framangreind skilyrði. Ef starfið krefst þess, svo sem þegar starfsmenn hafa viðveruskyldu á bakvöktum, skal veita þeim aðgang að hvíldaraðstöðu með svefnaðstöðu, sem ekki er notað samtímis í öðrum tilgangi. Ef stærð vinnustaðar, tegund starfemi og slysatíðni krefjast þess skal sjá fyrir sjúkrastofu til að veita slösuðum skyndihjálp. Á sjúkrastofunni skulu vera nauðsynleg tæki og búnaður til að veita skyndihjálp og skal aðgangur að þeim með sjúkrabörur vera greiður. Einnig skal búnaður til að veita slösuðum skyndihjálp vera alls staðar tiltækur þar sem þess er þörf vegna aðstæðna á vinnustað. | **Verkstæði** – aðbúnaður og hollustuhættir (hvíldaraðstaða). |
| **39. gr. Umferðarleiðir-hættusvæði** | Umferðarleiðir, þar með talið innbyggðir eða fastir stigar, hlaðstæði og pallar, skal staðsetja og útbúa þannig að fótgangendur og ökutæki megi nota þær vandkvæðalaust, með fullu öryggi og á þann hátt sem tilgangur þeirra segir til um og þannig að starfsmönnum sem eru við vinnu í grennd við þær stafi ekki hætta af. Gerðar eru kröfur um umferðarleiðir í grein þessari. | **Verkstæði** – aðgengi (umferðargangar/vinnusvæði, slysahætta). |
| **41. gr. Vinnustaðir utanhúss** | Vinnustaðir, umferðarleiðir, aðrir staðir eða mannvirki undir beru lofti þar sem starfsmenn eru staddir vegna vinnu sinnar skulu skipulögð þannig að ekki stafi af hætta fyrir umferð fótgangenda eða ökutækja.<br><br>Vinnustaðir utanhúss skulu lýstir á fullnægjandi hátt ef dagsbirta er ekki nægjanleg. Er starfsmenn vinna utanhúss skal vinnustaðurinn eins og kostur er skipulagður á þann hátt að þeir séu í skjóli fyrir veðrum og ef með þarf varðir fyrir hlutum sem falla, að þeir verði ekki fyrir áhrifum af svo miklum hávaða að valdið geti heilsutjóni, eða fyrir öðrum skaðlegum utanaðkomandi áhrifum, svo sem af lofttegundum, gufum eða ryki, að þeir geti yfirgefið vinnustaðinn í skyndingu ef hætta kemur upp, eða að unnt sé að veita þeim aðstoð í skyndingu og að þeir renni ekki til eða detti. | **Vinnusvæði** – samgöngur innan vinnusvæðis (umferðaslys), veðurfar (áfok, slysahætta), hávaði (heyrnarskaði), aðgengi (slysahætta). |
| **42. gr. Fatlaðir starfsmenn** | Þar sem við á skal skipuleggja vinnustaðinn þannig að tillit sé tekið til fatlaðra starfsmanna. Þetta ákvæði gildir sérstaklega um dyr, ganga, stiga, baðklefa, handlaugar, salerni, og vinnustaði sem fatlaðir starfsmenn vinna við eða nota sjálfir. | **Verkstæði** – aðbúnaður og hollustuhættir (hvíldaraðstaða, snyrtiaðstaða, búningsaðstaða, matstofur). |
| **43. gr. Ræstiklefi** | Í tengslum við hvern vinnustað skal gera ráð fyrir sérstöku rými, þar sem nauðsynlegum búnaði fyrir ræstingu er komið fyrir, þannig að tryggt verði að ræstingin fari fram á sem öruggastan og heilsusamlegastan hátt. Ef húsnæði vinnustaða er á fleiri en einni hæð og ekki er aðgengi að lyftu skal gera ráð fyrir sérstöku rými á hverri hæð, þar sem nauðsynlegum búnaði er komið fyrir, sé slíkt nauðsynlegt til þess að ekki þurfi að bera þunga hluti milli hæða. | **Verkstæði** – aðbúnaður og hollustuhættir (hvíldaraðstaða, snyrtiaðstaða, ræstiaðstaða, búningsaðstaða, matstofur). |
| **44. gr. Hurðir og hlið** | Gerðar eru kröfur um hurðir og hlið á vinnustöðum. Fjallað er um t.d. staðsetningu og fjölda hurða og hliða, stærðir þeirra, gagnsæjar og snúningshurðir, rennihurðir og lúgur og hurðir og hlið sem lokuð eru með vélrænum búnaði. | **Verkstæði** – aðgengi (slysahætta), flóttaleiðir (eldsvoðar eða bráðamengun). |

Reglur þessar gilda um vinnu í lokuðu rými sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Með lokuðu rými er hér átt við rými þar sem hætta getur verið á súrefnisskorti og/eða lofttegundum yfir hættumörkum vegna ófullnægjandi loftræstingar og þar sem aðgengi er erfitt. Dæmi um lokuð rými eru geymar, katlar, dælurými, eldsneytisgeymar, þurrrými, lagnastokkar og kjallarar.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **2. gr.**<br>**Vinna í lokuðu rými** | Þegar vinna þarf í lokuðu rými skal gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir og vinnan skipulögð, undirbúin og framkvæmd þannig að hún ógni ekki öryggi og heilsu starfsmanna. Sérstaklega skal gæta varúðar við eftirfarandi:<br>· Málmsuðu og logskurð.<br>· Málningarvinnu með efnum sem innihalda leysiefni.<br>· Vinnu þar sem notuð eru eldsneytisdrifin verkfæri.<br>· Vinnu í rými þar sem hættulegt magn heilsuspillandi, eld- og sprengifimra efna af ólíkum uppruna er til staðar.<br>· Vinnu í þróm, geymum, gryfjum, djúpum brunnum og kjöllurum þar sem hættulegt gas getur myndast og rutt burt súrefni.<br>· Vinnu við sandblástur og þar sem mikið ryk myndast.<br>· Vinnu við hreinsun með hættulegum efnum.<br>· Vinnu þar sem hlutfall súrefnis er of lágt eða of hátt.<br>Áður en vinna hefst í lokuðu rými skal leggja mat á þá hættu sem fyrir hendi er. Nauðsynlegar upplýsingar skulu liggja fyrir um þau efni og mengun sem til staðar er. Þar sem eldfim efni hafa verið skal mæla gasinnihald. | **Verkstæði** – vinna í lokuðu rými (hættuleg efni, loftmengun, eituráhrif, sprengihætta), vinnu-gryfjur (loftmengun, uppsöfnun hættulegra efna, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinna í lokuðu rými (hættuleg efni, loftmengun, eituráhrif, sprengi-hætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** – vinna í lokuðu rými (útblástur farartækja og vinnuvélar, loftmengun, sprengingar, hættuleg efni loftmengun, eitur-áhrif). |
| **3. gr.**<br>**Takmörkun á aðgangi** | Við upphaf vinnu í lokuðu rými getur þurft að girða svæðið af. Í slíkum tilvikum þarf einnig að setja upp greinilegar varúðarmerkingar og bannskilti með upplýsingum um hættur og bönn. Einnig önnur skilti með nafni verktaka og síma og öðrum upplýsingum sem nauðsynlegar þykja. Brýnt er að halda leiðum að svæðinu opnum. Sé unnið við sprengingar er nauðsynlegt að vera á varðbergi gagnvart hruni. | **Vinnusvæði** - merkingar, aðgengi (afgirðing og lokun). |
| **4. gr.**<br>**Loftræsting** | Gerðar eru kröfur um loftræstingu í lokuðu rými. Fjallað er t.d. um opnun rýmis að ofan og neðan til, útsog og blástur, eldhættu í lokuðu rými, gufur og gas sem eru léttari/þyngri en loft.<br><br>Eftir að vinna hefst skal loftræstingu haldið áfram á meðan unnið er í rýminu. Leiki einhver vafi á loftgæðum eða ef ekki er hægt að tryggja næga loftræstingu skal sjá til þess að allir þeir sem fara inn í rýmið séu með ferskloftsbúnað. | **Verkstæði** – vinna í lokuðu rými (hættuleg efni, loftmengun, eituráhrif), vinnugryfjur (loftmengun, uppsöfnun hættulegra efna, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinna í lokuðu rými (hættuleg efni, loftmengun, eituráhrif).<br><br>**Jarðgangnagerð** – vinna í lokuðu rými (útblástur farartækja og vinnuvélar, loftmengun, hættuleg efni loftmengun, eituráhrif). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **5. gr.**<br>**Heimild til vinnu** | Vinnuveitanda ber að sjá til þess að lokað rými sé athugað m.t.t. slysahættu og öryggis gagnvart heilsu starfsmanna svo unnt sé að meta hvort hættulaust sé að vinna þar. Vinnuveitandi eða annar sem hann tilnefnir skal gefa út heimild til vinnu í lokuðu rými.<br><br>Heimild skal bundin ákveðnum skilyrðum sem varða m.a. loftræstingu, súrefnis- og gasmælingar, notkun persónuhlífa og öryggisbelta og lína. Einnig skal brunavarsla vera á staðnum ásamt reykköfunar- og slökkvitækjum. | **Verkstæði** – öryggisáætlanir.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir.<br>**Jarðgangnagerð** – öryggisáætlanir. |
| **6. gr.**<br>**Hreinsun** | Við hreinsun á geymum og öðru lokuðu rými skal fara eftir þeim öryggiskröfum sem fyrirhuguð vinna í þeim krefst, t.d. ef raf- eða logsjóða á í lokuðu rými eða ef hreinsa á umhverfis vinnustaðinn þannig að þar sé ekki hætta á íkviknun frá eldfimum efnum. Loftræsta þarf rýmið allan tímann sem hreinsun fer fram. Þegar um er að ræða lofttegundir þyngri en loft þarf loftinntak að vera að ofan og útsog að neðan. Nota skal neistafrí áhöld, persónuhlífar og ferskloftsgrímur eins og við á. | **Verkstæði** – vinna í lokuðu rými (hættuleg efni, loftmengun, eituráhrif, sprengihætta), vinnugryfjur (loftmengun, uppsöfnun hættulegra efna, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinna í lokuðu rými (hættuleg efni, loftmengun, eituráhrif, sprengihætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** – vinna í lokuðu rými (útblástur farartækja og vinnuvélar, loftmengun, sprengingar, hættuleg efni loftmengun, eituráhrif). |
| **7. gr.**<br>**Gaseyðing og gaseyðingar-vottorð** | Ekki má hefja vinnu við hreinsun, viðgerð eða aðra vinnu í geymi þar sem verið hefur eldfimur eða eitraður vökvi eða gas fyrr en gaseyðing hefur farið fram og í kjölfar þess gas- og súrefnismælingar og Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það viðurkennir gefið út gaseyðingarvottorð. Þó er viðurkenndum eftirlitsaðila við skoðunarstörf eða rannsókn heimilt að fara um vinnusvæðið enda fylgi hann viðeigandi öryggisreglum.<br><br>Verði vart við olíu í geymi, t.d. vegna leka frá leiðslum, á meðan vinna stendur yfir svo að ætla megi að olíueimur (gufa) myndist skal þegar stöðva vinnuna og óheimilt að hefja hana aftur fyrr en nýtt gaseyðingarvottorð hefur verið gefið út af viðurkenndum aðila að undangenginni rannsókn. Gaseyðingarvottorð skal gefið út af Vinnueftirliti ríkisins eða þeim sem það hefur veitt heimild til slíks. | **Verkstæði** – vinna í lokuðu rými (hættuleg efni, loftmengun, eituráhrif, sprengihætta), vinnugryfjur (loftmengun, uppsöfnun hættulegra efna, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinna í lokuðu rými (hættuleg efni, loftmengun, eituráhrif, sprengihætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** – vinna í lokuðu rými (útblástur farartækja og vinnuvélar, loftmengun, sprengingar, hættuleg efni loftmengun, eituráhrif). |
| **Viðauki I** | Leiðbeiningar um vinnu í lokuðu rými. | **Verkstæði** – vinna í lokuðu rými (hættuleg efni, loftmengun, eituráhrif, sprengihætta), vinnugryfjur (loftmengun, uppsöfnun hættulegra efna, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinna í lokuðu rými (hættuleg efni, loftmengun, eituráhrif, sprengihætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** – vinna í lokuðu rými (útblástur farartækja og vinnuvélar, loftmengun, sprengingar, hættuleg efni loftmengun, eituráhrif). |

**Reglur nr. 503/1994 um lyfti- og flutningabúnað (sameiginleg ákvæði).**

Reglur þessar fela í sér sameiginleg ákvæði um lyfti- og flutningabúnað sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti, og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda um lyfti- og flutningabúnað eins og hann er skilgreindur er í 2. gr. og nánar er mælt fyrir um í sérreglum þeim sem um getur í 3. gr. Reglurnar gilda jafnframt um slíkan búnað sem jöfnum höndum er notaður við atvinnurekstur og til einkanota almennings, sé hann ekki háður öðrum lögum eða reglum.

Reglurnar lúta að kröfum sem gerðar eru til framleiðanda og/eða ábyrgðaraðila fyrir innflutning eða markaðssetningu á lyfti- og flutningabúnaði. Fjallað er um EBE-gerðarviðurkenningar, sannprófanir, gerðarprófanir, skoðanir og yfirlýsingar framleiðanda. Í þessari reglugerð eru ekki sett skilyrði fyrir notendur sem lútið gæti að starfsemi tengt vegagerð eða skyldum framkvæmdum.

Reglur þessar gilda um persónuhlífar sem settar eru á markað og ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um persónuhlífar sem seldar eru eða leigðar jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, séu þær ekki háðar öðrum lögum eða reglum.

Reglurnar lúta að kröfum sem gerðar eru til framleiðanda og/eða ábyrgðaraðila fyrir innflutning eða markaðssetningu á persónuhlífum. Fjallað er um EBE-yfirlýsingu um samræmi og CE merki, EBE-gerðarprófanir og eftirlit með framleiðslu. Í þessari reglugerð eru ekki sett skilyrði fyrir notendur sem lútið gæti að starfsemi tengt vegagerð eða skyldum framkvæmdum.

Reglum þessum er ætlað að koma í veg fyrir heyrnarskemmdir og skaðleg áhrif af völdum hávaða. Í þeim er að finna ákvæði um ráðstafanir á vinnustöðum sem dragi úr hávaða, tryggi að starfsmenn noti heyrnarhlífar þar sem þess er þörf og að haft verði reglulegt eftirlit með heyrn starfsmanna þar sem við á. Taka skal sérstaklega tillit til hávaðavarna um leið og búnaður eða húsnæði er hannað, svo og að velja efni, vinnutilhögun og vinnuaðferðir sem hafa minni hávaða í för með sér. Markmiðið skal vera að draga úr hávaða þar sem hann á upptök sín. Í I., II. og III. viðauka eru birtar leiðbeiningar um hávaðamælingar og eftirlit með heyrn starfsmanna svo og skilgreiningar hugtaka.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **II. Kafli**<br>**Almenn ákvæði**<br>**2. gr.** | Á vinnustöðum skal fyrirkomulag, framkvæmd vinnu, vélar, tæki og annar búnaður vera þannig að hávaði sé svo lítill sem kostur er, að teknu tilliti til kostnaðar. Við hönnun og uppbyggingu fyrirtækja skal við það miðað að jafngildishávaði sem starfsmenn verða fyrir á 8 stunda vinnudegi verði ekki meiri en 85 dB(A). Sama á við um endurnýjun véla og búnaðar. | **Verkstæði** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), persónuhlífar (heyrnarskaði).<br>**Efnisvinnsla** – hávaði vegna sprenginga, persónuhlífar (heyrnarskaði).<br>**Vinnuvélar** – hávaði frá tækjum, persónuhlífar (heyrnarskaði).<br>**Stál- og steypuvirki** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), persónuhlífar (heyrnarskaði).<br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), persónuhlífar (heyrnarskaði).<br>**Jarðgangnagerð** – hávaði (heyrnarskaði), persónuhlífar (heyrnarskaði).<br>**Jarðvinna** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), persónuhlífar (heyrnarskaði). |
| **3. gr.** | Í 3. gr. er fjallað um kröfur sem gilda um þá sem hanna, framleiða, selja og setja upp vélar og annan búnað sem geta valdið hávaða. | **Verkstæði** – hávaði (vegna notkunar véla), persónuhlífar (heyrnarskaði).<br>**Efnisvinnsla** – hávaði vegna sprenginga, persónuhlífar (heyrnarskaði).<br>**Vinnuvélar** – hávaði frá tækjum, persónuhlífar (heyrnarskaði).<br>**Stál- og steypuvirki** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), persónuhlífar (heyrnarskaði).<br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), persónuhlífar (heyrnarskaði).<br>**Jarðgangnagerð** – hávaði (heyrnarskaði), persónuhlífar (heyrnarskaði).<br>**Jarðvinna** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), persónuhlífar (heyrnarskaði). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **4. gr.** | Draga verður eins og unnt er með góðu móti úr hættu þeirri sem skapast af því að menn verða fyrir hávaða, einkum við upptök hávaðans, að teknu tilliti til tækniframfara og ráðstafana sem tiltækar eru til að hafa hemil á hávaðanum.<br><br>Við vinnu sína skulu starfsmenn gæta þess að hávaði skapist ekki að óþörfu og stuðla að því að þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að draga úr hávaða komi að notum. Í grein þessari eru settar fram kröfur Þar sem jafngildishávaði fer yfir 85 dB(A) eða hámark vegins augnablikshljóðþrýstings er yfir 110 dB(A). | **Verkstæði** – hávaði ( vegna notkunar véla), persónuhlífar (heyrnarskaði).<br><br>**Efnisvinnsla** – hávaði vegna sprenginga, persónuhlífar (heyrnarskaði).<br><br>**Vinnuvélar** – hávaði frá tækjum, persónuhlífar (heyrnarskaði).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), persónuhlífar (heyrnarskaði).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), persónuhlífar (heyrnarskaði).<br><br>**Jarðgangnagerð** – hávaði (heyrnarskaði), persónuhlífar (heyrnarskaði).<br><br>**Jarðvinna** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), persónuhlífar (heyrnarskaði). |
| **5. gr.** | Hávaði við vinnu skal metinn og mældur, ef þörf krefur, til að finna starfsmenn og vinnustaði sem um er rætt í þessum reglum og ákvarða aðstæður sem einstök ákvæði reglnanna gilda um. Atvinnurekandi sér um skipulagningu og framkvæmd heyrnareftirlits, hávaðamælinga og aðgerða til að draga úr hávaða í samráði við öryggisnefnd eða öryggisvörð og öryggistrúnaðarmann eða trúnaðarmann, sbr. reglur nr. 77/1982 um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja. Í grein þessari er fjallað um mat eða mælingar á hávaða og hvernig skuli staðið að þessum rannsóknum. | **Verkstæði** – hávaði ( vegna notkunar véla, heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Efnisvinnsla** – hávaði vegna sprenginga (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Vinnuvélar** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Jarðgangnagerð** – hávaði (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Jarðvinna** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **6 gr.** | Ef líklegt er að jafngildishávaði fari yfir 85 dB(A) eða hámark vegins augnablikshljóðþrýstings sé yfir 110 dB(A) skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar fái viðunandi upplýsingar, og þjálfun um hættur og verndar- og forvarnarráðstafanir, ef það á við, og að starfsmönnum og/eða fulltrúum þeirra innan fyrirtækisins eða stofnunarinnar sé veittur aðgangur að niðurstöðum mats og mælinga á hávaða sem gerðar eru | **Verkstæði** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn.<br><br>**Efnisvinnsla** – hávaði vegna sprenginga (heyrnarskaði), upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn.<br><br>**Vinnuvélar** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn.<br><br>**Jarðgangnagerð** – hávaði (heyrnarskaði), upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn.<br><br>**Jarðvinna** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn. |
| **7. gr.** | Þar sem jafngildishávaði er 85 dB(A) eða meiri yfir 8 stunda vinnudag og þar sem hámark vegins augnablikshljóðþrýstings verður 110 dB(A) eða meira skulu starfsmenn bera heyrnarhlífar af viðurkenndri gerð sem atvinnurekandi lætur þeim í té að kostnaðarlausu. Þar skulu og vera áberandi aðvaranir um að nauðsynlegt sé að nota heyrnarhlífar til þess að draga úr hættu á heyrnarskemmdum af völdum hávaða. Fræða skal starfsmann um hættu á heyrnarskemmdum þegar unnið er við þessar aðstæður. | **Verkstæði** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn, persónuhlífar (heyrnarskaði).<br>**Efnisvinnsla** – hávaði vegna sprenginga (heyrnarskaði), upplýsingar og fræðsla starfsmenn, persónuhlífar (heyrnarskaði).<br>**Vinnuvélar** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði) , upplýsingar og fræðsla starfsmenn, persónuhlífar (heyrnarskaði).<br>**Stál- og steypuvirki** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn, persónuhlífar (heyrnarskaði).<br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn, persónuhlífar (heyrnarskaði).<br><br>**Jarðgangnagerð** – hávaði (heyrnarskaði), upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn, persónuhlífar (heyrnarskaði). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| | | **Jarðvinna** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), upplýsingar og fræðsla fyrir starfsmenn, persónuhlífar (heyrnarskaði). |
| **8. gr.** | Í 8. gr. er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru gegn hávaða í rýmum þar sem samræður geta átt sér stað, eins og í sjórnklefum og verkstjórnarherbergjum, á mat- og kaffistofum og skrifstofum. | **Verkstæði** – hávaði (heyrnarskaði, slysahætta).<br><br>**Efnisvinnsla** – hávaði vegna sprenginga (heyrnarskaði).<br><br>**Vinnuvélar** – hávaði frá tækjum í stjórnklefum (heyrnarskaði, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði).<br><br>**Jarðgangnagerð** – hávaði (heyrnarskaði).<br><br>**Jarðvinna** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði). |
| **III. Kafli**<br>**Heyrnareftirlit**<br>**9. gr.** | Eftir því sem við verður komið skal árlega mæla heyrn hjá þeim starfsmönnum sem ætla má að verði fyrir hávaða yfir 85 dB(A). Þar sem liggja fyrir mælingar á jafngildishávaða er þó einungis skylt að mæla heyrn hjá þeim sem gegna störfum sem hafa í för með sér jafngildishávaða yfir 8 stunda vinnudag sem er 85 dB(A) eða meira og þeim sem verða fyrir vegnum augnablikshljóðþrýstingi 110 dB(A) eða meiri. Í grein þessari er fjallað um tilgang eftirlitsins, framkvæmd heyrnarmælinga og yfirlit um niðurstöður. | **Verkstæði** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar.<br><br>**Efnisvinnsla** – hávaði vegna sprenginga (heyrnarskaði), mælingar.<br><br>**Vinnuvélar** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), mælingar.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), mælingar.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar.<br><br>**Jarðgangnagerð** – hávaði (heyrnarskaði), mælingar.<br><br>**Jarðvinna** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| | | |
| **10. gr.** | Fjallað er nánar um framkvæmd heyrnarmælinga, eins og tíðnisvið mælinga og atvinnusögu viðkomandi. | **Verkstæði** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar (eftirlit og atvinnusaga).<br><br>**Efnisvinnsla** – hávaði vegna sprenginga (heyrnarskaði), mælingar (eftirlit og atvinnusaga).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), mælingar (eftirlit og atvinnusaga).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar (eftirlit og atvinnusaga).<br><br>**Jarðgangnagerð** – hávaði (heyrnarskaði), mælingar (eftirlit og atvinnusaga).<br><br>**Vinnuvélar** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), mælingar (eftirlit og atvinnusaga).<br><br>**Stál- og steypuvirki** - hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), mælingar (eftirlit og atvinnusaga).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** - hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar (eftirlit og atvinnusaga).<br><br>**Jarðgangnagerð** – hávaði (heyrnarskaði), mælingar (eftirlit og atvinnusaga).<br><br>**Jarðvinna** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar (eftirlit og atvinnusaga). |
| **11. gr.** | Greinist breytingar á heyrn viðkomandi eða komi í ljós önnur einkenni heyrnardeyfu skal fara fram nánari athugun á heyrninni. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands skilgreinir hvenær þörf er nánari athugana, og að höfðu samráði við Vinnueftirlit ríkisins skilgreinir stöðin einnig heyrnartap sem talið er afleiðing hávaða. | **Verkstæði** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br>**Efnisvinnsla** – hávaði vegna sprenginga (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br>**Vinnuvélar** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði) og mælingar og eftirlit.<br>**Stál- og steypuvirki** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br>**Jarðgangnagerð** – hávaði (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br>**Jarðvinna** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| | | mælingar og eftirlit. |
| **12. gr.** | Nota má allar aðferðir til eftirlits með heyrn starfsmanna sem að minnsta kosti uppfylla skilyrði 9. gr. Viðkomandi starfsmanni skal greint frá niðurstöðum heyrnarmælinga. Meint heyrnartap af völdum hávaða á vinnustöðum skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins og landlækni. | **Verkstæði** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Efnisvinnsla** – hávaði vegna sprenginga (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Vinnuvélar** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Jarðgangnagerð** – hávaði (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Jarðvinna** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit. |
| **IV. Kafli**<br>**Önnur ákvæði**<br>**13. gr.** | Atvinnurekandi skal láta gera hávaðamælingar á vinnustöðum eftir því sem aðstæður gefa tilefni til. Vinnueftirlit ríkisins getur krafist þess að gerðar séu hávaðamælingar, sbr. 18. gr. laga nr. 46/1980. Þar sem grunur leikur á að hávaði sé 85 dB(A) eða meiri eða aðstæður gefa að öðru leyti tilefni til getur öryggistrúnaðarmaður eða trúnaðarmaður krafist þess að gerðar séu hávaðamælingar. Aðeins má krefjast víðtækra mælinga hafi einfaldar mælingar sýnt fram á nauðsyn þess. | **Verkstæði** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Efnisvinnsla** – hávaði vegna sprenginga (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Vinnuvélar** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði) og mælingar og eftirlit.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Jarðgangnagerð** – hávaði (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Jarðvinna** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **I. Viðauki** | Gefnar eru leiðbeiningar um hávaðamælingar. Fjallað er um mælibúnað, mælingar, nákvæmni hávaðamælinga og hvernig áhrifin eru metin. | **Verkstæði** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Efnisvinnsla** – hávaði vegna sprenginga (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Vinnuvélar** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði) og mælingar og eftirlit.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Jarðgangnagerð** – hávaði (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br><br>**Jarðvinna** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit. |
| **II. Viðauki** | Leiðbeiningar um eftirlit með heyrn starfsmanna. | **Verkstæði** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br>**Efnisvinnsla** – hávaði vegna sprenginga (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br>**Vinnuvélar** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði) og mælingar og eftirlit.<br>**Stál- og steypuvirki** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br>**Jarðgangnagerð** – hávaði (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit.<br>**Jarðvinna** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði), mælingar og eftirlit. |
| **III. Viðauki** | Skilgreiningar hugtaka. | **Verkstæði** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði).<br>**Efnisvinnsla** – hávaði vegna sprenginga (heyrnarskaði).<br>**Vinnuvélar** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði).<br>**Stál- og steypuvirki** – hávaði frá tækjum (heyrnarskaði).<br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði).<br>**Jarðgangnagerð** – hávaði (heyrnarskaði).<br>**Jarðvinna** – hávaði vegna notkunar véla (heyrnarskaði). |

Reglur þessar gilda um það þegar byrðar eru handleiknar og því fylgir hætta á heilsutjóni, sérstaklega bakmeiðslum, vegna þess hvernig hluturinn er gerður eða að vinnuvistfræðilegar aðstæður eru slæmar. Reglurnar gilda á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum ná til.

**Skilgreining:**
Í þessum reglum merkir orðasambandið " að handleika byrðar" það þegar einn eða fleiri starfsmenn flytja byrði úr stað eða styðja við hana. Í því felst að lyfta, setja niður, ýta, draga, bera eða færa til byrði, sem getur verið hlutur/hlutir, fólk eða dýr.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **II. Kafli**<br>**Skyldur atvinnurekanda**<br>**3. gr. Almenn ákvæði** | 1. Atvinnurekandi skal gera skipulagsráðstafanir eða nota viðeigandi hjálpartæki, einkum vélbúnað, til að komast hjá því að starfsmenn þurfi að handleika byrðar.<br><br>2. Þegar ekki er hægt að komast hjá því að starfsmenn handleiki byrðar skal atvinnurekandi skipuleggja vinnuaðstæður, nota viðeigandi búnað eða sjá starfsmönnum fyrir hjálpartækjum til að draga úr þeirri áhættu sem felst í þessu starfi þeirra og taka þar mið af I. viðauka sem fylgir reglunum. | **Verkstæði** – vinnustellingar (álagsáhætta).<br><br>**Vinnuvélar** – vinnustellingar (álagsáhætta)<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinnustellingar (álagsáhætta). |
| **4. gr.**<br>**Skipulag vinnusvæða** | Alls staðar þar sem ekki er hægt að komast hjá því að starfsmenn handleiki byrðar skal atvinnurekandi skipuleggja vinnusvæði á þann hátt að öryggi og hollusta sé sem allra mest þegar byrðar eru handleiknar. Atvinnurekandi skal:<br><br>a) meta, fyrirfram ef unnt er, öryggis- og heilbrigðisaðstæður við verk af þessu tagi og einkum skoða hvers eðlis byrðarnar eru og taka þar mið af I. viðauka,<br><br>b) forðast eða draga úr hættu á að starfsmenn verði fyrir bakmeiðslum með því að gera viðeigandi ráðstafanir, einkum með tilliti til vinnuumhverfis og taka þar mið af I. viðauka. | **Verkstæði** – öryggis- og heilbrigðismat.<br><br>**Vinnuvélar** – öryggis- og heilbrigðismat.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggis- og heilbrigðismat. |
| **III Kafli**<br>**5. gr. Framkvæmd vinnu** | 1. Við mat á hættu á heilsutjóni við vinnu, þar sem byrðar eru handleiknar, skal meta lögun og ástand byrðarinnar, auk þess nauðsynlega líkamlega áreynslu, eðli vinnunnar og vinnuaðstæður að öðru leyti.<br><br>2. Þegar þarf að lyfta fólki skal matið vera í samræmi við 1. tölul. og auk þess tekið sérstakt tillit til áhættu vegna skyndilegs álags. | **Verkstæði** – vinnustellingar (álagsáhætta).<br><br>**Vinnuvélar** – vinnustellingar (álagsáhætta)<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinnustellingar (álagsáhætta). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
| --- | --- | --- |
| **6 - 9. gr.** | 1. Vinnuaðstæður þar sem byrðar eru handleiknar skulu vera eins góðar og kostur er. Umferðarleiðir skulu vera greiðfærar til að koma í veg fyrir hættu á að starfsmenn renni til, hrasi o.s.frv. Lýsing skal vera nægileg. Umferðarleiðir skulu vera það rúmar á breidd og hæð að hægt sé að handleika byrðar í uppréttri stöðu, án hættu á heilsutjóni.<br><br>2. Þegar byrðum er staflað skal séð til þess að hægt sé að gera það án hættu á heilsutjóni, með góðri líkamsbeitingu og án hættu á að staflinn falli.<br><br>3. Ef starfsmenn handleika byrðar í sífellu skal hvíla þá með öðru verkefni eða koma fyrir hléum þannig að draga megi úr hættu á heilsutjóni. Ef starfsmenn handleika byrðar í miklum kulda eða hita skal hvíla þá með annarri vinnu eða hléum til að koma í veg fyrir heilsutjón.<br><br>4. Starfsmenn skulu nota öryggisskó ef hætta er á fótmeiðslum við að handleika byrðar og vinnuhanska ef hætta er á handmeiðslum vegna byrðarinnar. Þegar þörf er á hlífðarfatnaði vegna heilsuspillandi efna í byrðinni eiga starfsmenn að nota þar til gerð vinnuföt og persónuhlífar. Um framkvæmd þessarar greinar vísast til gildandi reglna um notkun persónuhlífa. | **Verkstæði** – vinnustellingar (álagsáhætta).<br><br>**Vinnuvélar** – vinnustellingar (álagsáhætta).<br><br>**Vinnusvæði** – Almennur búnaður starfsmanna (öryggisskór, vinnuhanskar o.s.frv.), veðurfar.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinnustellingar (álagsáhætta). |
| **10. gr.<br>Upplýsingar til starfsmanna og þjálfun þeirra** | 1. Starfsmenn eða fulltrúar þeirra skulu fá upplýsingar um allar ráðstafanir sem verða gerðar samkvæmt þessum reglum á sviði öryggis og hollustu. Atvinnurekendum er skylt að gæta þess að starfsmenn fái almennar ábendingar og, ef kostur er, nákvæmar upplýsingar um: þyngd hlutar sem handleika á og þungamiðju þyngstu hliðarinnar þegar innihald pakka dreifist ójafnt.<br><br>2. Atvinnurekendum ber að tryggja að starfsmenn sem handleika byrðar fái tilsögn í réttri líkamsbeitingu, kennslu í réttri notkun hjálpartækja og upplýsingar um þá áhættu sem þeir kynnu að taka, einkum ef verkin eru ekki unnin rétt, með tilliti til I. og II. viðauka. | **Verkstæði** – leiðbeiningar.<br><br>**Vinnuvélar** – leiðbeiningar.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – leiðbeiningar. |
| **11. gr.<br>Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra** | Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og tryggja að samstarf geti orðið sem best um öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti á því sviði sem reglur þessar taka til, að viðaukum meðtöldum, sbr. 16. gr. laga nr. 46/1980. | **Verkstæði** – samræming.<br><br>**Vinnuvélar** – samræming.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – samræming. |
| **I. Viðauki** | Útskýrt er frekar hvernig burður, líkamlegt átak, aðstæður við vinnu og verkefnið geta valdið hættu á heilsutjóni. | **Verkstæði** – vinnustellingar (álagsáhætta).<br><br>**Vinnuvélar** – vinnustellingar (álagsáhætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinnustellingar (álagsáhætta). |
| **II. Viðauki** | Gefnir eru upp áhættuþættir sem lúta að einstaklingnum. | **Verkstæði** – vinnustellingar (álagsáhætta).<br><br>**Vinnuvélar** – vinnustellingar (álagsáhætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinnustellingar (álagsáhætta). |

Reglur þessar gilda um persónuhlífar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um persónuhlífar sem seldar eru eða leigðar jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings séu þær ekki háðar öðrum lögum eða reglum.

**Skilgreining:**
Í reglum þessum merkir hugtakið persónuhlífar allan búnað, sem starfsmanni er gert að klæðast eða halda á, sér til verndar gegn einni eða fleiri hættum sem stefnt geta öryggi hans og heilsu í voða svo og allan viðbótar- eða aukabúnað sem ætlað er að þjóna þessu hlutverki.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **3. gr.**<br>**Meginregla** | Nota skal persónuhlífar þegar ekki er hægt að komast hjá áhættu eða takmarka hana nægilega með tæknilegum ráðum sem veita almenna vernd eða með ráðstöfunum, aðferðum eða annarri tilhögun við skipulagningu vinnunnar. | **Öll störf** – persónuhlífar (suðuvinna, vinna við vélar, vinnupallar, fallhætta, hrun o.fl.). |
| **II. KAFLI**<br>**Skyldur atvinnurekenda**<br>**4. gr.**<br>***Almenn ákvæði*** | Gerðar eru kröfur um notkun persónuhlífa. Fjallað er um almenna notkun á persónuhlífum og skyldur atvinnurekanda gagnvart þeim starfsmönnum sem þurfa að bera persónuhlífar við störf sín. | **Öll störf** – persónuhlífar (suðuvinna, vinna við vélar, vinnupallar, fallhætta, hrun o.fl.). |
| **5. gr.**<br>**Mat á persónuhlífum** | Áður en persónuhlífar eru valdar þarf atvinnurekandi að meta hvort þær persónuhlífar sem hann hyggst nota fullnægi kröfunum í 1. og 2. tölul. 4. gr. Mat það sem kveðið er á um í 1. tölul. skal endurskoða ef einhverjum grunnþáttum þess er breytt. | **Öll störf** – persónuhlífar (suðuvinna, vinna við vélar, vinnupallar, fallhætta, hrun o.fl.). |
| **6. gr.**<br>**Reglur um notkun** | Starfsmenn skulu að jafnaði nota persónuhlífar í samræmi við leiðbeinandi skrá í II. viðauka, sbr. þó 3. gr. þegar aðrar ráðstafanir teljast betri að mati Vinnueftirlits ríkisins. Í I. viðauka er að finna skrá til leiðbeiningar um ýmsar gerðir og heiti persónuhlífa. | **Öll störf** – persónuhlífar (suðuvinna, vinna við vélar, vinnupallar, fallhætta, hrun o.fl.) |
| **7. gr.**<br>**Upplýsingar til starfsmanna** | Starfsmenn eða fulltrúar þeirra skulu fá upplýsingar um allar ráðstafanir sem gripið er til á sviði öryggis og heilsu starfsmanna er þeir nota persónuhlífar á vinnustöðum. | **Öll störf** – persónuhlífar (suðuvinna, vinna við vélar, vinnupallar, fallhætta, hrun o.fl.), upplýsingar til starfsmanna. |
| **8. gr.**<br>**Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra** | Hafa ber samráð við starfsmenn eða fulltrúa þeirra og þátttaka þeirra skal tryggð á því sviði sem reglur þessar taka til að viðaukum meðtöldum. Starfsmönnum er skylt að nota þær persónuhlífar sem þeim eru látnar í té á meðan á vinnu stendur. Þeir skulu leggja sitt að mörkum við að ganga úr skugga um að persónuhlífarnar komi að tilætluðum notum og tilkynna um bilanir eða ágalla sem upp kunna að koma. | **Öll störf** – persónuhlífar (suðuvinna, vinna við vélar, vinnupallar, fallhætta, hrun o.fl.) |
| **I. Viðauki** | Gefin er leiðbeinandi skrá (ekki tæmandi) yfir persónuhlífar (höfuðhlífar, heyrnarhlífar, augn- og andlitshlífar, öndunarfærahlífar, handa- og handleggjahlífar, hlífar fyrir fætur og fótleggi, húðvörn, vörn fyrir bol og kvið og hlífar til varnar öllum líkamanum. | **Öll störf** – persónuhlífar (suðuvinna, vinna við vélar, vinnupallar, fallhætta, hrun o.fl.) |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **II. Viðauki** | Gefin er leiðbeinandi skrá (ekki tæmandi) yfir störf og starfssvið þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota persónuhlífar. | **Öll störf** – persónuhlífar (suðuvinna, vinna við vélar, vinnupallar, fallhætta, hrun o.fl.) |

**Reglur nr. 496/1994 um vélar og búnað á byggingarsvæðum.**

Reglur þessar fela í sér sameiginleg ákvæði um vélar og búnað á byggingarsvæðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda einvörðungu um vélar og búnað sem notuð eru við byggingarstörf og á byggingarstöðum, samkvæmt skilgreiningu í 2. tölul. Og nánar er mælt fyrir um í sérreglum sbr. 3. gr. Reglurnar gilda jafnframt um slíkar vélar og búnað sem seld eru eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, sé ekki öðrum lögum eða reglum til að dreifa.

Reglurnar lúta að kröfum sem gerðar eru til framleiðanda og/eða ábyrgðaraðila fyrir innflutning eða markaðssetningu á vélum og búnaði á byggingarsvæðum. Fjallað er öðru fremur um EBE-gerðarviðurkenningar, EBE-gerðarprófanir, EBE-sannprófanir og yfirlýsingu framleiðanda, EBE-samræmisvottorð og samhæfðar tæknikröfur. Í þessari reglugerð eru ekki sett skilyrði fyrir notendur sem tengst gæti starfsemi tengdri vegagerð eða skyldum framkvæmdum.

**Reglur nr. 331/1994 um hljóðaflsstig rafsuðuvéla.**

Reglur þessar gilda um leyfilegt hljóðaflsstig rafsuðuvéla sem notaðar eru á byggingarstöðum og við aðra verktakavinnu og settar eru á markað eftir gildistöku reglnanna. Reglurnar gilda um rafsuðuvélar sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Reglurnar gilda jafnframt um slíkar vélar og búnað sem seldur er eða leigður jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings, sé hann ekki háður öðrum lögum eða reglum. Reglurnar eru sérreglur settar á grundvelli gildandi reglna um aðferð við að ákvarða hávaða sem berst í lofti við notkun véla utanhúss.

Reglurnar lúta að kröfum sem gerðar eru til framleiðanda og/eða ábyrgðaraðila fyrir innflutning eða markaðssetningu á rafsuðuvélum. Fjallað er öðru fremur um EBE-gerðarprófanir og eftirlit með framleiðslu tækjanna. Í þessari reglugerð eru ekki sett skilyrði fyrir notendur sem lútið gæti að starfsemi tengdri vegagerð eða skyldum framkvæmdum.

Í I. Viðauka er gefnar upp upplýsingar um aðferð við að mæla hávaða sem berst í lofti frá rafsuðuvélum. Í II. Viðauka eru upplýsingar um fyrirmynd að lýsingu á gerð af rafsuðuvél sem á að fylgja umsókn um EBE-gerðaprófun. Í III. Viðauka eru upplýsingar um fyrirmynd að merki um hljóðaflsstig.

Reglugerð þessi gildir um reglubundið eldvarnaeftirlit eigenda og forráðamanna atvinnuhúsnæðis á öllu landinu, sbr. skilgreiningu í I. kafla. Slökkviliðsstjóri í hverju umdæmi hefur umsjón og eftirlit með því að kröfum í lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál sé framfylgt, þ.m.t. að eigandi og/eða forráðamaður sinni eigin eldvarnaeftirliti. Hann skal hafa fullnægjandi samráð við aðra aðila er málið varðar, t.d. Brunamálastofnun ríkisins, Vinnueftirlit ríkisins, Hollustuvernd ríkisins, Rafmagnseftirlit ríkisins og brunatryggingafélög.

Komi upp ágreiningur um ábyrgð eða verkaskiptingu er varðar framkvæmd eftirlitsins sker Brunamálastofnun ríkisins úr þeim ágreiningi. Eigandi atvinnuhúsnæðis er ábyrgur fyrir því að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum um byggingar- og brunamál. Forráðamanni atvinnuhúsnæðis er skylt að sjá til þess að það fullnægi kröfum um brunavarnir fyrir þá starfsemi sem í húsnæðinu fer fram á hverjum tíma. Eigandi og/eða forráðamaður atvinnuhúsnæðis ber fulla ábyrgð á eigin brunavörnum, þ.e. að þær séu virkar og að haft sé reglubundið eftirlit með þeim. Jafnframt er þeim skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsmanna sveitarfélaga og opinberra stofnana um úrbætur sem eiga sér stoð í gildandi lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál, byggingarmál, öryggismál og hollustuhætti.

Reglugerð þessi og tilheyrandi leiðbeiningar hafa að geyma ákvæði um hvernig eigendum, forráðamönnum og starfsmönnum atvinnuhúsnæðis beri að haga eldvarnaeftirliti sínu til að auðvelda þeim að sinna því eins og þeim ber skylda til samkvæmt lögum.

Markmiðið er að fyrirbyggja eignatjón og/eða manntjón og koma í veg fyrir röskun á högum og/eða rekstrarstöðvun af völdum bruna.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **1.<br>Skilgreiningar** | Atvinnuhúsnæði: Með atvinnuhúsnæði er í þessari reglugerð átt við húsnæði þar sem almenningur kemur saman, dvelst eða vistast og hverskonar atvinnustarfsemi fer fram. Dæmi um slíkt atvinnuhúsnæði (ekki tæmandi upptalning):<br><br>Skrifstofur, verslanir, bankar, hótel, gistihús og gistiskálar, barnaheimili, heimavistir, skólar og dagvistarstofnanir, sjúkrahús, læknamiðstöðvar, heilsuhæli, dvalarstofnanir og dvalarheimili fyrir aldraða, stofnanir og vistheimili fyrir fatlaða, leikhús, kvikmyndahús, hljómleikahús, sýningahús, bensínafgreiðslur, olíubirgðastöðvar, sláturhús, loðdýrabú, alifuglabú, frystihús og önnur fiskverkunarhús, viðgerðarverkstæði, iðnaðar- og verksmiðjuhús og vörugeymslur. Atvinnuhúsnæði í landbúnaði, þ.m.t. gripahús, hlöður og tilheyrandi geymsluhús, er sömuleiðis eftirlitsskylt.<br><br>Telst ekki atvinnuhúsnæði:<br>Íbúðarhúsnæði til einkanota, s.s. einbýlishús og fjölbýlishús, telst ekki atvinnuhúsnæði og er því undanskilið ákvæðum þessarar reglugerðar, nema þar fari fram önnur atvinnustarfsemi heldur en telst vera venjulegur heimilisiðnaður. | **Verkstæði** – eldvarnir.<br><br>**Vinnubúðir** – eldvarnir. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **3.1.**<br>**Umsjónarmaður** | Eiganda eða forráðamanni ber að fela ákveðnum og ábyrgum starfsmanni það verkefni að hafa yfirumsjón með brunavörnum hússins og þjálfun starfsmanna varðandi innra eldvarnaeftirlit, fyrstu viðbrögð við eldi og slökkvistarf. Æskilegt er að þessi maður sé einn af eigendum eða stjórnendum viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar.<br><br>A.m.k. einu sinni á ári skal umsjónarmaður gera sérstaka úttekt á eldvörnum og brunaöryggi í húsnæðinu öllu. Þetta á þó ekki við um lítið húsnæði (undir 50 $m^2$), þar sem fáir vinna (færri en 5) og starfsemin hefur ekki í för með sér sérstaka eldhættu, t.d. litlar verslanir og rakarastofur. Í slíkum tilvikum er ekki nauðsynlegt að tilnefna umsjónarmann með eldvörnum eða framkvæma sérstaka árlega úttekt á eldvörnum. | **Verkstæði** – eldvarnir.<br><br>**Vinnubúðir** – eldvarnir. |
| **3.2.**<br>**Fræðsla starfsfólks** | Þegar um stórar brunaáhættur, margt starfsfólk eða mikinn fólksfjölda er að ræða, eða þar sem eldhætta er mjög mikil vegna starfsemi eða vörubirgða, ber að huga sérstaklega að möguleikum starfsmanna til að ráða niðurlögum elds strax í upphafi. Almennt skulu starfsmenn fá haldgóða fræðslu og þjálfun í fyrstu viðbrögðum við eldi og slökkvistarfi viðeigandi slökkvibúnaður skal vera fyrir hendi og tiltækur. Í mjög stórum fyrirtækjum ber að þjálfa ákveðna starfsmenn í björgunar- og slökkvistarfi og hafa á staðnum nauðsynlegan búnað og tæki til þeirra hluta, sbr. 7. mgr. 18. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál. | **Verkstæði** – eldvarnir.<br><br>**Vinnubúðir** – eldvarnir. |
| **3.3.**<br>**Brunaæfingar** | Í atvinnuhúsnæði þar sem 30 manns eða fleiri starfa eða dveljast að staðaldri skal a.m.k. einu sinni á ári halda brunaæfingu. Hafa ber samráð við slökkviliðsstjóra um tilhögun slíkra æfinga eða leita aðstoðar hjá öðrum aðila sem slökkviliðsstjóri samþykkir og öðlast hefur viðurkenningu, t.d. eftir námskeið hjá Brunamálastofnun ríkisins. | **Verkstæði** – eldvarnir.<br><br>**Vinnubúðir** – eldvarnir. |
| **3.4.**<br>**Útkall slökkviliðs** | Umsjónarmaður skal hafa samband við slökkviliðið á staðnum og í samráði við það ganga frá skýrum leiðbeiningum fyrir starfsmenn um boðun slökkviliðs komi upp eldur í húsinu. Þetta ber einnig að gera þótt sjálfvirkt eldviðvörunarkerfi tengt slökkvistöð sé í húsinu. | **Verkstæði** – eldvarnir.<br><br>**Vinnubúðir** – eldvarnir. |
| **3.5.**<br>**Lokað um skemmri eða lengri tíma** | Þegar fyrirtæki eða stofnun er lokað um lengri eða skemmri tíma, t.d. vegna sumarleyfa, jóla eða páska, ber að framkvæma sérstaka skoðun með tilliti til eldhættu og brunavarna og gera ráðstafanir til þess að fylgst sé með húsnæðinu meðan á lokuninni stendur. | **Verkstæði** – eldvarnir.<br><br>**Vinnubúðir** – eldvarnir. |
| **4.**<br>**Leiðbeiningar Brunamálastofnunar ríkisins** | Brunamálastofnun gefur út leiðbeiningar um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði.<br><br>Fyrsta útgáfa ofangreindra leiðbeininga er birt með þessari reglugerð sem fylgiskjal og skulu eigendur og forráðamenn atvinnuhúsnæðis hafa hliðsjón af þeim leiðbeiningum, eftir því sem við á hverju sinni. Þeim ber jafnframt að leita ráðgjafar hjá slökkviliðsstjóra eða Brunamálastofnun ríkisins eftir því sem þörf krefur.<br><br>Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 41/1992 um brunavarnir og brunamál og öðlast þegar gildi. | **Verkstæði** – eldvarnir.<br><br>**Vinnubúðir** – eldvarnir. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| <u>**Fylgiskjal.**</u><br>**Leiðbeiningar**<br>**um eigið eftirlit eigenda**<br>**og forráðamanna**<br>**með brunavörnum í**<br>**atvinnuhúsnæði.** | Fjallað er um<br><br>1. Umgengni, þrif og reykingar.<br>2. Málmsuða og logskurður.<br>3. Raflagnir, rafmagnstæki og rafmagnsofnar.<br>4. Eldfim efni.<br>5. Vélknúin farartæki.<br>6. Brunahólfun.<br>7. Rýmingarleiðir.<br>8. Handslökkvitæki.<br>9. Slöngukefli.<br>10. Sérhæfður búnaður og tæki.<br>11. Að fyrirbyggja eða minnka tjón af völdum bruna. Ráð og leiðbeiningar. | **Verkstæði** – eldvarnir.<br><br>**Vinnubúðir** – eldvarnir. |

Ákvæði reglugerðarinnar ná til flokkunar, merkingar og meðferðar eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, og ætlaðar eru til dreifingar á almennum markaði í smásölueiningum. Ákvæði II. kafla um flokkun, IV. kafla um merkingu og VII. kafla um eftirlit gilda þó einnig um efni og vörutegundir, sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum. Um slík efni fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 46/ 1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglum settum samkvæmt þeim.

Um förgun eiturefna og hættulegra efna fer samkvæmt reglugerð um spilliefni. Reglugerð þessi nær ekki til aflífunarefna, fúavarnarefna og sótthreinsiefna, sem innihalda önnur efnasambönd en þau, sem tilgreind eru í fylgiskjali 1, né til lækningatækja, sbr. lög nr. 16/2001, um lækningatæki, nema í þeim tilvikum þegar ákvæði reglugerðar þessarar gera strangari kröfur um merkingar og meðferð efnavöru en gerðar eru í lögum um lækningatæki. Reglugerð þessi nær enn fremur ekki til notkunar varnarefna, en með þau mál fer samkvæmt reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Með eiturefnum og hættulegum efnum er átt við efni, sem skráð eru á lista yfir eiturefni og hættuleg efni sbr. fylgiskjal 1 og gilda ákvæði reglugerðarinnar jafnt um innflutning, framleiðslu, dreifingu og aðra meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **24. gr.** | Í flutningum innanlands skulu vera viðeigandi varnaðarmerki og umbúðamerkingar á ystu umbúðum um eiturefni og hættuleg efni. Ef innri umbúðir eru merktar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, nægir að merkja ytri umbúðir samkvæmt viðurkenndum alþjóða-reglum eða íslenskum reglum um flutning á eiturefnum og hættulegum efnum. | **Samgöngur utan vinnusvæða** - flutningur hættulegra efna. |
| **25. gr.** | Leitast skal við að varðveita eiturefni, hættuleg efni og vörur sem innihalda slík efni í upprunalegum umbúðum framleiðanda og á þann hátt, að ekki verði villst á þeim og umbúðum undir matvæli, fóðurvörur, lyf, snyrtiefni eða annan óskyldan varning (sbr. einnig ákvæði 10. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni). | **Allir flokkar** |
| **26. gr.** | Eiturefni, hættuleg efni og vörur sem innihalda slík efni skal ætíð geyma á tryggan og öruggan hátt, þar sem börn ná ekki til og ekki nálægt matvælum, fóðurvörum, lyfjum eða öðrum slíkum,vörutegundum. | **Allir flokkar** |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **1. gr.** | Komi fyrir slys eða eitrun á vinnustað, sbr. 3. mgr. 1. gr., skal atvinnurekandi eða fulltrúi hans tilkynna það lögreglu og Vinnueftirliti ríkisins símleiðis eða með öðrum hætti svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan sólarhrings.<br><br>Óheimilt er að breyta aðstæðum á slysstað, nema vegna björgunaraðgerða, fyrr en vettvangskönnun hefur farið fram.<br><br>Slys eða eitrun eru tilkynningaskyld skv. 1. mgr. ef ætla má að áverkinn sem af þeim hlýst geti valdið langvinnu eða varanlegu heilsutjóni, svo sem ef slasaði missir útlim eða hluta af útlim, beinbrotnar, fer úr liði, fær meiriháttar sár, missir meðvitund, hlýtur skemmdir á taugavef, verður fyrir alvarlegu augnslysi, innvortis meiðslum eða eitrun. | **Öll störf** – vinnuslys. |
| **2. gr.** | Slys eða eitrun sem valda fjarveru frá vinnu í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð, og ekki falla undir 1. gr. skulu tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins á þar til gerðum tilkynningarblöðum svo fljótt sem kostur er og ekki síðar en innan 14 daga. | **Öll störf** – vinnuslys. |

Farandvél er tæki sem getur flutt sig úr stað með eigin aflvél. Vinnuvél er tæki, sem knúið er af aflvél og hægt að vinna með nánar tiltekin störf. Farandvinnuvél er tæki sem er hvort tveggja í senn farandvél og vinnuvél. Ákvæði reglna þessara gilda um farandvinnuvélar og vinnuvélar sem skráðar eru í viðauka, eins og t.d. kranar, gröfur, vegheflar, valtarar og mölunar- og hörpunarsamstæður.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **2. gr.** | Tollstjórum er óheimilt að tollafgreiða nýjar eða notaðar farandvinnuvélar eða vinnuvélar sem reglur þessar taka til, nema Vinnueftirlit ríkisins hafi áður gefið yfirlýsingu um að sú gerð véla fullnægi kröfum laga og reglugerða.<br><br>Sé um notaðar farandvinnuvélar að ræða, er tollafgreiðsla óheimil nema fyrir liggi heimild frá Vinnueftirliti ríkisins um hverja einstaka vél. | **Vinnuvélar** – skráning og skoðun (bilanir, slysahætta). |
| **3. gr.** | Óheimilt er að selja, afhenda eða taka í notkun farandvinnuvélar eða vinnuvélar sem reglur þessar taka til og fluttar hafa verið til landsins notaðar, nema þær hafi verið skoðaðar af Vinnueftirliti ríkisins. | **Vinnuvélar** – skráning og skoðun (bilanir, slysahætta). |
| **4. gr.** | Í 4. gr. er getið um skyldur innflytjenda farandvinnuvéla. | **Vinnuvélar** – skráning og skoðun (bilanir, slysahætta). |
| **5. gr.** | Áður en farandvinnuvél eða vinnuvél sem þessar reglur ná til er tekin í notkun, skal hún skráð hjá Vinnueftirliti ríkisins, enda fullnægi hún þeim reglum sem um slíkar vélar gilda. Fullnægi vélin þeim kröfum sem Vinnueftirlit ríkisins gerir, gefur það út skráningarskírteini og lætur í té skráningarmerki. Skal þá greitt skráningargjald. Sama skráningarmerki skal vera á vélinni þar til hún hefur verið tekin af skrá. Vinnueftirlit ríkisins getur falið seljendum skráningu nýrra farandvinnuvéla og vinnuvéla. | **Vinnuvélar** – skráning og skoðun (bilanir, slysahætta). |
| **6. gr.** | Skráningarmerki skal festa tryggilega á áberandi stað á viðkomandi vél. Glatist skráningarmerki eða eyðileggist skal það tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins sem lætur þá í té nýtt skráningarmerki gegn gjaldi. Þegar send er inn umsókn um skráningarmerki skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um vélina sem getið er í liðum a-k í grein þessari. | **Vinnuvélar** – skráning og skoðun (bilanir, slysahætta). |
| **9. gr.** | Farandvinnuvélar og vinnuvélar skal skoða árlega. Auk þess skulu þær skoðaðar fyrir og eftir verulegar viðgerðir og breytingar á burðarvirkjum. Breytingar á burðarvirkjum farandvinnuvéla eða vinnuvéla eru óheimilar ef þær skerða öryggi við notkun vélanna.<br><br>Meiriháttar breytingar eða viðgerðir á burðarvirkjum, sem haft geta áhrif á öryggi skulu gerðar í samráði við Vinnueftirlitið. | **Vinnuvélar** – skráning og skoðun (bilanir, slysahætta). |
| **10. gr.** | Þegar um er að ræða skoðanir sem krefjast sérstaks tækjabúnaðar eða aðstöðu, getur Vinnueftirlit ríkisins boðað þær farandvinnuvélar, sem hafa heimild til aksturs í umferð, til skoðunar á skoðunarstað sem það tiltekur. | **Vinnuvélar** – skráning og skoðun (bilanir, slysahætta). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| | Eigendur eða umráðamenn skráningarskyldra farandvinnuvéla og vinnuvéla geta beðið um skoðun og gert samkomulag við Vinnueftirlit ríkisins um skoðunarstað og tíma. Skoðun vinnuvéla skal fara fram í samráði við eigendur þeirra. Vinnueftirlitið getur þó framkvæmt skoðun fyrirvaralaust ef grunur leikur á um alvarlegan vanbúnað. | |
| **12. gr.** | Eftirlitsmaður getur krafist þess, að úrbætur á ákveðnum vanbúnaði sem í ljós kemur við skoðun, skuli framkvæma af verkstæðum eða einstaklingum sem til þess hafa réttindi. Eftirlitsmaður getur krafist þess, að aðilar sem Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir sjái um sprunguleit, úttekt á suðum og álagsprófanir á burðarvirkjum. | **Vinnuvélar** – skráning og skoðun (bilanir, slysahætta). |
| **13. gr.** | Eftirlitsmaður Vinnueftirlits ríkisins getur innsiglað og/eða bannað notkun farandvinnuvéla og vinnuvéla sem að hans dómi skapa ótvíræða slysahættu. | **Vinnuvélar** – skráning og skoðun (bilanir, slysahætta). |
| **14. gr.** | Eigendur eða umráðamenn þeirra farandvinnuvéla og vinnuvéla sem til eru í landinu, þegar skráningarskylda tekur gildi, fá eins árs aðlögunartíma til þess að skrá vélar sínar. Þeir skulu senda Vinnueftirliti ríkisins umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja sömu upplýsingar og um getur í 6. gr. Eftir að aðlögunartími eldri véla er liðinn er heimilt að stöðva óskráðar vélar fyrirvaralaust. | **Vinnuvélar** – skráning og skoðun (bilanir, slysahætta). |
| **Viðauki** | Flokkar farandvinnuvéla og vinnuvéla. | **Vinnuvélar** – almennt. |

**Skilgreiningar:**

Með hengiverkpalli er átt við verkpall sem hangir í vír neðan í upphengi og er færanlegur í lóðrétta og lárétta stefnu.

*Eigin þyngd* er þyngd verkpallsins með öllum tækjum sem honum tilheyra.
*Byrði* er þyngd verkfæra, efnis og starfsmanna sem á verkpallinum vinna.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **2. gr.**<br>**Viðurkenning** | Einungis má flytja inn, selja, afhenda eða nota þær gerðir hengiverkpalla sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt. | **Verkstæði** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta). |
| **3. gr.**<br>**Hönnun** | Gerðar eru almennar kröfur um hönnun hengiverkpalla, eins og t.d. burðarþol, fjöldi lyftivíra og öryggislína, gólf hengiverkpalls, hraði verkpalls, handrið, festiboltar o.fl. | **Verkstæði** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta). |
| **4. gr.**<br>**Upphengi** | Upphengi fyrir verkpall skal vera úr stáli og tryggilega fest við bygginguna svo það geti ekki oltið eða hreyfst.  Upphengið skal vera á traustu undirlagi.<br><br>Sé upphengið boltað við bygginguna skal minnst nota í það tvo bolta og við hönnun skal reikna með að hvor bolti geti tekið allt álagið frá verkpallinum.<br><br>Við hönnun á upphengi skal reikna með eigin þunga verkpallsins og mestum leyfilegum þunga og bæta við það 50% vegna mótstöðu og þvingunar sem verkpallurinn getur orðið fyrir.<br><br>Sé notað mótvægi á upphengið skal það vera fast við upphengisarminn og hafa aukafestingu við bygginguna.  Mótvægi skal vera minnst 1,8 sinnum vægi verkpallsins með mestu leyfilega byrði.<br><br>Verkpallur með tveimur lyftivírum skal hafa upphengjur með tveim óháðum festingum við bygginguna. | **Verkstæði** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta). |
| **5. gr.**<br>**Lyftivírar** | Gerðar eru kröfur um lyftivíra á hengiverkpöllum.  Fjallað er t.d. um efni og styrk lyftivíra. | **Verkstæði** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| | | **Jarðgangnagerð** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta). |
| **6. gr.**<br>**Öryggislínur** | Gerðar eru kröfur um öryggislínur á hengiverkpöllum. Fjallað er t.d. um fjölda, festingar og öryggisstuðul miðað við mesta leyfilegan þunga. | **Verkstæði** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta). |
| **7. gr.**<br>**Vindur** | Gerðar eru kröfur um vindur fyrir hengiverkpalla. Fjallað er t.d. um tegund, staðsetningu, hemlunarbúnað og yfirálagsvörn. | **Verkstæði** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta). |
| **8. gr.**<br>**Stjórnbúnaður** | Hífingu og slökun hengiverkpalls má einungis vera hægt að stjórna á verkpallinum sjálfum. Stjórnrofar skulu vera haldrofar og merktir orðunum “upp” og “niður”. Einnig skal vera læsanlegur útsláttarrofi á verkpallinum.<br><br>Hengiverkpalli með láréttri hreyfingu má aðeins vera hægt að stjórna frá pallinum sjálfum. Stjórnbúnaði fyrir lárétta hreyfingu skal vera unnt að læsa sérstaklega og sérstaklega endastopp skal vera fyrir lárétta hreyfingu. | **Verkstæði** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta). |
| **9. gr.**<br>**Merking og leiðbeiningar** | Á hengiverkpöllum skal vera merkiplata sem á stendur nafn framleiðanda og innflytjanda ef við á, framleiðslunúmer, framleiðsluár og mesta leyfilega byrði í kg.<br><br>Leiðbeiningar á íslensku um uppsetningu, meðferð og viðhald skulu fylgja hengiverkpöllum við afhendingu. | **Verkstæði** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – merkingar, leiðbeiningar (slysahætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** – merkingar, leiðbeiningar (slysahætta). |
| L**eiðbeiningar** | Leiðbeiningar fylgja með reglum um hengiverkpalla. | **Verkstæði** – vinnupallar (fallhætta, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – leiðbeiningar (slysahætta).<br><br>**Jarðgangnagerð** – leiðbeiningar (slysahætta). |

Reglur þessar gilda um vélar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um.

**Skilgreining:** Í reglum þessum er orðið vél notað sem sameiginlegt heiti fyrir vélar, vélarhluta, verkfæri og tæki sem ætluð eru til notkunar innan gildissviðs reglna þessara.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **II. Kafli**<br>**Gerð véla**<br>**3. gr. Almenn ákvæði** | Vél skal vera þannig byggð og úr garði gerð að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta með tilliti til flutnings, uppsetningar, notkunar og viðhalds hennar. Ef nauðsyn krefur skal hún búin sérstökum öryggisbúnaði. | **Verkstæði** – handverkfæri (útlimaslys, klemmuslys, augnslys og hávaði), trésmíðavélar (útlimaslys, augnslys og hávaði), neyðarrofar bilaðir (útlimaslys), rafmagnstæki (bilanir, notað í bleytu og gefur straum), öryggishlífar á vélar (slysahætta).<br><br>**Efnisvinnsla** – öryggishlífar véla.<br><br>**Vinnuvélar** – öryggishlífar vinnuvéla, drifbúnaður/tæki með snúningsási sem vantar hlífar fyrir (slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** - handverkfæri (útlimaslys, klemmuslys, augnslys og hávaði), trésmíðavélar (útlimaslys, augnslys og hávaði), rafmagnstæki (bilanir, notað í bleytu og gefur straum), öryggishlífar á vélar (slysahætta), neyðarrofar bilaðir (útlimaslys).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – öryggishlífar véla. |
| **4. gr.**<br>**Öryggisráðstafanir** | Farið er yfir kröfur um öryggisráðstafanir. Vél skal vera traustbyggð og vera búin öryggisbúnaði ef hún getur valdið óhollustu eða skapað slysahættu. Sérstaka áherslu skal leggja á að vél sé þannig gerð að hlutir eða vinnsluefni kastist ekki frá henni, að hún valdi ekki mengun eða hættu vegna ryks, vökva, gufu, lofttegunda, kulda, hita né hávaða og að starfsmenn komist ekki óviljandi í snertingu við hættulega hluti á hreyfingu, óæskilega heita eða kalda fleti eða hættuleg efni sem geta valdið slysum eða heilsutjóni. | **Verkstæði** – handverkfæri (útlimaslys, klemmuslys, augnslys og hávaði), trésmíðavélar (útlimaslys, augnslys og hávaði), rafmagnstæki (bilanir, notað í bleytu og gefur straum), öryggishlífar á vélar (slysahætta).<br><br>**Efnisvinnsla** – öryggishlífar véla<br><br>**Vinnuvélar** – öryggishlífar vinnuvéla, drifbúnaður/tæki með snúningsási sem vantar hlífar fyrir (slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** - handverkfæri (útlimaslys, klemmuslys, augnslys og hávaði), trésmíðavélar (útlimaslys, augnslys og hávaði), rafmagnstæki (bilanir, notað í bleytu og gefur straum), öryggishlífar á vélar (slysahætta).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – öryggishlífar véla. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| | | |
| **5. gr.**<br>**Ytri lögun** | Vél skal vera þannig að ytri lögun að hvorki orsaki hún slys né hafi í för með sér hættu á heilsutjóni. Aðgengilegir hlutar vélar skulu eins og framast er kostur vera þannig að lögun að þeir séu án hvassra kanta, horna eða þröngra bila sem geta haft í för með sér slysahættu. | **Verkstæði** – handverkfæri (útlimaslys, klemmuslys, augnslys og hávaði), trésmíðavélar (útlimaslys, augnslys og hávaði), rafmagnstæki (bilanir, notað í bleytu og gefur straum).<br><br>**Efnisvinnsla** – vélar notaðar við hörpun, mölun o.s.frv.<br><br>**Vinnuvélar** – drifbúnaður/tæki með snúningsási sem vantar hlífar fyrir (slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** - handverkfæri (útlimaslys, klemmuslys, augnslys og hávaði), trésmíðavélar (útlimaslys, augnslys og hávaði), rafmagnstæki (bilanir, notað í bleytu og gefur straum), öryggishlífar á vélar (slysahætta).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – vélar notaðar við malbikun. |
| **6. gr.**<br>**Stöðugleiki** | Vél skal vera þannig gerð eða fest að hún geti ekki oltið eða hreyfst og þannig skapað slysahættu. | **Verkstæði** – trésmíðavélar (útlimaslys, augnslys og hávaði), rafmagnstæki (bilanir, notað í bleytu og gefur straum).<br><br>**Stál- og steypuvirki** - trésmíðavélar (útlimaslys, augnslys og hávaði), rafmagnstæki (bilanir, notað í bleytu og gefur straum). |
| **7. gr.**<br>**Vinnuaðstaða** | Vél skal vera þannig gerð og komið fyrir að vinnuaðstaða og vinnuhreyfingar starfsmanna hafi ekki í för með sér slysahættu eða valdi heilsutjóni. | **Verkstæði** – trésmíðavélar, rafmagnstæki.<br><br>**Efnisvinnsla** – vélar notaðar við hörpun, mölun o.s.frv.<br><br>**Stál- og steypuvirki** - trésmíðavélar, rafmagnstæki.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – vélar notaðar við malbikun. |
| **8. gr.**<br>**Stjórnbúnaður** | Farið er yfir kröfur um stjórnbúnað véla. Fjallað er um notkun, gerð og staðsetningu stjórnbúnaðar. | **Verkstæði** – trésmíðavélar, rafmagnstæki.<br><br>**Efnisvinnsla** – vélar notaðar við hörpun, mölun o.s.frv.<br><br>**Stál- og steypuvirki** - trésmíðavélar, rafmagnstæki.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – vélar notaðar við malbikun. |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| | | |
| **9. gr.**<br>**Sjálfvirkar vélar** | Vél, sem er sjálfvirk eða hefur sjálfvirkan búnað, skal m.a. hafa eftir því sem nauðsyn krefur stöðvunarbúnað, neyðarstöðvunarbúnað, búnað sem aftengir sjálfstýringu og sérstakan handstýrðan búnað. Ef bilun á sjálfvirkum búnaði getur orsakað slysahættu eða óhollustu þá skulu leiðbeiningar fylgja með um hvernig bregðast eigi við. | **Verkstæði** – trésmíðavélar (útlimaslys, augnslys og hávaði), neyðarrofar bilaðir (útlimaslys), rafmagnstæki (bilanir, notað í bleytu og gefur straum).<br><br>**Efnisvinnsla** – vélar notaðar við hörpun, mölun o.s.frv.<br><br>**Stál- og steypuvirki** - trésmíðavélar (útlimaslys, augnslys og hávaði), rafmagnstæki (bilanir, notað í bleytu og gefur straum), öryggishlífar á vélar (slysahætta), neyðarrofar bilaðir (útlimaslys).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – vélar notaðar við malbikun. |
| **10. gr.**<br>**Mæla- og viðvörunarbúnaður** | Mæla- og viðvörunarbúnaður skal vera áreiðanlegur og auðskiljanlegur og sérstaklega gætt að því að upplýsingar, sem lúta að öryggi, eru aðgreindar skilmerkilega frá öðrum auglýsingum, hljóð- og ljósmerki sé hægt að greina auðveldlega og að tæki, sem veita upplýsingar um vinnslu og framleiðslu, eru hentuglega staðsett, greinileg og gefa áreiðanlegar upplýsingar. | **Verkstæði** – trésmíðavélar (útlimaslys, augnslys og hávaði), rafmagnstæki (bilanir, notað í bleytu og gefur straum).<br><br>**Efnisvinnsla** – vélar notaðar við hörpun, mölun o.s.frv.<br><br>**Stál- og steypuvirki** - trésmíðavélar (útlimaslys, augnslys og hávaði), rafmagnstæki (bilanir, notað í bleytu og gefur straum).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – vélar notaðar við malbikun. |
| **11. gr.**<br>**Neyðarstöðvun** | Þegar nauðsyn krefur, sbr. 3. gr. um kröfur varðandi öryggi og hollustuhætti, skal vél vera útbúin neyðarstöðvunarbúnaði. Fjallað er nánar um gerð og staðsetningu neyðarstöðvunar í grein þessari. | **Verkstæði** – trésmíðavélar (útlimaslys, augnslys og hávaði), rafmagnstæki (bilanir, notað í bleytu og gefur straum).<br><br>**Efnisvinnsla** – vélar notaðar við hörpun, mölun o.s.frv.<br><br>**Stál- og steypuvirki** - trésmíðavélar (útlimaslys, augnslys og hávaði), rafmagnstæki (bilanir, notað í bleytu og gefur straum).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – vélar notaðar við malbikun |
| **12. gr.**<br>**Hemlabúnaður** | Vél, sem getur haldið áfram að ganga og skapað hættuástand þrátt fyrir að aflyfirfærsla til hennar sé rofin, skal útbúin með hentugum hemlabúnaði. | **Efnisvinnsla** – vélar notaðar við hörpun, mölun o.s.frv.<br><br>**Vinnuvélar** – öryggisbúnaður.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – vélar notaðar við malbikun |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| | | |
| **13. gr.**<br>**Vinna við hættulegar aðstæður** | Þegar nauðsyn krefur að unnið sé tímabundið við vél við hættulegar aðstæður skal gera sérstakar öryggisráðstafanir. Verði fullnægjandi öryggisbúnaði ekki komið fyrir af tæknilegum ástæðum þá skal vélinni aðeins sinnt af starfsmönnum sem hafa fengið nægjanlegar leiðbeiningar og fyrirmæli um hvernig vinnuna megi framkvæma án slysahættu eða óhollustu. Gera skal öryggisráðstafanir sem tryggja að ótímabær gangsetning eða hreyfing vélahluta geti ekki átt sér stað þegar unnið er á hættulegum stöðum við vél. | **Efnisvinnsla** – vélar notaðar við hörpun, mölun o.s.frv., öryggisáætlanir.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – trésmíðavélar (útlimaslys, augnslys og hávaði), rafmagnstæki (slysahætta), öryggisáætlanir.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – vélar notaðar við malbikun, öryggisáætlanir. |
| **14. gr.**<br>**Orkugjafar** | Allur búnaður véla fyrir geymslu og flutning orku og orkugjafa skal vera þannig gerður og uppsettur að hann eins og framast er kostur skapi hvorki slysahættu né óhollustu. Ennfremur skal búnaður fyrir hættuleg efni og lofttegundir, sem geta myndast við bruna orkugjafa eða eldsneytis, vera þannig gerður og uppsettur eins og framast er kostur að ef honum stafi hvorki slysahætta né óhollusta. | **Verkstæði** – suðuvinna, hættuleg efni.<br><br>**Efnisvinnsla** – vélar notaðar við hörpun, mölun o.s.frv.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – suðuvinna, hættuleg efni.<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – vélar notaðar við malbikun, hættuleg efni. |
| **16. gr.**<br>**Rafbúnaður** | Allur rafbúnaður véla skal vera samkvæmt gildandi reglum um raforkuvirki eins og þær eru á hverjum tíma. | **Verkstæði** – rafmagnsvélar, rafsuða (augnskaði, loftmengun), rafmagn (rangur frágangur, brunahætta).<br><br>**Efnisvinnsla** – rafmagnsvélar notaðar við hörpun, mölun o.s.frv.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – rafmagnsvélar, rafsuða (augnskaði, loftmengun), rafmagn (rangur frágangur, brunahætta).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – rafmagnsvélar notaðar við malbikun. |
| **16. gr. Loft- og vökvaþrýstibúnaður** | Taka skal sérstaklega tillit til þess að þrýstingur fari ekki yfir leyfileg mörk, að þrýstingsfall skapi ekki hættuástand, að útstreymi eða aftöppun lofttegunda eða vökva undir þrýstingi skapi ekki hættuástand og að búnaðurinn sé tryggilega varinn gegn utanaðkomandi skaðlegu álagi. | **Verkstæði** – gashylki (sprengihætta við eldsvoða), hættuleg efni.<br><br>**Stál- og steypuvirki** – gashylki (sprengihætta við eldsvoða), hættuleg efni. |
| **17. gr. Aðbúnaður vegna reglubundinnar þjónustu og viðhalds** | Til að tryggja að reglubundin þjónusta og viðhald verði sem hættuminnst skal koma fyrir við vélar nauðsynlegum vinnupöllum, gönguleiðum, tröppum, handriðum og öðrum búnaði, sem við á hverju sinni. | **Verkstæði** – vinnupallar (fallhætta), tröppur og stigar (fallhætta), fallhætta úr hillum (slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – vinnupallar (fallhætta). |
| **18. gr. Flutningur** | Vél skal vera hægt að flytja með öruggum hætti. Ef nauðsyn krefur skal hún hafa sérstakan festibúnað fyrir flutning. Festibúnaður skal vera nægilega sterkur og þannig staðsettur að vélin valdi ekki slysahættu þegar hún er hreyfð. | **Verkstæði** – öryggisbúnaður (klemmuslys, slysahætta).<br><br>**Efnavinnsla** – öryggisbúnaður (klemmuslys, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisbúnaður (klemmuslys, slysahætta). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| | | **Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – öryggisbúnaður (klemmuslys, slysahætta). |
| **III. Kafli Staðsetning, uppsetning og viðhald 19. gr. Staðsetning** | Staðsetning vélar skal vera þannig að þjónusta, gæsla og viðhald á henni geti farið fram án slysahættu og óhollustu. | **Verkstæði** – öryggisáætlanir og skipulag (slysahætta).<br><br>**Efnavinnsla** – öryggisáætlanir og skipulag (slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – öryggisáætlanir og skipulag (slysahætta).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – öryggisáætlanir (slysahætta). |
| **20. gr. Undirstöður og festingar** | Undirstöður og festingar vélar skulu vera þannig að vélin sé stöðug, tryggilega fest og valdi ekki ónauðsynlegum hávaða eða titringi. | **Verkstæði** – festingar á vélum (fall á starfsmenn, slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – festingar á vélum (fall á starfsmenn, slysahætta). |
| **21. gr. Uppsetning og viðhald** | Gerðar eru kröfur um að uppsetning, viðhald og viðgerð á vélum geti farið fram án slysahættu og óhollustu. Lögð er áhersla á að hlutir eru tryggilega festir, komið er í veg fyrir eld- og sprengihættu, hugað að þrýsting á þrýstikerfum, aftenging og hreinsun á geymum sem innihalda hættuleg efni og nauðsynlegar persónuhlífar. Öll uppsetningar-, viðhalds- og viðgerðarstörf skulu aðeins unnin af starfsmönnum sem hafa viðurkennd réttindi til þeirra starfa eða hafa fengið nauðsynlega kennslu, leiðbeiningar og þjálfun. | **Öll störf** – festingar á vélum (fall á starfsmenn, slysahætta), gashylki (sprengingar, brunahætta), hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, húðbruni o.s.frv.), persónuhlífar (slysahætta ýmis konar og ofnæmi og neikvæð áhrif á heilsu). |
| **IV. Kafli Umhverfisþættir 22. gr. Lýsing** | Gerðar eru kröfur um lýsingu eða birtu á vinnusvæði umhverfis vél. | **Öll störf** – lýsing (slysahætta). |
| **23. gr. Hávaði og titringur** | Gerðar eru kröfur til þeirra sem hanna, framleiða, selja eða setja upp vél að hávaði frá henni sé eins lítill og mögulegt er. Farið skal eftir gildandi reglum um hávaðavarnir á vinnustöðum og vélin skal ekki valda hættulegum titringi. | **Öll störf** – hávaði (heyrnarskaði). |
| **24. gr. Hiti og raki** | Vél skal vera þannig gerð og uppsett að hiti, raki, blástur eða sog frá henni skapi ekki óhollustu eða slysahættu. | **Verkstæði** – suðuvinna (bruni), rafmagnstæki (ofhitnun, bruni).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – suðuvinna (bruni), rafmagnstæki (ofhitnun, bruni).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – Heitt malbik (slettur á starfsmenn). |
| **25. gr. Hættuleg efni og lofttegundir** | Gerðar eru kröfur um að hættuleg efni sem notuð eru eða myndast við framleiðslu í vél mega ekki dreifast í hættulegu magni eða skapa óhollustu eða slysahættu fyrir starfsmenn. | **Verkstæði** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, húðbruni o.s.frv.).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif).<br><br>**Malbikun og færanlegar malbikunarstöðvar** – hættuleg efni (neikvæð áhrif á heilsu, augnskaði). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| | | **Jarðgangnagerð** – hættuleg efni (loftmengun, augnskaði, eituráhrif). |
| **27. gr.**<br>**Eld- og sprengihætta** | Vél skal, eins og framast er kostur, vera þannig gerð og notuð að hún valdi ekki eld- eða sprengihættu. Ef vél getur skapað eld- og sprengihættu eru gerðar kröfur í grein þessari varðandi gerð hennar og frágang. | **Verkstæði** – gashylki (sprengihætta við eldsvoða).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – gashylki (sprengihætta við eldsvoða). |
| **V. Kafli**<br>**Merkingar og leiðbeiningar um notkun**<br>**28. gr. Merking** | Vél skal vera greinilega og varanlega merkt framleiðanda. Eftir því sem nauðsyn krefur skal vél ennfremur vera merkt greinilega og varanlega á íslensku (t.d. gerðarheiti, þunga, notkunar- og viðvörunarmerkjum, leyfilegt álag, leyfilegan þrýsting fyrir vökva og loftþrýstibúnað, afl og aðvörunum). | **Öll störf** – merkingar og leiðbeiningar. |
| **29. gr.**<br>**Leiðbeiningar um notkun** | Nauðsynlegar og aðskildar leiðbeiningar á íslensku um notkun, meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang skulu fylgja með vél þegar hún er afhent. | **Öll störf** – merkingar og leiðbeiningar. |
| **VI Kafli**<br>**Viðurkenning, eftirlit og umsögn**<br>**30. gr. Viðurkenning og eftirlit** | Gerðar eru kröfur um viðurkenningaskyldu, endurskoðun, skjalfestingu og eftirlit framleiðanda eða innflytjanda. Grein þessi á ekki við notkun á vélum. | **Öll störf** – skráning og skoðun. |
| **Viðauki** | Leiðbeiningar með reglum um öryggisbúnað véla. | **Öll störf** – leiðbeiningar. |

Reglur þessar gilda um alla starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og þar sem unnið er við málmsuðu. Með málmsuðu er átt við hverskyns rafsuðu, rafskurð, logsuðu, logskurð, plasmasuðu, plasmaskurð eða lóðningu.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **2. gr.**<br>**Vinna við málmsuðu** | Gerðar eru kröfur um að atvinnurekandi veiti upplýsingar um hættur sem fylgja málmsuðu, veiti leiðbeiningar um rétta notkun, aðstæður og suðuaðferð og val á rafsuðuvír. | **Verkstæði** – raf- og logsuða (loftmengun, augnskaði, brunahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – raf- og logsuða (loftmengun, augnskaði, brunahætta). |
| **4. gr.**<br>**Loftræsting** | Gerðar eru kröfur um loftræstingu þar sem suðuvinna fer fram. | **Verkstæði** – raf- og logsuða (loftmengun).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – raf- og logsuða (loftmengun). |
| **5. gr.**<br>**Loftræstibúnaður** | Gerðar eru kröfur um loftræstibúnað sem notaður er þar sem suðuvinna fer fram. | **Verkstæði** – raf- og logsuða (loftmengun).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – raf- og logsuða (loftmengun). |
| **6. gr.**<br>**Eftirlit með loftmengun** | Atvinnurekandi skal framkvæma eða láta framkvæma yfirlitsmælingar á loftmengun í því vinnurými sem að jafnaði er soðið í og í andrúmslofti suðumanna. Atvinnurekandi skal framkvæma eða láta framkvæma reglulega eftirlitsmælingar til að tryggja megi að starfsmenn verði ekki fyrir heilsuspillandi loftmengun. Mæliniðurstöður úr yfirlits- og eftirlitsmælingum skulu geymdar í fyrirtækinu og vera aðgengilegar viðkomandi starfsmönnum, öryggistrúnaðarmönnum, öryggisvörðum og starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins. | **Verkstæði** – raf- og logsuða (loftmengun).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – raf- og logsuða (loftmengun). |
| **7. gr.**<br>**Öndunargrímur** | Gerðar eru kröfur um notkun á öndunargrímum við suðuvinnu. | **Verkstæði** – raf- og logsuða (loftmengun).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – raf- og logsuða (loftmengun). |
| **8. gr.**<br>**Viðhald** | Atvinnurekandi skal sjá til þess að reglulegt eftirlit og viðhald sé á síu-, loftræsti- og hlífðarbúnaði. Búnaður sem ekki er í lagi vegna skemmda, slits eða af öðrum orsökum skal skipta út eða hann lagfærður strax. | **Verkstæði** – raf- og logsuða (loftmengun, augnskaði, brunahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – raf- og logsuða (loftmengun, augnskaði, brunahætta). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **21. gr. Formaldehýð í spónaplötum og hliðstæðum plötum** | Spónaplötur og hliðstæðar plötur, sem innihalda lím, er gefur frá sér formaldehýð, má einungis nota í byggingar, húsgögn, innréttingar og þess háttar, ef þær við prófun í sérstökum loftræstiklefum/skápum gefa með viðurkenndum aðferðum frá sér minna formaldehýð en svo, að jafnvægisstyrkurinn fari ekki yfir 0.15 $mg/m^3$<br><br>Ef ekki liggur fyrir staðfesting á því, að kröfur 1. mgr. hér á undan séu uppfylltar, má einungis nota plötur, þar sem innihald af fríu formaldehýði fer ekki yfir 25 mg/100 g af þurrefni platnanna. Þær plötur skal að auki meðhöndla á þann hátt, að uppgufun formaldehýðs frá þeim verði innan þeirra marka, er kveðið er á um í 1. mgr. | **Stál- og steypuvirki** – hættuleg efni (eituráhrif, neikvæð áhrif á heilsu). |

Reglur þessar gilda um handstýrðar naglabyssur.

**Skilgreiningar:**
Í reglum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Naglabyssa: Skotverkfæri sem í er sett og notað skothylki með sprengihleðslu til að skjóta inn nagla, bolta eða þess háttar hlutum.
Hámarksþyngd: Þyngd naglabyssu með endurkastshlíf og kólf ásamt skothylkjum, nöglum eða boltum í þeirri samsetningu sem gefur mestu heildarþyngd.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **3. – 10. gr.**<br>**Gerð naglabyssu** | Í greinum 3 til 10 er gerð krafa um almenna gerð naglabyssu, handfang, hleðslu, kveikipinna og endurkastshlíf. | **Verkstæði** – handverkfæri (útlimaslys, augnslys), hlífðarbúnaður (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta).<br>**Stál- og steypuvirki** – handverkfæri (útlimaslys, augnslys), hlífðarbúnaður (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta). |
| **11. gr.**<br>**Skothylki** | Skothylki skal afhenda og geyma í endingargóðum umbúðum. Á umbúðunum skulu vera fullnægjandi upplýsingar um innihald, rétta notkun ásamt greinilegri áletrun þar sem stendur: „Geymist þar sem óviðkomandi ná ekki til.“ Til þess að tryggja rétta notkun skulu skothylki hafa merkingu sem gefur til kynna styrkleika þeirra. | **Verkstæði** – handverkfæri (útlimaslys, augnslys), merkingar og leiðbeiningar (slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – handverkfæri (útlimaslys, augnslys), merkingar og leiðbeiningar (slysahætta). |
| **12. gr.**<br>**Naglar og boltar** | Naglar, boltar, eða þ. h. hlutir sem skotið er úr naglabyssu skulu vera þannig að lögun að þeir hafi góða stýringu í hlaupi byssunnar og þoli það álag sem þeir verða fyrir þegar skotið er. Umbúðir fyrir nagla og bolta skulu vera greinilega merktar með fullnægjandi upplýsingum um innihald og rétta notkun. | **Verkstæði** – handverkfæri (útlimaslys, augnslys), merkingar og leiðbeiningar (slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – handverkfæri (útlimaslys, augnslys), merkingar og leiðbeiningar (slysahætta). |
| **13. gr.**<br>**Leiðbeiningar á íslensku** | Auðskildar og ítarlegar leiðbeiningar á íslensku um notkun og viðhald skulu fylgja sérhverri naglabyssu. Leiðbeiningarnar skulu fylgja byssunni í geymslukassa hennar, sbr. 14. gr. | **Verkstæði** – merkingar og leiðbeiningar (slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – merkingar og leiðbeiningar (slysahætta). |
| **14. gr.**<br>**Geymslukassi** | Sérhverri naglabyssu skal fylgja læstur kassi til að geyma hana í. Í kassanum skal vera rými fyrir byssuna með fylgihlutum svo og skothylki, aðvörunarskilti, leiðbeiningar á íslensku um notkun og viðhald og áhöld til að hreinsa byssuna og halda henni við. | **Verkstæði** – merkingar og leiðbeiningar (slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – merkingar og leiðbeiningar (slysahætta). |
| **15. – 18. gr.**<br>**Viðurkenning og prófun** | Í greinum 15 til 18 er gerð krafa um viðurkenningu og prófun á naglabyssum. Eigi má hafa á boðstólum aðrar gerðir af naglabyssum en þær sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt. Fyrir viðurkenningu er gerð sú krafa að naglabyssan hafi verið rannsökuð og prófuð af prófstöð sem Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir og uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í gr. 3-9. Naglabyssan skal m. a. standast prófun samkvæmt ákvæðum í viðauka án þess að skothylki hafi sprungið í henni. Leita skal síðan viðurkenningar hjá Vinnueftirliti ríkisins og heimildar fyrir sölu og notkun. | **Verkstæði** – viðurkenning og prófanir (slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – viðurkenning og prófanir (slysahætta). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **19. gr.**<br>**Merking** | Á sérhverri naglabyssu skal nafn framleiðanda og nafn og heimilisfang innflytjenda, gerðarheiti og framleiðslunúmer og viðurkenningarnúmer vera merkt á greinilegan og varanlegan hátt. | **Verkstæði** – merkingar og leiðbeiningar (slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – merkingar og leiðbeiningar (slysahætta). |
| **20. – 27. gr.**<br>**Notkun** | Atvinnurekandi, eigandi, sá sem leigir út naglabyssu eða eftir atvikum leigutaki skal sjá til þess að sá sem á að vinna með hana hafi til þess fullnægjandi kunnáttu og þjálfun og þekki þá slysahættu sem fylgir notkun hennar. Sá einn hefur rétt til að fá afhenta naglabyssu og nota hana sem orðinn er fullra 18 ára.<br><br>Naglabyssu og skothylki skal varðveita og meðhöndla með ítrustu varkárni og umhyggju. Strangt eftirlit skal hafa með byssunni og skothylki í hana skal geyma á læstum stað.<br><br>Þegar skotið er með naglabyssu þá skal koma fyrir aðvörunarskiltum á hentugum og greinilegum stöðum ef hætta er á óvæntri umferð við skotstaðinn. Augn- og heyrnarhlífar skal nota þegar unnið er með naglabyssu. Aðeins má nota í naglabyssu nagla, bolta og skothylki sem eru ætluð fyrir og passa í hana og fyrir það verk sem á að framkvæma með henni.<br><br>Þegar skotið er í efni sem hefur mikla mótstöðu þá skal valin byssa sem er hentug til þeirra hluta og veldur ekki hættulegu bakslagi. Nota skal endurkastshlíf við verk þar sem hætta er á endurkasti flísa, nagla eða bolta.<br><br>Naglabyssu má ekki miða eða beina að mönnum. Skothylki má ekki þvinga í sæti sitt. Hlaðna byssu, sem ekki er skotið úr þegar í stað, skal tæma af skothylkjum, nöglum eða boltum.<br><br>Þegar skothylki virkar ekki þá skal leita orsaka þess. Byssuna skal opna með varfærni. Skothylki sem ekki hafa virkað og eru ónothæf skulu tekin til hliðar og gerð óvirk á tryggilegan hátt. Ef aðeins kveikja í skothylki hefur sprungið þá skulu óbrunnar leifar hleðslunnar fjarlægðar áður en hleypt er af skoti á ný. | **Verkstæði** – handverkfæri (útlimaslys, augnslys), hlífðarbúnaður (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta), leiðbeiningar (slysahætta), merkingar (slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – handverkfæri (útlimaslys, augnslys), hlífðarbúnaður (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta), leiðbeiningar (slysahætta), merkingar (slysahætta). |
| **28. – 29. gr.**<br>**Viðhald** | Naglabyssa skal hreinsuð daglega eftir notkun. Strax og þörf er á og minnst annað hvert ár skal naglabyssa skoðuð og yfirfarin nákvæmlega. Slík skoðun skal framkvæmd af manni sem hefur fullnægjandi þekkingu á gerð, notkun og viðhaldi byssunnar. Naglabyssa skal strax tekin úr notkun ef bilun, sem dregur úr öryggi hennar, kemur í ljós. Byssuna má ekki taka aftur í notkun fyrr en bilunin hefur verið lagfærð. | **Verkstæði** – skoðun og skráning (slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – skoðun og skráning (slysahætta). |
| **Viðauki** | Höggprófun | **Verkstæði** – viðurkenning og prófanir (slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – viðurkenning og prófanir (slysahætta). |

Reglur þessar gilda um handstýrðar heftibyssur.

**Skilgreiningar:**
Í reglum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Heftibyssa: Skotverkfæri sem skýtur inn hefti, nagla eða þess háttar hlutum með öðrum aflgjafa en sprengihleðslu.
Hámarksþyngd: Þyngd heftibyssu með fullu hleðsluhylki af þyngstu gerð ásamt endurkastshlíf eftir því sem við á.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **3. – 7. gr.**<br>**Gerð heftibyssu** | Í greinum 3 til 7 er gerð krafa um almenna gerð heftibyssu, gikk, handfang og endurkastshlíf. | **Verkstæði** – handverkfæri (útlimaslys, augnslys), hlífðarbúnaður (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – handverkfæri (útlimaslys, augnslys), hlífðarbúnaður (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta). |
| **8. – 14. gr.**<br>**Notkun** | Auðskildar leiðbeiningar á íslensku um notkun, meðferð og viðhald skulu fylgja með heftibyssu frá framleiðanda eða innflytjanda. Atvinnurekandi, eigandi, sá sem leigir út heftibyssu eða eftir atvikum leigutaki skal sjá til þess að starfsmenn, sem eiga að vinna með henni, hafi til þess fullnægjandi kunnáttu, þekki rétt vinnubrögð og þá slysahættu sem fylgir notkun hennar.<br>Sá einn hefur rétt til að nota heftibyssu sem er orðinn fullra 18 ára. Notkun heftibyssu, sem gerð er til þess að skjóta heftum, sem eru 0,3 grömm að þyngd eða léttari, er þó ekki háð þessum aldurstakmörkum (sbr. ennfremur 4. gr). Nemar, sem orðnir eru fullra 16 ára, hafa rétt til að nota heftibyssu, þegar vinna með henni er liður í námi þeirra og fer fram undir handleiðslu sérstaks leiðbeinanda (t.d. kennara eða iðnmeistara).<br>Atvinnurekandi, eigandi, sá sem leigir út heftibyssu eða eftir atvikum leigutaki skal sjá til þess að eftirlit og viðhald hennar sé fullnægjandi og að starfsmanni, sem er falið það starf, séu veittar þær leiðbeiningar, áhöld og tími sem nauðsynlegur er.<br>Aðeins má nota í heftibyssu hefti og nagla sem eru ætluð fyrir og passa í byssuna og fyrir það verk sem framkvæma á með henni. Velja skal heftibyssu og nota þær vinnuaðferðir sem henta best hverju sinni með tilliti til öryggis og hagkvæmni fyrir það verk sem vinna skal. Heftibyssu má ekki miða eða beina að mönnum.<br>Við vinnu með heftibyssu skal nota nauðsynlegar persónuhlífar og hlífðarbúnað eftir því sem við á.<br>Þegar skotið er úr heftibyssu þá skal ef þörf krefur koma fyrir aðvörunarskiltum á hentugum stöðum til að draga úr slysahættu. | **Verkstæði** – handverkfæri (útlimaslys, augnslys), hlífðarbúnaður (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta), leiðbeiningar (slysahætta), merkingar (slysahætta).<br><br>**Stál- og steypuvirki** – handverkfæri (útlimaslys, augnslys), hlífðarbúnaður (slysahætta), persónuhlífar (slysahætta), leiðbeiningar (slysahætta), merkingar (slysahætta). |

Með reglunum er leitast við að tryggja næga þekkingu, þjálfun og öryggi í meðferð vinnu- og farandvéla, sem upp eru taldar í 3. gr. og reglur þessar taka til.

Þessum reglum hefur verið breytt með reglum nr. 24/1999, 816/2000 og 883/2002. Þessar breytingar eru hluti af greiningunni.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **2. gr.** | Þeir einir mega stjórna vinnuvélum sem til þess hafa öðlast réttindi skv. 2. mgr. Sá einn getur öðlast réttindi til að stjórna vinnuvélum samkvæmt reglum þessum, er uppfyllir eftirtalin skilyrði:<br><br>a. Er fullra 17 ára.<br>b. Hefur ökuréttindi á bifreið.<br>c. Hefur lokið tilskildu námi og þjálfun, sbr. 3., 5. og 6. grein. | **Vinnuvélar** - réttindi |
| **3. gr.** | Náms- og þjálfunarkröfur miðast við stærð og gerð viðkomandi vinnuvéla. Í greininni eru taldar upp þær vélar þar sem sækja þarf:<br><br>A. Frumnámskeið.<br>B. Grunnnámskeið.<br>C. Framhaldsnámskeið<br><br>Fjallað er um náms- og þjálfunarkröfur fyrir þessa flokka. | **Vinnuvélar** - réttindi |
| **4. gr.** | Verði nýjar gerðir vinnuvéla, sem ekki eru tilteknar í reglum þessum teknar í notkun, skal stjórn Vinnueftirlits ríkisins ákveða, hvaða náms- og þjálfunarkröfur gera skal til stjórnenda þeirra. | **Vinnuvélar** - réttindi |
| **5. gr.** | Fjallað er um skilyrði fyrir inntöku á námskeið.<br><br>Til að öðlast réttindi til stjórnunar vinnuvéla, er reglur þessar taka til, þarf verklega þjálfun auk bóklegs náms skv. 3. grein, og er óheimilt að veita verklega kennslu öðrum en þeim, er því námi hafa lokið með fullnægjandi árangri. Verklega þjálfun má hefja hjá vinnuveitanda á síðustu þremur mánuðum fyrir 17 ára aldur. Einnig er heimilt að veita þeim sem eru fullra 16 ára verklega þjálfun fari hún fram á námskeiðum skv. 3. gr. | **Vinnuvélar** - réttindi |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **6. gr.** | Verklega kennslu annast þeir, sem til þess hafa sérstök kennsluréttindi, er Vinnueftirlit ríkisins veiti.<br><br>Umsækjandi um kennsluréttindi þarf að hafa fullgild starfsréttindi skv. reglum þessum og a.m.k. 1000 klst. starfsreynslu á tæki því er kennsluréttindin ná til.<br><br>Verkleg kennsla skv. ákvæðum þessarar greinar má ekki fara fram þar sem margir menn eru að störfum eða þar sem slysahætta getur stafað af kennslunni. Kennari skal ávallt vera til staðar er nemandi er við verkþjálfun, þannig að hann geti leiðbeint honum og gripið inn í störf hans. | **Vinnuvélar** - réttindi |
| **7. gr.** | Þegar nemandi hefur lokið námi og verklegri þjálfun skv. reglum þessum skal senda Vinnueftirliti ríkisins umsókn um próftöku.<br>Í greininni er tiltekið hvað skuli fylgja slíkri umsókn. | **Vinnuvélar** - réttindi |
| **8. gr.** | Standist umsækjandi verklegt próf skv. 7. gr. gefur Vinnueftirlitið út skírteini því til staðfestingar. Í greininni kemur fram hvað skuli koma fram í slíku skírteini.<br><br>Stjórnandi vinnuvélar skal hafa skírteinið tiltækt og framvísa því ef löggæslumaður eða eftirlitsmaður Vinnueftirlits ríkisins óska þess.<br>Skírteinið gildir þar til handhafi þess verður 70 ára en þá getur hann endurnýjað það í 3 ár í senn. Með umsókn um endurnýjun skal fylgja læknisvottorð skv. 7. gr.<br><br>Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skulu þeir, sem hafa réttindi til að stjórna krana í flokkum A, B, D eða P, leggja fram vottorð læknis á 10 ára fresti um að heilsa þeirra uppfylli öryggiskröfur, sbr. ákvæði 7. gr.<br><br>Réttindaflokkar eru skilgreindir í viðauka I | **Vinnuvélar** - réttindi |
| **9. gr.** | Enginn má neyta áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja við vinnu með tækjum þeim, sem reglur þessar ná til sbr. 25. og 25. grein umferðarlaga, nr. 55/1981.<br><br>Verði stjórnandi vinnuvélar, sem reglur þessar ná til uppvís að vítaverðri óaðgæslu eða kæruleysi við stjórnun á vinnuvél getur Vinnueftirlit ríkisins að undangenginni rannsókn svipt hann rétti til að vinna með slíku tæki. | **Vinnuvélar** - réttindi |
| **10. gr.** | Reglur þessar hagga í engu réttindum þeirra, er við útgáfu þeirra hafa notið fullgildra réttinda til stjórnunar vinnuvéla.<br><br>Þeir, er við gildistöku reglna þessara hafa lokið prófi frá námskeiðum Vinnueftirlit ríkisins og Öryggiseftirlits ríkisins í meðferð og stjórnun vinnuvéla, en eigi lokið verklegu prófi, hafa rétt til að gangast undir verklegt próf, án frekari námskeiðssetu. | **Vinnuvélar** - réttindi |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **11. gr.** | Brot gegn reglum þessum varða sektum nema þyngri hegning liggi við lögum samkvæmt. Með mál út af brotum á reglum þessum skal farið að hætti opinberra mála. Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. mgr. 49. gr. laga nr. 46 18. maí 1980 og staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. október 1983. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 121/1967 um réttindi til vinnu og meðferðar á vinnuvélum svo og reglugerð nr. 439/1978 um breytingu á þeirri reglugerð.<br><br>Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnu-eftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 49. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eru hér með staðfestar og öðlast þegar gildi. | **Vinnuvélar** - réttindi |
| **VIÐAUKI I** | Skilgreining á réttindaflokkum í vinnuvélaskírteini.<br><br>A. Staðbundnir kranar, byggingarkranar.<br>B. Farandkranar stærri en 18 tm.<br>C. Brúkranar.<br>D. Kranar minni en 18 tm.<br>E. Gröfur þyngri en 4.000 kg.<br>F. Hjólaskóflur.<br>G. Jarðýtur.<br>H. Vegheflar.<br>I. Dráttarvélar og minni jarðvinnuvélar.<br>J. Lyftarar með allt að 10 t lyftigetu.<br>K. Lyftarar með meira en 10 t lyftigetu.<br>L. Valtarar.<br>M. Malbikunarvélar.<br>P. Hleðslukranar minni en 18 tm | **Vinnuvélar** - réttindi |

**Skilgreiningar:**

Með starfsmannabústöðum er í reglugerð þessari átt við varanlegt íbúðarhúsnæði, sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar starfsfólks í tengslum við atvinnustarfsemi.

Með starfsmannabúðum er í reglugerð þessari átt við færanlegt húsnæði til svefns, matar og daglegrar dvalar starfsfólks vegna atvinnustarfsemi utan þéttbýlis.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **IV. Kafli – Starfsmannabústaðir 4 – 15. gr.** | Gerðar eru almennar lágmarkskröfur um aðbúnað starfsmannabústaða eins og t.d;<br>1. að haldið sé við skólpræsum, salernisskálum, handlaugum, baðtækjum og eldhúsvöskum þar sem slíkt á við,<br>2. Að allar innanhússlagnir frárennslis séu í góðu lagi,<br>3. hæfileg birta sé til staðar,<br>4. að herbergi séu vel rakavarin,<br>5. að þeir séu í hæfilegri fjarlægð frá starfsstöð,<br>6. að mötuneyti eða aðstaða til matargerðar sé fullnægjandi,<br>7. að reykskynjari sé til staðar í hverju herbergi,<br>8. að hægt sé að hengja upp og þurrka vinnufatnað. | **Vinnubúðir** – aðbúnaður og hollustuhættir (almenn aðstaða starfsmanna). |
| **V. Kafli – Starfsmannabúðir 16 – 21. gr.** | Gerðar eru lágmarkskröfur um starfsmannabúðir, eins og t.d.;<br>1. Starfsmannabúðir má ekki setja niður nærri ám eða vötnum,<br>2. Þar sem holræsi er ekki fyrir hendi, sem hægt er að leiða í fljótandi úrgang frá húsi, skal gera rotþró og ganga þannig frá henni að hún valdi ekki óþrifnaði eða óhollustu,<br>3. fjallað er um lofthæð og stærð gólfflatar,<br>4. Starfsmannabúðum skal komið tryggilega fyrir. Þær skulu vera traustar, vind- og vatnsþéttar og einangraðar gegn kulda svo sem gerist um íbúðarhús. | **Vinnubúðir** – aðbúnaður og hollustuhættir (almenn aðstaða starfsmanna). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **1. gr.** | Í fyrirtækjum þar sem eru 1-9 starfsmenn skal atvinnurekandi og/eða verkstjóri hans stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað í nánu samstarfi við starfsmenn fyrirtækisins og félagslegan trúnaðarmann þeirra, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.<br><br>Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur þó ákveðið, ef þurfa þykir, að fyrirkomulag það sem um ræðir í 2. gr. gildi einnig fyrir starfshópa sem getið er í þessari grein þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, sbr. til dæmis 40. og 44. gr. laga nr. 46/1980. | **Allir flokkar** þar sem starfsmenn eru færri en 10. |
| **2. gr.** | Í fyrirtækjum þar sem eru 10 starfsmenn eða fleiri skal atvinnurekandi tilnefna af sinni hálfu öryggisvörð og starfsmenn skulu kjósa úr sínum hópi öryggistrúnaðarmann. | **Allir flokkar** þar sem starfsmenn eru 10 eða fleiri. |
| **3. gr.** | Í fyrirtækjum þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa.<br><br>Báðir fulltrúar atvinnurekanda í öryggisnefnd teljast öryggisverðir og báðir fulltrúar starfsmanna öryggistrúnaðarmenn.<br>Sé starfsmannafjöldi sveiflukenndur skal miðað við meðalfjölda næsta árs á undan en tillit þó tekið til aukningar eða minnkunar á umsvifum fyrirtækisins.<br><br>Kosning og tilnefning fulltrúa í öryggisnefnd skal, eftir því sem kostur er, vera með þeim hætti að fulltrúarnir hafi í sínum daglegu störfum yfirsýn yfir sem mestan hluta starfseminnar og/eða að þeir séu til staðar svo mikinn hluta starfstímans sem kostur er. | **Allir flokkar** þar sem starfsmenn eru 50 eða fleiri. |
| **4. gr.** | Fari starfsemi fyrirtækisins fram í sjálfstæðum starfseiningum eða útibúum þannig að ætla megi að öryggisnefnd fyrirtækisins hafi ekki nægilega yfirsýn yfir starfsemina, geta atvinnurekandi og þeir aðilar sem undirbúa kosningu fulltrúa starfsmanna sbr. 7. gr., gert með sér samkomulag um að fyrirkomulag samkvæmt 1.-3. gr. reglna þessara skuli viðhaft í einstökum starfseiningum eða útibúum. | **Allir flokkar.** |
| **5. gr.** | Á vinnusvæði þar sem meiriháttar verklegar framkvæmdir með aðild fleiri en eins verktaka standa yfir, svo sem virkjanaframkvæmdir og bygging stóriðjuvera, skal skipuð sérstök öryggisnefnd svæðisins með aðild öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna hinna einstöku verktaka og annarra aðila eftir því sem ástæður þykja til. Aðilar sem undirbúa kosningar meðal starfsmanna, sbr. 7. gr., og hlutaðeigandi atvinnurekendur skulu gera með sér samkomulag um skipan öryggisnefndarinnar. | **Allir flokkar.** |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **6. gr.** | Atvinnurekandi tilnefnir fulltrúa sína úr hópi stjórnenda fyrirtækisins. Tilnefningin skal að jafnaði vera til tveggja ára í senn, sbr. 4. mgr. 8. gr. | **Allir flokkar.** |
| **7. gr.** | Félagslegir trúnaðarmenn starfsmanna eða trúnaðarmenn viðkomandi stéttarfélaga skulu sjá um undirbúning og framkvæmd kosninga fulltrúa starfsmanna. Sá framangreindra aðila sem frumkvæði hefur skal tilkynna hinum aðilanum um fyrirætlanir sínar. | **Allir flokkar.** |
| **8. gr.** | Í greininni er fjallað um framkvæmd kosningar öryggistrúnaðarmanna og fulltrúa starfsmanna í öryggisnefnd, hverjir séu kjörgengir, hverjir hafi kosningarétt og til hvaða tíma kosning fulltrúa starfsmanna sé. | **Allir flokkar.** |
| **9. gr.** | Fjallað er um tilkynningaskyldu atvinnurekanda gagnvart Vinnueftirliti ríkisins um öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn. Þeir sem undirbúa kosningu fulltrúa starfsmanna, sbr. 7. gr., skulu tilkynna viðkomandi stéttarfélögum um sömu aðila. | **Allir flokkar.** |
| **10. gr.** | Öryggisnefnd kýs sér sjálf formann og ritara til eins árs í senn og skulu þeir til skiptis vera úr röðum fulltrúa atvinnurekanda og starfsmanna. | **Allir flokkar.** |
| **11. gr.** | Fjallað er um fundartíðni öryggisnefndar, fyrirkomulag fundarboðunar, hvernig setja skuli mál á dagskrá, hlutverk nefndarinnar og hvernig leysa skuli ágreining sem upp kann að koma innan nefndarinnar. | **Allir flokkar.** |
| **12. gr.** | Öryggisnefnd skal halda gerðarbók. Til bókar skal færa þau atriði sem tekin eru upp í nefndinni svo og allar ákvarðanir.<br>Starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins skal heimill aðgangur að gerðarbókum öryggisnefnda enda séu þeir háðir þagnarskyldu, sbr. 83. gr. laga nr. 46/1980. | **Allir flokkar.** |
| **13. gr.** | Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður fylgjast í samvinnu með því að aðbúnaður, hollustu-hættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög nr. 46/1980, reglugerðir og reglur sam-kvæmt þeim og að fylgt sé fyrirmælum Vinnu-eftirlits ríkisins sem gefin eru á grundvelli laganna. Þeir skulu fara eftirlitsferðir um vinnusvæði fyrirtækisins svo oft sem þurfa þykir.<br><br>Í greininni er tekið fram hvað þeir skuli skoða í eftirlitsferðum. | **Allir flokkar.** |
| **14. gr.** | Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir skulu auk almennra eftirlitsstarfa samkvæmt ákvæðum þessara reglna vinna að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum fyrirtækisins og skulu fylgjast með því að ráðstafanir á þessu sviði komi að tilætluðum notum.<br><br>Fjallað er um það í greininni hvað skylt sé að skýra öryggistrúnaðarmanni og öryggisverði frá s.s. vinnuslysum, atvinnusjúkdómum og óhöppum, niðurstöðum mælinga og rannsókna á hollustuháttum og öryggi, bilunum, áformum um meiriháttar framkvæmdir eða aðrar þær breytingar á rekstri fyrirtækisins sem áhrif geta haft á starfsumhverfi o.s.frv..<br><br>Skal áðurnefndum aðilum sérstaklega gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um öll þau atriði sem nefnd eru í 13. og 14. gr. Sama gildir um heilsuvernd starfsmanna, sbr. XI. kafla laga nr. 46/1980. | **Allir flokkar.** |
| **15. gr.** | Í greininni er fjallað um hvaða mál öryggisnefndir skulu taka til umfjöllunar. | **Allir flokkar.** |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **16. gr.** | Telji starfsmaður að á vinnustað sé tiltekin slysa- eða sjúkdómshætta skal hann þegar í stað koma ábendingum þar að lútandi á framfæri við öryggisvörð og öryggistrúnaðar-mann og skulu þeir í sameiningu gera ráðstafanir til að bægja hættunni frá. Telji starfsmaður að viðhlítandi ráðstafanir séu ekki gerðar skal hann vísa málinu til umfjöllunar öryggisnefndar fyrirtækisins, sé hún fyrir hendi, en ella til Vinnueftirlits ríkisins. | **Allir flokkar.** |
| **17. gr.** | Fjallað er um skyldur atvinnurekanda og starfsmanna sem falin hefur verið verkstjórn, öryggisvarsla eða öryggistrúnaðarstarf verðu ljóst að skyndilega hafi upp komið bráð hætta á heilsutjóni eða vinnuslysum starfsmanna á vinnustað.<br><br>Aðgerðir samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar gera þá aðila sem að ofan greinir ekki ábyrga fyrir því tjóni sem fyrirtækið kann að verða fyrir vegna fráhvarfa starfsmanna af vinnustað þar sem hið bráða hættuástand var talið ríkja eða stöðvunar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.<br><br>Vinnueftirliti ríkisins skal gert aðvart svo fljótt sem verða má og skal það umsvifalaust senda fulltrúa sinn á staðinn til að meta ástand og kringumstæður og til að úrskurða um hvort starfsemin skuli stöðvuð áfram og um nauðsynlegar úrbætur sem gera þarf til þess að starfsemin og vinnustaðurinn teljist hættulaus. | **Allir flokkar.** |
| **18. gr.** | Atvinnurekandi skal tryggja að samstarf um öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti samkvæmt reglum þessum geti orðið sem best og tekur þátt í samstarfi um þessi mál. Er honum skylt, ef hann er ekki í öryggisnefnd, að skipa í sinn stað aðila með fullu umboði.<br>Starfsmönnum er skylt að taka þátt í samstarfi samkvæmt reglum þessum. | **Allir flokkar.** |
| **19. gr.** | Í greininni er fjallað um skyldur atvinnurekandi gagnvart þeim sem eru kjörnir til að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað varðandi tíma til að gegna skyldum sínum, tækifæri til menntunar varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.<br><br>Atvinnurekandi skal skýra öryggistrúnaðar-mönnum frá fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins og skulu öryggistrúnaðarmenn eiga aðgang að eftirlitsbók og öðrum gögnum er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, sbr. 88. gr. laga nr. 46/1980. | **Allir flokkar.** |
| **20. gr.** | Öryggistrúnaðarmönnum, öryggisvörðum og fulltrúum í öryggisnefnd er óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar sem þeir fá vegna trúnaðarstarfa sinna ef upplýsingarnar varða:<br><br>a) persónulega hagi einstakra starfsmanna eða stjórnenda.<br>b) tæknibúnað, framleiðsluhætti eða viðskiptahagsmuni.<br><br>Óheimilt er ennfremur að láta þriðja aðila í té afrit af eða upplýsingar um innihald skýrslna um vinnuslys eða atvinnusjúkdóma.<br><br>Þó er heimilt að gera frávik frá þagnarskyldu, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, með samþykki hlutaðeigandi aðila þegar slík frávik eru talin nauðsynleg til þess að vara megi starfsmenn eða stjórnendur við slysa- eða sjúkdómshættu. | **Allir flokkar.** |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **21. gr.** | Atvinnurekandi ber kostnað vegna starfs að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi og bætir þeim sem að því vinna tekjutap sem af kann að hljótast, sbr. 9. gr. laga nr. 46/1980. | **Allir flokkar.** |
| **22. gr.** | Öryggistrúnaðarmenn og fulltrúar starfsmanna í öryggisnefnd njóta þeirrar verndar sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. | **Allir flokkar.** |

Þessi reglugerð er fallin úr gildi að frátöldum III. kafla gr. 22-30 sem fjallar um verkpalla úr timbri.

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **22. gr.** | Þeim einum má fela að hafa umsjón með því að setja upp, taka niður eða breyta verkpalli verulega sem til þess hefur næga þekkingu og gerir sér ljósa ábyrgð sem því verki fylgir. Honum til aðstoðar skal velja samviskusama og ábyggilega menn, sem æfingu hafa í slíku starfi.<br><br>Verktaki eða ábyrgur fulltrúi hans skal rannsaka að það efni sem notað í er í verkpall sé heilt og ógallað. Hann skal að staðaldri fylgjast með vali efnisins svo og á hvern hátt verkpallur sé settur upp, hvernig honum er haldið við og að burðarþoli hans sé ekki ofboðið í notkun. | **Verkstæði** - vinnupallar inni á verkstæði (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |
| **23. gr.** | Allar tegundir verkpalla, gangbrýr, stigar, vinnugólf (fjalagólf í verkpöllum) skal vera vandað í uppsetningu og hafa nægan styrkleika til að geta örugglega þolað það álag sem vænta má að það verði fyrir. Þessu skal haldið við á tilhlýðilegan hátt og þess jafnan gætt að það sé notað á viðeigandi hátt. Þegar slíkt er sett upp, tekið niður eða breytt skal gæta tilhlýðilegrar varúðar og gera þær öryggisráðstafanir sem kringumstæður kunna að krefjast. | **Verkstæði** - vinnupallar inni á verkstæði (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |
| **24. gr.** | Viður sem notaður er í verkpalla eða verkpallahluta skal vera afbarkaður, af góðri tegund og óskemmdur. Ekki mega vera í honum skaðlegir kvistar, rifur eða aðrir gallar sem draga úr styrkleikanum. Nota má einungis ferkantaða nagla. Lengd nagla má vera minnst 2,5 sinnum minnsta þykkt efnis í samskeytum.<br><br>Bolta úr steypujárni má ekki nota og samsoðna bolta má einungis nota að undangenginni prófun. | **Verkstæði** - vinnupallar inni á verkstæði (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |
| **25. gr.** | Allt efni sem nota á í verkpalla skal vera geymt á sérstökum stað, greinilega aðskilið frá efni sem ekki telst vera nothæft í verkpalla. | **Verkstæði** - vinnupallar inni á verkstæði (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **26. gr.** | Ef lyftitæki er komið fyrir á verkpalli skal gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja það að verkpallurinn hafi nægan styrk og stöðugleika. Í slíkum tilfellum skal reikna með því að verkpallurinn þurfi að þola högg frá lyftitækinu umfram hinn stöðuga þunga. | **Verkstæði** - vinnupallar inni á verkstæði (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |
| **27. gr.** | Hafi verkpallurinn ekki verið notaður um skeið en svo ákveðið að taka hann í notkun á ný skal hann áður vandlega yfirfarinn og það lagfært sem lagfæringar kann að þarfnast.<br><br>Þegar verkpallur er tekinn niður skal allt timbur hans naglhreinsað og öll samskeyti losuð í sundur. Jafnframt skal fjarlægja allt það af efninu sem einhverjar veilur sjást á. Skal slíkt útkast greinilega merkt sem ónothæft verkpallaefni. | **Verkstæði** - vinnupallar inni á verkstæði (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |
| **28. gr.** | Á stöðum þeim sem um getur í 10. gr. skulu á öllum verköllum sem eru í 4 m hæð frá jörðu eða meira, vera hlífðarþök, sjá þó undantekningar-ákvæði síðustu mgr. 10. gr.<br><br>Í greininni er fjallað um gerð hlífðarþaka, stærð og halla. | **Verkstæði** - vinnupallar inni á verkstæði (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |
| **29. gr.** | Byggingarpallar mega ekki án samþykkis Öryggiseftirlitsins vera hærri en 30 m. | **Verkstæði** - vinnupallar inni á verkstæði (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |
| **30. gr.** | Ekki má leggja meiri þunga á verkpall en hann er gerður fyrir. Í eftirfarandi greinum er gefinn leyfilegur þungi á mismunandi gerðir verkpalla og hvernig verkpallar þessir skulu gerðir.<br><br>Í greininni er fjallað ítarlegar um leyfilegt álag á verkpalla. | **Verkstæði** - vinnupallar inni á verkstæði (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **31. gr.** | Skilgreining á mælieiningum fyrir fjarlægðir, timbur, saum, bolta, pípur, sívalt járn, stálþráð og prófíljárn. | **Verkstæði** - vinnupallar inni á verkstæði (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |
| **32. gr.** | Verkpallar 1. Fjallað er um mismunandi gerðir af verkpalli 1. | **Verkstæði** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |
| **33. gr.** | Fjallað er um verkpalla samkvæmt M 1 í gr. 32. gerð hans og breidd, skorðun stoða, langbönd, þverbita og verkpallsgólf. | **Verkstæði** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |
| **34. gr.** | Fjallað er um verkpalla samkvæmt M 2 í gr. 32. | **Verkstæði** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |
| **35. gr.** | Verkpallar 2. Fjallað er um aðra gerð verkpalla, | **Verkstæði** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **36. gr.** | Fjallað er um gerð verkpalls D í gr. 32. | **Verkstæði** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |
| **37. gr.** | Sé þess óskað að gera verkpall úr timbri á annan hátt en mælt er fyrir um í 33. til 36. gr. skal til þess fá heimild Öryggiseftirlitsins. | **Verkstæði** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |
| **38. gr.** | Lyftingarturnar. | **Verkstæði** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |
| **39. gr.** | Stigaverkpallar. | **Verkstæði** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |
| **40. gr.** | Fjallað er um gerð verkpalla fyrir vinnu innanhús skv. 32. gr. H-lið. | **Verkstæði** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Stál og steypuvirki** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð).<br><br>**Jarðgangnagerð** - vinnupallar (fallhætta, hlutir falla á fólk, eða fólk fellur úr hæð). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **1. gr.** | Salarkynni, þar sem fram fara viðgerðir á bifreiðum eða farandvélum, sem knúnar eru bensín- eða olíuhreyfli, svo sem skurðgröfum, dráttarvélum, krönum, jarðýtum og öðrum jarðvinnsluvélum, skulu, eftir því sem frekast verður við komið, vera í sérstökum húsum, sem ekki eru notuð til annars.<br><br>Ef slík salarkynni eru þó í húsi, sem einnig er notað til annarrar starfrækslu, eða geymslurúm eru aðliggjandi, skal á fulltryggan hátt þannig frá gengið, að frá þeim geti ekki borist gas eða eimur til aðliggjandi herbergja. | **Verkstæði -** afgirðing og lokun rýma (mengun á milli svæða/rýma). |
| **2. gr.** | Gólf skulu hafa hæfilegan rennslishalla að niðurfalli skólplagnar eða safnþróar. Til þess að koma í veg fyrir hálku á gólfum, skal þeim haldið hreinum eftir því sem föng eru á, og skal viðkomandi verkamanni skylt að hreinsa strax upp af gólfi það, sem hann kann að missa niður á það, svo sem olíu, feiti og annað, sem veldur óþrifnaði og dregur úr umferðaröryggi.<br><br>Eftir föngum skal þess gætt, að hæfilegar gangbrautir séu milli tækja þeirra, sem til viðgerðar eru á verkstæðinu, og ekki mega verkamenn að óþörfu leggja frá sér verkfæri og vélahluta á umferðaganga.<br><br>Frá stað þeim, sem verkamenn eru við vinnu, skal jafnan vera greiður gangur til aðaldyra eða varaútgöngudyra. | **Verkstæði -** gólfefni og halli gólfa (slysahætta vegna sleipu, uppsöfnun hættulegra efna), aðgengi (umferðargangar /vinnusvæði slysahætta). |
| **3. gr.** | Ef vinnugryfja er í gólfi, skal greitt frárennsli vera frá henni. Ekki má maður vera niðri í gryfjunni meðan bifreið eða öðru tæki er komið fyrir yfir henni, og ekki má staðsetja slík tæki þannig yfir gryfjunni, að uppganga úr henni torveldist.<br><br>Niður í vinnugryfju skulu vera góðar tröppur og skal verkamönnum skylt að gæta þess að leggja ekki frá sér verkfæri eða annað þannig í tröppurnar, að umferð um þær torveldist. | **Verkstæði** - vinnugryfjur (loftmengun, uppsöfnun hættulegra efna, slysahætta). |
| **4. gr.** | Auk dyra þeirra, sem bifreiðum eða vélum er ætlað að fara um, skulu á hverju bifreiðaverkstæði vera að minnsta kosti einar varaútgöngudyr.<br><br>Hurðir skulu opnast út, en þó má hafa rennihurðir í umferðadyrum fyrir bifreiðar, en þá skulu vera á þeim litlar dyr, nægilega stórar til þess að maður geti greiðlega farið um þær, og á þeim hurð, sem opnast út. Ef umferðadyr fyrir bifreiðar eru margar hlið við hlið, þurfa fyrrnefndar dyr til mannaumferðar ekki vera nema á þriðju hverjum bifreiðaumferðadyrum. Hurðir á vara útgöngudyrum skulu opnast út og læsing þeirra þannig fyrir komið, að þær verði auðveldlega opnaðar innan frá án sérstaks lykils. | **Verkstæði** - flóttaleiðir (eldsvoðar eða bráðamengun). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **5. gr.** | Um aðbúnað verkamanna innan fyrirtækis en utan vinnusala, svo sem aðgang að matstofum, fatageymslum, snyrtiklefum og salernum, skal fara eftir ákvæðum reglugerðar, sem sett verður um þessi atriði á vinnustöðum almennt. | |
| **6. gr.** | Sérhver vinnusalur í bifreiðaverkstæði skal hafa sérstakan loftræstibúnað, sem fjarlægir mengað loft og flytur ferskt loft inn í staðinn. Loftræsti-búnaði skal þannig komið fyrir, að óhreina loftið sé dregið út frá loftræstiopum uppi við loft og öðrum eigi ofar en 30 cm frá gólfi. Eru neðri opin sérstaklega ætluð til þess að leiða burt þungt brunagas, svo sem kolsýrling, auk ýmiss konar olíueims.<br><br>Göng eða op, sem leiða inn ferskt loft, skulu þannig staðsett, að loftið dreifist sem best um allan salinn og ekki sitji dautt loft í hornum eða krókum.<br><br>Pípur og göng til loftræstingar skulu vera nægilega víð. Þar sem pípur greinast, skal það gert með aflíðandi beygjum, en varast skörp horn og króka, Deiliop skulu vera á pípum og þeim þannig fyrir komið, að bæði útrásir og innrásir komi sem jafnast um allan salinn.<br><br>Ekki má nota sömu loftræstitækin til loftræstingar á bifreiðaverkstæði eða öðrum óskyldum vinnusölum.<br><br>Afrás fyrir mengað loft skal leidd undir bert loft, þannig að loft frá henni geti ekki borist til nálægra húsa eða herbergja. | **Verkstæði** - vinnugryfjur (loftmengun, uppsöfnun hættulegra efna), vinna í lokuðu rými (loftmengun, eituráhrif, útblástur farartækja og vinnuvéla, sprengihætta), loftræsting (loftmengun, uppsöfnun hættulegra efna). |
| **6. gr. frh.** | Ef vinnugryfja er í gólfi, skal afrás fyrir mengað loft vera niður við gólf hennar.<br><br>Ef hreyfill er látinn ganga inni lengur en nauðsynlegt er við að aka inn í verkstæðið eða út úr því, eða flytja tæki til innan verkstæðisins, skal útblásturspípa hreyfilsins tengd við stút á sogpípu loftræstibúnaðar.<br><br>Ræsibúnaði loftræstivéla skal þannig fyrir komið, að hægt sé að ræsa þær rétt við útgöngudyr.<br>Loftræstitæki bifreiðaverkstæðisins skulu vera það afkastamikil, að þau geti endurnýjað loft hvers vinnusalar að minnsta kosti fjórum sinnum á klukkustund. | **Verkstæði** - vinnugryfjur (loftmengun, uppsöfnun hættulegra efna), vinna í lokuðu rými (loftmengun, eituráhrif, útblástur farartækja og vinnuvéla, sprengihætta), loftræsting (loftmengun, uppsöfnun hættulegra efna). |

| Grein | Ákvæði | Tengsl við verkþætti |
|---|---|---|
| **7. gr.** | Lyftitæki öll skulu vera fulltraust og undir stöðugu eftirliti starfandi manna á verkstæðinu, sem öryggiseftirlitið samþykkir. Tækjum skal vel við haldið og þau tekin úr notkun, þegar er einhverra galla verður vart á þeim, þar til bætt hefur verið úr gallanum.<br><br>Ekki má vinna undir bifreið eða vél, sem að nokkru eða öllu leyti hvílir á lyftitæki, fyrr en settir hafa verið undir hana traustir stólar, sem tryggja það, að bifreiðin eða vélin geti ekki fallið þó að lyftitæki gefi sig.<br><br>Allir verkamenn eru persónulega skyldir að framfylgja ákvæðum þessum, og ber trúnaðarmanni verkamanna að vaka yfir því að svo sé gert.<br><br>Undanskilin ákvæði þessu er þó vinna undir bifreiðum, sem standa á lyftum í smurningsstöðvum. | **Verkstæði** - hífingarbúnaður, kranar og stroffur (fallslys, slit, klemmur, áverkar), hlaupakettir (slysahætta, fallslys, árekstrarslys). |
| **8. gr.** | Þurfi verkamaður að vinna sitjandi eða liggjandi undir bifreið eða vél, skal honum látinn í té pallur, fleki eða teppi til að hvíla á, til varnar raka og kulda. | **Verkstæði** - ástand vinnusvæða. |
| **9. gr.** | Bensín eða aðra eldfima vökva, sem notaðir eru til þvotta eða á blásturseða lóðlampa, skal geyma í sprengitryggum brúsum. Ekki má geyma meira en dagsforða í einu á vinnustað og aldrei meira en 30 lítra. Yfirleitt skal forðast eftir megni að geyma slíka vökva inni á verkstæði.<br><br>Í hverjum vinnusal skal vera járnker til þess að fleygja í olíublautum tuskum og tvisti.<br><br>Eldslökkvitæki skal vera á aðgengilegum stað í hverjum vinnusal. | **Verkstæði** - hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu), geymsla hættulegra efna, eldvarnir (slysahætta). |
| **10. gr.** | Á áberandi stað í hverjum vinnusal skal vera spjald, sem varar menn við kolsýrlingseitrun, svo og hvað gera beri, ef menn verða fyrir slíkri eitrun. Lætur öryggiseftirlitið í té slík spjöld endurgjaldslaust.<br><br>Kassa með nauðsynlegum lyfjum og umbúðum til bráðabirgðahjálpar skal hafa á aðgengilegum stað á hverju bifreiðaverkstæði. | **Verkstæði** - hættuleg efni skv. 236/1990 (loftmengun, augnskaði, eituráhrif, krabbameinsvaldandi efni, húðbruni, erting og önnur óæskileg áhrif á heilsu). |
| **11. gr.** | Bifreiðaverkstæði, sem til eru þegar reglugerð þessi gengur í gildi, þurfa ekki að hlíta ákvæðum hennar varðandi hollustuhætti og þá sérstaklega að því er varðar frárennsli á gólfum og vinnugryfjum loftræstibúnað og frágang dyra og hurða, enda verði slíku ekki komið við án mikils tilkostnaðar eða vegna annarra örðugleika. Í slíkum tilfellum skulu eigandi verkstæðis eða fulltrúi hans, öryggismálastjóri og öryggis-eftirlitsmaður ráðgast um lausn málsins, og skal þá leitast við að finna hagkvæmustu leið til að bæta úr því, sem kann að þykja ábótavant. | **Verkstæði** - ástand vinnusvæða. |